



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu
[1885-1969]**



1885.

Nr. 1

Bær í Kjós

Landamerkjaleið í kringum Bæjarland í Kjós er uppskrifað eptir þar uppöldum Jarðarabúanda Ólafi jónssyni; byrjast við Dælisá beint í Grástein, úr honum beint uppí Múlápúfu, svo þaðan upp miðjan múla í Nonskarð, svo eptir sem vötnum hallar norðvestur Sandfellin, frá þeim í Skorárupptök, svo ræður hún norðvestan meiginlandsins ofan með Krókshól, svo frá Skorá yfir miðjan Krókshól austur í Dælisá, svo ræður hún allt af að norðaustan upp til þess sem byrjað var. Slægjur og móskurður er innan þessara merkja.

Bæ skrifað í nóvember 1883 af

Br. Eynarssyni frá Meðalfellskoti.

1. Landamerkin milli Bæjar og Laxárness samþykkir Þórður Guðmundsson eigandi Laxárness.
2. Landamerki Bæar og Meðalf. samþykkja bræður tveir. Br. – F.M. Einarssynir
3. Landamerkjaleið milli Bæar og Eilífsdals er samþ. af parti eiganda og ábúenda Eilífsdals. Oddur Andrjesson.
4. Landamerki milli Bæar og Miðdala samþ. landeigandi og ábúandi. Erlindur Andrésson
5. Landamerkj. milli Bæar og Litlabæar samþ. eigandi og ábúandi Litlabæar Hafliði Þorsteinsson

Lesin á manntalsþingi að Reynivöllum hinn 4. júní 1885.



1885.

Nr. 2

Þorlaksstaðir í Kjós

Landamerkjaleið uppskrifuð eptir parti eiganda og ábúanda Eyjólfí Guðmundssyni á Þorlaksstöðum. Þorlaksstaðir eiga land innan eptirritaðra takmarka, frá Laxá neðan til úr Sjálfkvíafljóti upp eptir ásbrún í Prestsvörðu, þaðan uppí stóran stein austan á fjallsbrúninni, þaðan eptir sem vötnum hallar norður af, vestur háfjallið í vörðubrot uppundan vörðu hjalla, þaðan beint norður eður þvert yfir fjallið í vörðu á norðurbún fjallsins, síðan ofan fjallið eptir Kletta-ás þeim er liggur milli Hurðarbaks og Þorlaksstaða í vörðu á ásendunum, úr þeirri vörðu beint í Krossmarkaðan stein á Mjóabakka við Laxá, Eyngjar liggja frá þessum síðastnefndu merki upp með Laxá sunnan frammí svokallaðan Þorlaksstaða-ás innan áðurgreindra merkja,

Skrifaði í Octóber 1883 á Þorlaksstöðum

Br. Einarsson frá Meðalfellskoti

1. Landamerkin milli Þorlaksstaða og Eya í Kjós samþykkja ábúendur á Eyum. Guðni Guðnason og Ólafur Ólafsson
2. Sömuleiðis milli Þorlaksstaða og Hurðarbaks samþik ábuandi á Hurðarbaki Jón Guðlaugsson og sameigendur bræðurnir F.M. – Br. Einarssynir.

Lesin á manntalsþingi að Reynivöllum hinn 4. júní 1885.



1885.

Nr. 3

Skrá

yfir landamerki jarðarinnar Laxárnes í Kjós.

1. Milli Laxárness og Bæar – eru landamerki Lárjett lína dreigin millum ána Skorár og Dælisár yfir Krosshól þar sem hann er hæstur.
2. Millum Blöndholts og Laxárnes skiptir Skorá löndum alla leið frá landamerkjum Blöndholts og Litlabæar í sjó fram jafnt um flóð sem fjöru.
3. Millum Meðalfells og Laxárness skiptir löndum Dælisá frá ofangreindri línu (talin undir 1^{sta} tölulið) þar til hún (áin) rennur í ána Bugðu, þaðan Bugða til landamerkja Meðalfells og Káraness.
4. Millum Káranessanna (Káranes og Káraneskot) og Laxárness skiptir áin Bugða löndum alla leið frá landamerkjum Meðalfells og Káraness þar til hún Bugða rennur í Laxá.
5. Millum Valdastaða og Laxárness skiptir Laxá löndum frá því Bugða fellur í hana allt að landamerkjum Valdastaða og Neðra-Háls – Sömu leiðis þaðan
6. Millum Neðra-Háls og Laxárnes skiptir Laxá merkjum í sjó fram um flæði, á fjörunum og Laxvog eru merki milli Laxárness og Neðra-Háls úr miðju árminninu beina línu í Bollastaðsker, úr því beina línu í Maríusker að norðanverðu (norðurhorn þess). Alla laxveiði í Laxá frá Laxsefossi í sjó fram á Laxárnes að 1/3. Í öðrum ám og sjó, sem landið liggur að svo sem lög standa til.

Neðra-Hálsi 6. Marz 1885.

Þórður Guðmundsson eigandi Laxárness.

Samþykkt af eiganda Káraness Margrjeti Sigurðardóttur

Fyrir hönd jarðareiganda Bæar í Kjós Br. Einarsson frá Meðalfellsk.

Meðalfells og Laxárness landamerki samþykkja sameigendur Br. Einarsson og F.M.

Einarsson.

Laxanes og Blönduholt landamerki samþykki jeg G.P. Guðmundsson

Samþykkt fyrir hönd jarðarinnar Neðra-Háls af undirskrifuðum dómkirkjupresti.

Reykjavík 29. maí 1885

Hallgr. Sveinsson

Samþykkt fyrir hönd jarðarinnar Káraneskots af undirskrifuðum eiganda hennar.

Lykkju 30 maí 1885.

Bjarni Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Reynivöllum hinn 4. júní 1885.



1885.

Nr. 4

Landamerkjaskrá
Álfsnes í Kjós

Eg undirskrifaður Bjarni Jónsson núverandi eigandi jarðarinnar Álfsness með eyðiafbýlinu Gloru, er liggur í Kjalarneshreppi innan Kjósar- og Gullbringusýslu, lýsi því hjer með yfir: að eg samkvæmt konunglegu lagaboði um landamerki á jörðum frá 17. degi marzmán. 1882, skýri frá landmerkjum tjeðrar jarðar móts við lönd „Sundakots“, „Víðirness“, „Fitjakots“ og „Kollafjarðar“ land sem nú skal greina:

1. Móts við „Sundakot“:

Úr þúfu við sjáfarmál („Markapúfu“), er stendur neðst sunnanvert við Keldu úr „Fornugrófum“ beina sjónhending í „Fálkavörðu“, er stendur vestan á „Gloruholti“.

2. Móts við „Víðirnes“:

Frá „Fálkavörðu“ beint til austurs í „Markapúfu“ á „Gloruholti“; þaðan í sömu átt beint yfir mýrarsund og „smáholt“ í „Markastein“; og þaðan í sömu stefnu ofan til í „Selalæk“.

3. Móts við „Fitjakot“:

Ofan til úr „Selalæk“ beina sjónhending alla leið yfir bunguvaxinn neshrygg til landnorðurs í „Klapparstein“ að sunnanverðu við „Naustaneslæk“, sem liggur 20 föðmum austar en nýjustu Naustanesmógrafir 3: frá næstliðnu ári. Á þessum merkjamótum skulu hlaðast upp vörður úr grjóti með hæfilegu millibili til nákvæmari leiðbeiningar hlutaðeigendum framvegis.

4. Móts við „Fitjakot“ „Kollafjörð“:

Eptir miðjum Naustaneslæk, er ræður mörkum ofaní „Naustanesós“, er flæðir milli stóra og litla Naustanes í sjó fram. Sjór ræður mörkum að norðan og vestanverðu alla leið að áðurnefndri „Markapúfu“ við sjáfarmál með lögákveðnu fjörumáli.

Eptir 3. grein framannefndra laga ber sjerhverjum hlutaðeiganda að rita á merkjaskrá þessa samþykki sitt eða mótmæla merkjalýsingunni ef sá eða þeir annars þykjast hafa til þess gildar ástæður, sem gætu orðið teknar til greina við verulega skoðunargjörð.

Framannefndar merkjalýsingar eru samdar og skrásettar að Lykkju á Kjalarnesi 17. dag marzmánaðar 1885.

Álfsnesi 15. maí 1885

Bjarni Jónsson

Geir Zöega sem eigandi ½ Sundakots

Gróa Oddsdóttir sem eigandi ½ Sundakots

Sem eigandi Kollafjarðar er eg þessu samþykkur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reykjavík 16. Maí 1885

Eiríkur Briem

Í umboði eiganda Víðirness, Guðmundar Ólafssonar á Felli í Mýrdal, er eg undirskrifaður ábúandi jarðar þessarar samþykkur framangreindri merkjalýsingu. Árni Björnsson (hands.)

Lesin á manntalsþingi að Esjubergi 5. júní 1885.



1885.

Nr. 5

Skrá

yfir landamerki jarðarinnar Helgafells í Mosfellssveit.

1. Milli Helgafells og Hlaðgerðarkots úr næstum afskornu vallendisnefi við Skammadalslækinn neðan til við Suður-Reykjamógrafirnar, þaðan beina línu yfir austuröxlina á Helgafjalli; stefna þessi er á háöxlina vestan á Hrísrúarfjalli; helzt þessi lína alla leið í hánorður allt til þess hún sker Norður-Reykjaá við moldarbakka einn; á merkjalínu þessari eru hlaðnar vörður til skýringar.
2. Milli Helgafells og Hrísrúar ræður landamerkjum síðastnefnd á Norður-Reykjaá), fram að ármótum Köldukvíslar og Norður-Reykjaár, og þaðan Kaldakvísl ein áfram að Leirvogstungu landi.
3. Milli Helgafells og Leirvogstungu ræður Kaldakvísl merkjum fram í sjó um flóð við svokallaðan Skaftártunguenda.
4. Milli Helgafells og jarðarinnar Varmá – frá síðastnefndum Skaptártunguenda til suðurs – ræður Varmá merkjum allt uppað Skammadalslæk þar sem hann rennur í hana, og þaðan
5. Milli Helgafells og Suður-Reykja ræður Skammadalslækurinn merkjum alla leið til landnorðurs upp að fyrrnefndu Vallendisnefi.

Neðra-Hálsi 1. Oktbr 1884

Þórður Guðmundsson

Eigandi Helgafells

Finnbogi Árnason eigandi hálfra Suður-Reykja

Einar Þórðarson eigandi Hlaðgerðarkots.

Samþykkist að því er þjóðjarðirnar Varmá og Leirvogstungu snertir.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 29. apríl 1885

Kristján Jónsson

Sameigandi að hálfri Hrísrú samþykkur landamerkjunum Á. Thorsteinsson

Lesin á manntalsþingi að Lágafelli hinn 6. júní 1885.



1885.

Nr. 6

Máldagi.

Helgadalur Mosf.sv.

Við undirskrifaðir eigendur að jörðinni Helgadal í Mosfellssveit í Gullbringusýslu gjörum hjermeð kunnugt landamerki á tjeðri jörðu eftir þeirri ýtrustu upplýsingu, sem við höfum af mörgum mönnum nú lifandi og svo líka, sem nú eru dauðir. Enginn gamall skriflegur máldagi getur fundist fyrir jörðinni Helgadal.

Landamerkin byrja þá á nokkuð stórum steini skammt frá ánni fyrir norðan Vonda-skurð, sem ber með sjer merki af mönnum gjört; úr honum beina stefnu í Merkisteina sem kallaðir eru á Norðurfjalli og svo eftir vatnahalla í Stórhól, aftur úr honum suðvestur Grímmansfell í vörðu á vestri brún á Torfdalshrygg, sem hann er hæstur; aftur þaðan beina stefnu í Nóngil, þar í bergsnös hæst í því og svo eptir gilinu í ána, sem nefnd er upphaflega við landamerkin.

16. ágúst 1884.

Magnús Gíslason ^{Villinga}Ölfusvatni

Þorgeir Þórðarson Núpum

Ingimundur Gíslason Ölfusvatni

Ofanskrifuðum máldaga samþykkur Bjarni Eiríksson Finnbogí Árnason

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur fyrir þjóðjörðinni Þormóðsdal.

Halldór Jónsson

Lesin á manntalsþingi að Lágafelli 6. júní 1885.



Nr. 7

Sjá Ltr. F. 494, bls. 493

Lýsing á landamerkjum Kálfatjarnarkirkju eignar í Kjalarnesþingi

Kirkjan á heimaland allt með gögnum og gæðum til lands og sjáfar, Bakkaland, Borgarkotsland (hvorttveggja nú eyðijarðir) og Flekkuvík sömuleiðis með öllum gögnum og gæðum til lands og sjávar. En landamerki eru þessi: 1. milli Þórustaða og Norðurkots að sunnanverðu og Kálfatjarnar hinsvegar: Markklettur, sem er [... – ekkert framhald. Síða 8 er auð.]



Nr. 8

Landamerki

fyrir Melshús á Seltjarnarnesi, eru þessi sem hér greinir: Suðvestan ræður bein lína frá sjó, úr merkjasteini þeim sem stendur á sjávarbakkanum í merkjastein suðvestur af íbúðarhúsinu þaðan beina línu í merkjastein norðaustur af húsinu. Þaðan í merkjastein norður af húsinu, þaðan ræður vegur frá húsinu að merkjasteini sem stendur austar við veginn, frá honum sjónhendingu í Valshúsvörðu að grjótgarði þeim sem hlaðinn er fyrir landi jarðarinnar að norðvestan og ræður stefna grjótgarðsinsins til sjávar. Á alla framangreinda landamerkjasteina eru höggvir stafirnir: L. M.

Jörðinni fylgir hagaganga fyrir allar þær skepnur er hún ber, sömuleiðis vatnsbólið í „Sanitas“ og vegur til þess.

Með landamerkjabréfi þessu er úr gildi numið landamerkjabréf dags að Lambastöðum 5. marz 1890, og þinglesið á manntalsþingi 6. júní 1890.

Þessu til staðfestu undirritum við nöfn okkar í tveggja votta viðurvist.

Melshúsum 2. janúar 1910.

Ingjaldur Sigurðsson

Jón Jónsson Melshúsum

Vitundarvottar.

Einar G. Þórðarson

Ólafur Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps hinn 18 júní 1910 og ritaði etc.

Magnús Jónsson

Gjald 1 ein króna

greitt MJ

Framanrituð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir, þar sem þaug ræðir eru milli jarðanna Hrólfsskála og Melshúsa, samkvæmt landamerkjabréfi útgefnu 5. júní 1886, milli Hrólfsskála og Lambastaða

Hrólfsskála 18. maí 1911.

P. Sigurðsson Guðrún Sigurðardóttir

Aths. Gísli Guðmundsson

Framanskráðum landamerkjum er ég samþykkur að því er mér viðkemur að eignarbýli mínu Melstað.

Staddur í Melshúsum 29. maí 1911.

Eyjólfur Jóhannsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar:

Gísli Guðmundsson

Valgerður G. Pálmadóttir

Lesið á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps 10. júní 1911.

Magnús Jónsson



Nr. 9

Landamerkjabréf fyrir jörðina Fremra-Háls í Kjósarhreppi.

Ur gljúfrinu á sýslulæknum við Laxá og þaðan bein stefna í lítið holt, suðaustur frá Lamarholti. Frá því holti bein stefna í hábunguna á Stóra-Sauðafelli. Frá vörðu þeirri, sem þar er bein lína í strítuhólinn sem er vestur af tjörninni í Tjarnarholmanum – Frá fyrrnefndum hól beina línu stefnu vestur að Rjúpnagili, svo ræður Rjúpnagil upp að giljunum þremur, það er miðgilið, og úr því bein stefna í Þverárdalsbrún, þá nyrðri. Þaðan norður brunirnar í vestra Snjofannar-hlíðarhorn, og þaðan beina stefnu í Nónbungu.

Af Nónbungu norður Dagmálafjall ofan á háls eptir því, sem merki til vísa. Af hálsinum vestur Irafellsfjall, eptir því sem vötnum hallar og merki, segja til. Af fellinum beina línu ofan á ás þann, sem Hulsstaðaás nefnist og er á landamerkjum milli Fremra-Háls og Irafells. Á allar landamerkjavörður, er klappað L.M. sem á að þýða – Landa – Merki.

Hulsstaðaás er norður við Laxá, og frá honum ræður Laxá mörkum austur að áðurnefndum sýslulæk.

Fremra-Hálsi 31. maí 1912.

Einar Ólafsson

Samþykkur Guðm. Eyjólfsson eigandi Irafells.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps þann 1. júní 1912, og ritað á landamerkjabók sýslunnar nr. 9.

Magnús Jónsson

Gjald. 2 tvær – krónur

greitt

Magnús Jónsson



Nr. 10

Landamerkjabréf fyrir jörðina Irafell í Kjósarhreppi.

Norður við Laxá, er ás sá, sem Hulsstaðaás nefnist: hann er á landamerkjum milli Irafells og Fremra-Hálslands. Á hann eru hlaðnar 2 vörður og er bein stefna frá þeim í vörðu, sem hlaðin er á nyrðri fellsbrún og þaðan bein stefna í vörðu á suður brún og þaðan austur fell eptir því sem votnum hallar og merki segja til.

Af eystra fellsenda í Nonbungu, eptir því sem vötnum hallar og merki tilvísa. Af nónbungu bein stefna í vestra Snjófannarhlíðarhorn og þaðan suður fjall í Þverárdalsbotn.

Úr Þverárdalsbotninum bein stefna suður á Skálafell þaðan bein stefna vestur Skálafell, eptir því sem vötnum hallar alla leið vestur, að desi því, sem er á Svínaskarði þaðan ræður Svínadalsá merkjum milli Irafells og Moðruvalla alla leið í Laxá sem ræður að norðan, að fyrrnefndum Hulsstaðaás. – Á öllum merkjavörðunum er klappað L.M. sem þyðir landamerki.

Irafelli 31. maí 1912.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar Guðm. Eyjólfsson

Samþykkur Guðbrandur Einarsson búandi á Hækingsdal, Guðmundur Sigurðsson.

Eigandi jarðarinnar Fremra-Háls – Einar Ólafsson.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps þann 1. júní 1912, og ritað í landamerkjabók sýslunnar nr. 10.

Magnús Jónsson

Gjald: 2 tvær – krónur

Magnús Sigurðsson



Nr. 11

Skrá

yfir landamerki jarðarinnar Flekkudals og Grjóteyrar í Kjósarhreppi.

1. Milli Sands og jarðar þessarar eru landamerki Flekkudalsós þar sem hann fellur í Meðalfellsvatn, úr efri enda hans bein lína í gil austan við Dagmálavörðu, úr henni austur Sandfjalsbrún norðan við Torfadalsbotn sem vötnum hallar í Esjuhörn.
2. Milli Flekkudals og Grjóteyrarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, og Þverárkots og Grafar í Kjalarneshreppi, sem vötnum hallar eptir Esjunni vestur í Paradísarhnúk.
3. Milli Flekkudals- og Grjóteyrarlands og Meðalfells og Meðalfellskotslands frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, eptir því sem vötnum hallar í Nónbungu, úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar í svonefndan Miðmundahnúk, sem austanvert við svonefn Miðmundadal, úr þeim hnúk þar sem hann er hæstur, bein lína í Grástein, sem er utarlega í svonefndum Flekkudalsskáp, úr Grásteini beint niður í Meðalfellsvatn.

Gjört í Flekkudal 15. ágúst 1912.

Framanrituð landamerki samþykkja

Jón Magnússon eigandi og ábúandi að Grjóteyri.

Ólafur Einarsson eigandi og ábúandi að Flekkudal.

Jón Bjarnason eigandi og ábúandi Sandi.

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi Eyjum.

Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi Eyjum.

Sturla Jónsson eigandi Þverárkots með þeim fyrirvara að undirskriftin er ógild ef landamerkjabref finnst fyrir Þverárkoti og eru eigi samhljóða þessu.

Einar Jónsson bóndi og eigandi að Gröf.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps þann 7. júní 1913, og innritað í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu nr. 11 bls. 13 og 14.

Magnús Jónsson

Gjald: 2 tvær krónur

borgað

Magnús Jónsson



Nr. 12

[Gröf og Keldur í Mosfellssveit]

Við undirrituð eigendur jarðanna Grafar og Keldna í Mosfellssveit höfum samið svo um að landamerki milli nefndra jarða skuli vera: bein lína úr Grafarvaði á Úlfarsá (stóra steininum í árbrúninni þar sem farið er úti ána) í stóru (stærstu) þúfunu á sunnanverðu melbarðinu útnorðan við Kolbeinsnef (nyrst og neðst á Grafartúni og úr nefndri þúfu bein lína í Grafarlæk þar sem hann beigir norðan um Svartanef (í Bláhyl) Síðan ræður lækurinn merkjum til sjávar um ranalegt flóðfar (um gamla þjóðvegarvaðið)

Á þessum línum skulum við bæði, með jafnri samvinnu þegar í haust láta setja upp merki svo glöggst sje hvar merkjalínan liggur, og á hvort okkar og aðrir, er síðar eignast jarðir þessar fullan rjett til allra landsnyttja sín megin (Grafar- og Keldnamegin) merkjalínunnar og lækjarins þar fyrir neðan eftir þeim farvegi er hann nú hefir.

Gröf (Grafarholti) og Keldum 10. okt. 1909

Björn Bjarnarson

Vilborg Guðnadóttir

Vitundarvottar

Elísabet Jónasdóttir

Kristján Magnússon

Hinn 31. maí 1919 er landamerkjasmningur þessi fyrirfram innfærður í Landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 12

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 2 – Tvær – kr

Magnús Jónsson



Nr. 13
Landamerkjalýsing.

Landamerki milli jarðanna Lágafells og Kálfakots skulu hjer eftir vera, úr há-„Stórahnjúk“ bein sjónhendings stefna vestast og syðst í „Hákinnarhorn“ sem er sunnan og vestan í fjallinu.

Lágafelli 3. júní 1919

Bogi A.J. Þórðarson eigandi Lágafells

Guðm. Þorláksson eigandi Kálfakots

Vitundarvottar:

Guðrún Teitsdóttir

Páll Gestsson

Hinn 30. ágúst 1919 er landamerkjalýsing þess fyrirfram innfærð í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Nr. 13.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 2 – Tvær – kr

Magnús Jónsson



Nr. 14
Landamerkjabréf
fyrir jörðina: Litlahólm í Leiru í Gerðahreppi

Fjörumerki að vestan: Kistumyndaður steinn í Þyrslingasteinum er merktur L.M. þaðan bein lína í Sjálfkvíar miðjar, er þar einnig steinn merktur L.M.; þaðan beina línu í Þrívörður, sem er landamerki milli jarðarinnar Gufuskála að austan og annara Leirujarða að vestan.

Fjörumerki að austan: Vestast á Leiruhólma út í sjó er steinn merktur L.M., þaðan beina línu í túngarð milli Litlahólms og Bakkakots og ræður hann úr því, upp að Þvergörðum þeim, sem liggja fyrir ofan tún allra Leirujarða.

Heiðaland allt og hagbeit er óskipt og notast í fjelagi við aðrar Leirujarðir eftir rjettum hlutföllum.

Litlahólmi 4. maí 1921

Sigurður Þóroddsson

Samþykktur fyrir Gufuskála: Þorsteinn Eggertsson

Samþykktur fyrir Bakkakot: Eiríkur Torfason

Samþykktur fyrir Stórahólm Jón Bjarnason

Lesið á manntalsþingi Gerðahrepps 25/5 1921

Magnús Jónsson

Gjald:

2 – tvær – kr

Magnús Jónsson



Nr. 15
Landamerki
fyrir þurrabúðarlóðinni Steinar í Leiru í Gerðahr.

Frá neðra hliði Bakkakots að sunnan eftir garði þeim er liggur upp að merktum steini L.M. efst í garðinum, og þaðan einsog garðurinn ræður vestur og niður eftir vestri kálgarðsvegg beina línu niður í Bakkakotstúngarð og austur hann að áðurnefndu hliði.

Steinum 24. maí 1921

Undirskrift hlutaðeigandi: Ólafur Bjarnason

Eiríkur Torfason samþykkur

Lesið á manntalsp. Gerðahrepps 25/5-’21 og síðan innfært í Landamerkjabók nr. 15
Magnús Jónsson

Gjald:

2 – tvær – kr

Magnús Jónsson



Nr. 16
Landamerkjabrjef
fyrir jörðinni Stórhólmi í Gerðahreppi

1. Túntakmörk á marbakka við garðsenda þann, er aðskilur áminnst tún, frá túni jarðarinnar Hróðarnes í Gerðahreppi er merktur steinn, þaðan liggja túnmerkin með krókóttum garði móts við Hróðarnesstúnið, að norðan þá áfram með túngarði jarðarinnar Ráðagerðis og einnig áfram með túngarði jarðarinnar Garðhúsa, allt að heimatröðum jarðarinnar að þar merktri jarðfastri klöpp. Þaðan beina línu í vestri kant bæjar húsgarðsins þar merktur steinn. Þaðan til norðausturs 28 metra. – Þá norðvestur 135 metra; er þar merktur steinn. Þá niður túnið til norðausturs, að sjá í grjótgarð og svo áfram með honum að Bakkakotstúngarði að austan; þá til austurs niður með garðinum og beint sem sjónhending ræður að marbakka. Einkenni markasteina þessara eru L M er þýðir: landamerki.
2. Fjörumörk: Vestan til á Stórholms hólma út í sjó er merktur einkennilega hár steinn, þaðan liggja fjörumörkin vestan til við svo nefndar Stýflur – lágt rif – er liggja frá hólmanum að lendingu jarðarinnar Bakkakots um stórstraumsfjöru þó eigi nema að línu þeirri, er segir í merkjabréfi fyrir Bakkakoti. Þaðan til suðausturs að merktum steini í fjörunni, þaðan beint að marbakka – marki túnsins, samanber niðurlag í næstu grein á undan; þá áfram til suðurs-suðausturs með marbakkanum að sjávarhjalli jarðarinnar Nýlendu, þá til norðausturs niður í austurlendingarkamp Nýlendunnar, er þar merktur steinn; þá áfram eftir landingarkampinum þar til kemur að sandlóni neðst í landingunni, þá til suðausturs að merktri klöpp efst á Hjallarifi; þaðan til norðausturs, austast að Skarfaskeri. Einkenni fjörusteina þessara eru L.M. er þýðir Landamerki
3. Skipalending, uppsátur og skipanaust á jörðin beint niður frá bænum; efst við austurkamp landingarinnar, er merkt á tvær klappir, frá þeim er fiskverkunarstaður jarðarinnar, sem nær allt að fjörumörkum Garðhúsanna er þar mark í klöpp á stórum steini með litlu millbili. Einkenni markasteina þessara eru L.M., er þýðir Landamerki.
4. Kúamóa og traðir á jörðin, er liggja upp af túni Nýlendunnar og Rófunnar.
5. Heiðaland og hagbeit á jörðin, eftir hundraðatali sínu í sameiningu við allar inn-Leirujarðir til vesturs að landamerkjum Miðneshrepps, til suðurs að landamerkjum Keflavíkur.

Melbæ í Leiru 20. maí 1921

Jón Bjarnason h.s.

Ofan og framangreindu samþykkir eigendur meðliggjandi jarða:

Eyjólfur Guðlaugsson. Ófeigur Ófeigsson. Símon Guðmundsson. Eiríkur Torfason samþykkur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi Gerðahrepps 25 maí 1921 og síðan ritað í Landam.bók nr. 16
Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 2,00 – tvær – kr

Magnús Jónsson



Nr. 17

Landamerki

jarðarinnar Bakka og hluta úr Bakkaholti í Kjalarneshreppi eru þannig:

Að norðan ræður Ártúnsá frá sjó að Fuglsstapa norðanvert við Bleikdalsmynni, þaðan um Bleikdalsmynni, svo þaðan eftir fjallsbrúninni í miðjan sneiðingar- eða Urðargeiraklett, sem er í fjallsbrún, þaðan beina línu í Pollalæk, þar tekur við flóðskurður og girðing, og svo frá neðri enda flóðskurðsins beina línu til vesturs sunnan við túnið í Bakkaholti og þaðan í Holtsgrof við sjó. Girðing þessi frá sjó og upp með Pollalæk, eins og hún er nú lögð skal vera merki milli jarðanna Bakka annarsvegar og Bakkaholts og Arnarholts hinsvegar og skulu hlutaðeigandi jarðareigendur skyldir að halda þessari girðingu við svo hún verði ljós og skýr merki.

Fjara er óskipt milli Bakkalækjar og Ártúnsár.

Bakka 30. maí 1921

Eigandi Bakka og hluta úr Bakkaholti Þorvarður Guðbrandsson

Samþykkur hvað Saurbæjar- og Ártúnsland snertir Eyjólfur Runólfsson Saurbæ Kjal.

Vegna Brautarholts og meðfylgjandi jarða Jóhann Eyjólfsson

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshr. 2. júní 1921 og síðan fært í Landam.bók Kjósarsýslu nr. 17

Magnús Jónsson

Gjald:

2 – tvær – kr.

Magnús Jónsson



Nr. 18

Landamerki milli Mela og Norðurkots og Niðurkots
eru sem hjer segir:

Að ofan úr Gilbotni ræður lækurinn milli bæjanna til sjávar, að því undanskildu, að landstykkið svokallað Sölvaflatir, sem tilheyra Melum eru fyrir norðan læk, en fylgja nú Norðurkoti, þess í stað fylgir Melum, það úr Niðurkotstúni er nefnist Skýjaflöt og mannvirki þau er þar eru, hús og hlaða og ræður beinstefna úr torfvörðu við skurð fyrir ofan túnið í norðurhorn á kálgarði til sjávar; að ofan ræður nefndur skurður í lækinn. Hagbeit fyrir utan tún og slæjuland er óskipt land, sömuleiðis fjörubeit, allur reki, beitutekja selveiði og hver önnur hlunnindi til fjalls og fjöru og hefir hvor ábúandi, heimild að hagnýta eftir samkomulagi hlutfallslega eftir jarðarstærð meðan ekki verður skýrt, eða öðru vísi um semst.

Ennfremur ber hverjum ábúanda ofangreinda jarða að hald við girðingum og hverjum öðrum mannvirkjum, sem eru og kunna að verða til umbóta á þessu sameignarlandi og ber hverjum fyrir sig að vinna að því, eða bera sameiginlegan hlutaðeigandi kostnað, er af verkinu leiðir, eftir mati óvilhallra manna.

Melum 2. júní 1921

Þórður Elisson

Sigfús Jónsson

Lesið á manntalsþingi Kjal.n.hr 2. júní 1921 og síðan innfært í Landamerkjabók nr. 18.
Magnús Jónsson

Gjald: 2 – tvær – kr.

Magnús Jónsson



Nr. 19

[Höfði á Vatnsleysuströnd]

Árið 1908 hinn 28. apríl var jeg undirritaður staddur að Höfða í Vatnsleysustrandarhreppi til þess að mæla í sundur í tvo jafna parta tún nefndrar jarðar milli þeirra Guðm. bónda Guðmundssonar á Auðnum og Benidikt bónda Þorlákssonar í Hellukoti er að háflendunni flytur í næstu fardögum, en sem átt hefir Halldór Þórðarson prentsmiðjueigandi í Reykjavík. Skiftin á túninu urðu þannig: Stærð hvors partar var 2239 □faðmar og voru úrmældar klappir þær er í vestri parti túnsins eru. Túnmörkin eru um austurendann á Höfðahól og þaðan beint ofan að Auðnatjörn og gjöra hlutaðeigendur þar svo glögg merki að það ekki valdi ágreiningi milli þeirra, eða síðar, – Kálgarður sá er vestri partinum fylgir er að sunnan verðu við bæinn, en sá er eystri partinum fylgir liggur þar fyrir norðan og vestan vert við bæinn. Vestri bærinn fylgir vesturparti og austurbærinn fylgir eystri partinum. Kálgarður sá er fyrir norðan bæinn er fylgir vestri partinum. Hin svonefnda Höfðatjörn skiftist jafnt milli beggja parta Höfðans, sömuleiðis þangfjörur. – Það skal tekið fram vegna málshreifingar frá Bergskotsbóndanum, að falli nokkuð af Höfðatúninu undir Bergskotið þá tekst það jafnt af báðum pörtum Höfðatúnsins. Merki hinnar svonefndu Höfðatjarnar er frá landnorðri til útsuðurs og skulu þar sett glögg merki. Fjörumörk eru úr norðanverðri Höfðaklöpp þar sem Höfðahjallur stóð á og þaðan beina stefnu í norðurenda Svartaskers milli Auðna og Höfða en milli Bergskots og Höfða eru mörkin í suðurkamp hinnar fremri lendingar og þaðan beint út í ós þann er vörina myndar að norðanverðu.

Auðnum og Höfða 28. apríl 1908.

Ól. Guðjónsson skiftandi Höfðans

Þessari skiftingu erum við samþykkir undirritaðir og föllumst á Hana

Auðnum og Höfða

Guðmundur Guðmundsson

Benidikt Þorláksson

Vottar:

Þórarinn Einarsson

Sigurður Jónsson

Hinn 7 martsmánaðar 1922 er landamerkjasmningur þessi fyrirfram innfærður í Landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 19.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. – 3 – þrjár krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

greitt

Magnús Jónsson



Nr. 20

Landamerkji Eyvindarstaða á Álftanesi

Þessi eru landamerkji Eyvindarstaða eftir fornum skjölum og bókum frá ómunatíð:
Að austan milli Lambhúsa og Eyvindarstaða er landamerkji ^{bein} lína úr Grásteini á grandanum eftir vörðum, sem þar eru hlaðnar fyrir utan Lambhúsaáveitu og í miðjum Bessahólma; það til norðvesturs beint í vörðu við endan á Breiðaskurði milli Breiðabólstaða og Eyvindarstaða. – Að vestan eru þessi merki milli Eyvindarstaða og Kasthúsa og Landakots; Bein stefna úr vörðunni við Breiðaskurð og í miðjan Aurvöll og sem túngarðurinn ræður á gerðinu beina línu í sömu stefnu suður í merkjalínu þá sem skiftir mýrinni. Að sunnan milli Eyvindarstaða Sviðholts og Brekku og Kirkjubrúar ræður merkja lína sú sem nú var greind og áður hefur samþykkt verið. Við sjá fram á jörðin beitutekju. Þangskurð og Sölfafjöru í Eyvindarstaðahólma (Hrakhólma) og það sem þar rekur. – Lending eiga Eyvindarstaðir í Bakkakoti eftir fornum skjölum mótmælalaust.

Eyvindarstöðum 2. desember 1921

Stefán Jónsson fyrir hönd eiganda Eyvindarstaða

Samþykkur: Ólafur Bjarnason fyrir Halakot, Gerðakot og ½ Bakkakot

Samþykkur. Eyjólfur Þorbjarnarson fyrir Hákot og Haukshús

Samþykkur: Eyjólfur Gíslason fyrir Sviðholt og Garðhús

Samþykkur: Erlendur Björnsson fyrir Breiðabólstaði og ½ Akrakot

Samþykkur: Klemens Jónsson fyrir hönd hreppsnefndar Bessastaðahrepps vegna

Bjarnastaðanna

Samþykkur: Jón H. Þorbergsson vegna Bessastaða og Lambhúsa.

Guðni Jónsson samþykkur vegna Bakkakots með fyrirvara vegna ~~Bakkakots~~ Landakots og Kasthúsa.

Sje stefnan tekin af miðjum Aurvelli milli Landakots og Kasthúsa annarsvegar og Eyvindarstaða hins vegar þá er hún af miðjum Aurvelli og í áðurgreinda þúfu við breiðaskurð beina línu í Skólavörðu

Samþykkur vegna Landakots og Kasthúsa Guðni Jónsson

Samþykkur Stefán Jónsson

Hinn 3. janúar 1922 er landa^{merkja}lýsing þessi fyrir fram innrituð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 20.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

greitt

Magnús Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 21

Lýsing á landamerkjum fyrir Hlöðuneshverfi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Landamerkjalýsing þessi innibindur Hlöðuneshverfi í Vatnsleysustrandarhreppi: Hlöðunes, Halldórsstaði, Narfakot og Miðhús, sem takmarkast af Brunnastaðahverfi að sunnan og Ásláksstaðahverfi að norðan (innan) samkvæmt landamerkjalýsing útgefni og þinglesinni 1890 og athugasemdalaust undirskrifaðri af öllum hlutaðeigendum, bæði hvað fjöru og heiðarmörk snertir; en áður nefnd merkjalýsing tekur ekki neitt til um túnmörk innanhverfis, en þau eru sem hjer segir:

1. að sunnan er Hlöðunes; tún þess takmarkast af grjótgarði að sunnan, vestan og norðan, en að austan á milli Hlöðunes og Halldórsstaða og Narfakots, eru frá heiðargarði túnanna, Hlöðunes og Halldórsstaða þessi túnmörk: eftir austurtraðarvegg við heimreiðina á Hlöðunesi, en sá traðarveggur liggur heim að matjurtagarði þeim, sem Hlöðunesið á, en sá matjurtagarður er fyrir suðurgafli íbúðarhúsins á Hlöðunesi og liggur austur í Halldórsstaðatúnið. Svo liggja mörkin eftir garði þeim, sem liggur austan að nefndum matjurtagarði, og úr norðurenda hans, eftir vírgyrðingu í útnorðurshorn á matjurtagarði, sem Halldórsstöðum tilheyrir, og svo úr því garðshorni eftir vírgyrðingunni að Narfakotstúni, og svo loks eftir vírgyrðingu, sem aðskilur Hlöðunes og Narfakotstún að Miðhúsagarðinum, sem svo ræður mörkum til sjafar, milli Miðhúsalóðarinnar og Hlöðunestúns. Hlöðunesi tilheyrir einnig fjara frá Krummahjalli eða kletti þeim, sem hjallurinn stendur á, sem stór klettur eða klöpp fyrir vestan Hlöðuneslendinguna úr lóni er liggur undir nefndum Kletti, og eftir því, þá eftir laut sem liggur í stefnu á miðskerið á skerinu „Skalli.“ Að sunnan milli Hlöðuness að innan og Skjaldakots (Brunnastaðahverfis) að sunnan. – Í Markaklett, sem er klettur ofarlega í fjöru spölkorn fyrir innan (norðan) túngarinn í Skjaldkoti, samanber landamerkjalýsing frá 1890.
2. Halldórsstaðatúnið takmarkast af grjótgarði, að suðaustan og norðaustan, en að suðvestan eins og áður hefur lýst verið, eftir austurtraðarvegg heimreiðarinnar á Hlöðunesi, að fyrnefndum matjurtagarði, og úr norðurenda hans, eftir vírgyrðingu í útnorðurshorn matjurtagarðs þess, er Halldórsstöðum tilheyrir; þaðan eftir vírgirðingu dálítið niður fyrir túnmörk Narfakotstúnsins, og myndar Halldórsstaðartúnið því dálítið horn á milli Narfakots og Hlöðunestúnsins. Á milli Halldórsstaða og Narfakots eru túnin afmörkuð með vírgirðingu út að túngarði. Fjörur þær, er Halldórsstöðum tilheyra eru: frá sundvörðu, er stendur á malarkamp beina línu í Litlabróðir sem er klettur ofarlega í fjöru og þaðan beina línu í laugaskersendann (Þverskersendann) nyrðri. Að austan eru fjörumörkin úr innsta ós Álfasunds, niður með ósnum að vestan ofan í Króksklöpp, eftir henni niður grandann, að stórstraumsfjörumáli.



3. Narfakotstúnið takmarkast af: áður nefndri vírgyrðingu, sem er á milli Halldórsstaða og Narfakotstúns; þá eftir grjótgarði að suðaustan og austan. Að norðan afmarkast það af sjáfargarði, en að vestan, milli Hlöðunestúns og Narfakotstúns, er vírgyrðing að svo mikklu leiti sem miðhúsagarðurinn er ekki. Fjörur þær er Narfakotinu tilheyra eru: frá hinni nýgerðu vör með marbakka að ~~sunnanverðu~~ sundvörðu þeirri sem við sjóinn stendur, en að neðan eða í fjörumáli; það sem syðri vararósinn ræður og þverskerslaugaskersendinn nyrðri. Hinn fjöruparturinn er: Álfasundsfjaran að Ásláksstaðamörkum og suður að Króksgrandanum og Krókshólmum þar með.
4. Miðhúsin er álitid að sjeu nálægt 10 álnir að fornu mati, úr Hlöðuneshverfi; lóð sú er býli því fylgir, sem er upphaflega matjurtagarður og stakkstæði, er öll afgyrt með grjótgörðum – og liggur við sjóinn norðvestan við Narfakotstúnið. Fjörur þær sem nefndu býli fylgja eru: frá miðri Narfakotsvör, að austan þvert niður til sjáfar alt vestur í svo nefndan Krummahjall, og þaðan í norður svo sem fjörumörkum Hlöðunes, hefur verið lýst – því hún tekur hjer við. Ræður svo fjöru og rekamörkum marbakki að ofan, en stórstraumsfjörumál að neðan.

Gjört að Hlöðunesi, Halldórsstöðum og Narfakoti hinn 27. dag desembermánaðar 1921.

Sem umboðsmaður eiganda Narfakots: Stefán Sigurfinnsson

Eigandi að Hlöðunesi: Pétur Þorleifsson

Eigandi að Halldórsstöðum: Magnús Jónsson

Eigandi að þurrabýlis eyðilóðinni Miðhús: Páll Björnsson

Hinn 12. Janúarmánaðar 1922 er landamerkjalyýsing þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 21.

Magnús Jónsson

Gjald:

þingl. – 3 – þrjár krónur

Magnús Jónsson



Nr. 22

Landamerkjalyýsing fyrir Ásláksstaða-hverfi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Landamerkjalyýsing þessi, innbindur Ásláksstaðahverfi en það eru þessar jarðir og býli: Sjónarhóll Innri Ásláksstaðir, Hallandi (Nyji bær), Ytri Ásláksstaðir og Móakot. Ásláksstaðahverfi, tilheyrir land allt, girt og ógirt á milli Hlöðunes-hverfis, að sunnan og Knarrarnes að innan, svo langt til heiðar eða fjalls, sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær. Að sunnan, milli Hlöðunes-hverfis annarsvegar og Ásláksstaða hverfis hinsvegar (að innan) eru þessi landamerki: Álfasund frá ós þeim er lengst skerst upp land, úr Álfasundi og ræður framhald á þeim ós einnig mörkum á milli hverfanna, alla leið til sjálfar fram um fjöru; í Álfshól beina stefnu í Hól, sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli sunnan til við Ásláksstaðaholt í Hrafnshóla sunnan til við gamla Hlöðunes til fjalls.

Að innan, milli (Sjónarhóls) Ásláksstaðahverfis að sunnan og Knarrarnes að innan, eru þessi landa- og fjöruamerki: úr ós upp eftir fjöru í Klöpp, er liggur í svonefndum girðingum hjer um bil miðsvæðis ofan til við flæðarmál, þaðan sunnantil við svo nefnda Digruvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarrarnesholt, þaðan í Eldborgargreni, þaðan beint í Krísuvíkurland. Hversu sunnanhöll við markalínuna að Digranesvarða og Knarrarnesholt eru sjest þegar bein lína er dregin frá klöppinni í Eldborgargreni. Austast í Ásláksstaðahverfi, að Knarrarnesmörkum innan girðingar og fjöru liggur:

1. Sjónarhóll: tún hans takmarkast af heiðargarði, alla leið frá túni Ytri ásláksstaða og austan að garði þeim er liggur í norður fyrir austurkanti Sjónarhóls-túns á milli þess og girðinga þeirra, er honum tilheyrir og eru þar heiðar og sjáfarmegin afgirtar með gördum og gaddavír og ná næstum, þó ekki alveg að mörkum Knarrarnes og Ásláksstaðahverfis. Austast í girðingum þessum er nýbýlið Garðhús með þurrabúðar útmæling; matjurtagarð á byli þetta fyrir neðan eða sjáfarmegin við girðingarnar og annan fyrir ofan þær, lóð býlis þessa er eign Sjónarhóls ásamt girðingunum. Að norðan liggur tún Sjónarhóls alt að sjó; að vestan takmakast það af grjóttgarði, sem er á milli Hallanda og Sjónarhólstúns og liggur hann að austurhorni á matjurtagarði þeim, sem er eign Ytri-Ásláksstaða, eftir garðsvegg þessum meðan hann nær yfir Traðargötu á milli bæanna eftir vírgirðingu, sem kemur dálítið vestar, en í beinni línu eftir þeim mörkum sem áður er lýst og liggur með dálitlum boga, út að heiðargarði túnanna í stóran stein merktan M. Innan nú lýstra túnmarka er býlið:
2. Innri-Ásláksstaðir, þeim tilheyrir ekki tún, en austurpartur af matjurtagarði þeim, er liggur fyrir sunnan og ofan götu þá, er gengið er suðureftir, honum er skift þannig: í stefnu úr suðurhorni á norðurgarði þeim, er Sjónarhóll á – fyrir norðan stígin – liggja mörkin yfir suðurgarðinn í beina stefnu innan við „Kast“ og tilheyrir Inri-Ásláksstöðum, austur ^{parturinn af} garðinum. Innri Ásláksstöðum tilheyrir matjurtagarður og grasblettur fyrir utan túngarð, uppundan þurrabýlinu „Garðhús“ ofan við gamlavegin. Þangfjörur þar er Sjónarhóll á eru frá Knarrarnesmörkum og suður að



Sjónarhólslendingu, en rekamörk eru frá Knarrarnesmörkum og suður að rásinni, en sameiginlegt aukastykki milli Sjónarhóls og Innri Ásláksstaða, frá rásinni og að austurhorni sjáfar-matjurtagarðs þess er Sjónarhóll á; þaðan og í klöppina, sem er fyrir austan Innri Ásláksstaðavörina, á Sjónarhóll reka; aftur á móti eiga Innri-Ásláksstaðir þangfjöru frá Sjónarhólslendingu og suður eða vestur í stóra klöpp, „Landsinningsklöpp“; úr Innri Ásláksstaða lending í skoru í nefndri klöpp niðri í lón sem er norður undir henni, eftir því og eftir ós, sem úr því lóni er. Innri Ásláksstaðir eiga reka og vergögn, frá klöpp þeirri, sem rekamörk Sjónarhóls enda við og suður að túnmörkum Hallanda og Sjónarhóls. Aftur á móti á Sjónarhóll þangfjörur frá mörkum þeim, sem lýst hefur verið í Landsinningsklöppinni, og suður eða vestur að túnamörkum Hallanda og Sjónarhóls, beina stefnu í stóran stein sem kemur upp um stórstraumsfjöru.

- Hallandi, (Nýjibær) tún hans liggur að austan, einsog áður hefur lýst verið, eftir grjótgarði, í stóran jarðfastan stein, sem er í garðinum, milli Hallanda og Ytri-Ásláksstaða merktan M úr honum liggja mörkin eftir steinum í stefnu í vestur, ofan í Tjarnarendann þar er steinn, mitt á milli, steins þessa og brunnsins, liggja mörkin í vestur eða norðvestur og liggja í merkjagarð þann, er Móakoti tilheyrir svo sem faðm fyrir sunnan það, er garðurinn byrjar þá með garðinum í norðaustur, ásamt garðlagi er vísar ofurlítið í austur, í stefnu yfir Hallandatjörn að línu þeirri, er tekin er, yfir tjörnina þangað til að steinaröð, sem er á tjarnarbakkanum og vísar í norður, ber saman á móts við garðinn, þar myndast horn og eiga Ytri Ásláksstaðir að því hornmarki, að vestan frá steini þeim sem næst er tjörninni af þessari steinaröð, liggur markalínan beint í austur, að jarðföstum steini merktum M; þaðan liggja mörkin beint í norður, niður á austanhalt svonefnt Bóndanef. Ennfremur fylgir Hallanda túnskak (príhyrna) vestan til við túnamörk Móakots afmörkuð með steinum. Þang og rekafjara sú er fylgir Hallanda, tekur við þar, sem fjörumörk Sjónarhóls enda, og eru hinum megin í austurvegg á kofatóft, er stendur í sjáfargarði, á bakkanum, spölkorn fyrir vestan áður nefnt Bóndanef og stefnir þá til sjáfar, er sjónhending vísar í skoru, sem er nálægt miðju heiðarásskeri. Hallanda fylgir matjurtagarður utangarðs, fyrir vestan Móakotsfjárhúsin og sömuleiðis matjurtagarður er liggur sunnar í svonefndum „Þúfuhól“.
- Miðbæjarlóð, henni tilheyrir skák sem liggur að áðurlýstum, túnamörkum, Hallanda þannig að mörkin, sem nefnd eru þar að liggi mitt á milli brunns og steins þess, sem syðst er í Hallandatjarnarjaðri, í stefnu í Móakotsmerkjagarð, svo sem faðm fyrir sunnan það, sem hann byrjar, og annarsvegar vírgirðing, sem liggur á milli Móakots og Ytri-Ásláksstaða í norðvestur; önnur skak, sem tilheyrir einnig, nefndri Miðbæjarlóð, liggur niður á höfðanum fyrir neðan Hallandatjörn, innan í Horni því er Hallandatún myndar þar og nær niður á „Bóndanef“ öll afmörkuð með steinum, að svo miklu leyti, sem sjáfargarðurinn ekki nær; Þriðja skákin, sem einnig tilheyrir Miðbæjarlóð, liggur jafnhliða og austan undir skák þeirri er Hallanda tilheyrir og áður



hefur lýst verið að liggji austanundir túnmörkum, Móakots, þessi skák er einnig þríhyrnd og endar úti Hallandatjörn í grjóthrógu – öll er skákin afmörkuð með stein. Þang og rekafjörur þær, er Miðbænum tilheyra, taka við frá fjörumörkum Hallanda, og ná vestur fyrir Krijufliúð eftir bugðóttum ás, er liggur örlítið til norðvesturs, úr norðvestur horni klapparinnar stóru sem er fyrir austan Ytri Ásláksstaðavör. Miðbænum tilheyra þó ekki rekafjörur lengra en í klöpp þá sem liggur á sandinum í víkinni fyrir neðan flóðfar, í stefnu upp í garðinn þar sem Móakots túngirðingin kemur í hann og austur að Hallanda fjörumörkum. Matjurtagarðar tilheyra einnig og er það vesturhorn á norðurgarði Ytri-Ásláksstaða þar sem hann myndar horn fyrir austan brunninn og í stefnu uppi austurhorn á hlöðunni enfremur fylgjir tóftarbrot eða lóð undan bæjartóft, fyrir austan hlöðuna Hallanda á ofurlítið kálgarðshorn, niður undan áðurnefndu tóftarbroti.

5. Ytri Ásláksstaðir, þeim tilheyra tún og móar allir frá Sjónarhólstúnmörkum garðinum, sem áður hefur verið lýst eftir garði, sem er fyrir sunnan og vestan túnið niður að Móakotshliði, því næst eftir garði, er liggur í norðaustur en hann er í mörkum, milli Móakots og Ytri-Ásláksstaða, þá eftir vír þeim, er áður hefur lýst verið viðkomandi Miðhúsaloð. Ennfremur fylgja Ytri Ásláksstöðum stykki þrjú í norðurtúninu.
 - I. Stykki af túni og tjörn einsog áður hefir verið vikið að, norður undan svonefndum merkjagarði, að Móakotstúni að vestan, en afmarkað með steinum að norðan og austan.
 - II. Stykki úr austurhorni á því, er næst áður var nefnt í hánorður, niður að sjáfargarði í vestra kofahornið; sömuleiðis eiga Ytri-Ásláksstaðir.
 - III. Stykkið norðan undan norðurkálgarði frá austri til vesturs að Hallandamörkum að norðan, og vestan á móts við brunninn. Þang og rekafjörar þær er Ytri-Ásláksstöðum fylgja, eru frá Kryufliúð eins og áður er lýst og alla leið fram á Gerðatanga að og meðtöldu lóni því stóru, sem er upp á tanganum og eftir ás, sem úr því fellur, og frá honum beint í norðvestur. Annað fjöru og rekastykki, tilheyir og líka frá öðru lóni, sem er dálítið sunnar á tanganum niður undan vitanum og ræður stefna sú upp og fram, að lónið beri í sker það sem fremst er í og við sjóinn stórstraumsfjöru, í norðvestur frá vita sjeð, og suður að Hlöðuneshverfisfjörumörkum. Ytri Ásláksstaðir eiga líka svonefnda Gerðakotslóð en það eru útmældir 900 f.m.; sömuleiðis túngarð uppundan Ásláksstaðalending, tilheyir einnig. Ytri-Ásláksstaðir eiga einnig uppsátur í Ásláksstaðvör og vergögn: einnig óatalið sjáfargötu, eins og verið hefir.
6. Móakot, því tilheyir lóð og tún, að mörkum þeim er lýst hefur verið að Ásláksstaðatúni, að suðaustan, Hallanda að austan og sjáfargarði að norðan, sömuleiðis er garður frá Móakotshliði og niður að gerði því, er Ásláksstaðagerði er kallað, og áður hefur verið nefnt, viðkomandi Ytri-Ásláksstöðum. Móakoti tilheyir reka uppsátur og vergögn frá stefnu þeirri er skiparjettar-veggurinn syðri vísar niður fyrir klöppina og austur að miðbæjar-reka-mörkum enfremur tilheyra einnig þang og



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

rekafjörur á milli lóna þeirra, er lýst er áður, norðvestan á Gerðatanga á milli fjöru og rekastykkja þeirra er við ltri-Ásláksstaði er hjer áður lýst Móakoti tilheyra einnig lítill matjurtagarður, utan túngarðs við Móakotsfjánhús. Utangarðs er heyðarland alt óskift og tilheyfir eftir hundraðshlutföllum innanhverfis. Þess skal loks getið, að árið 1918 var sett með samningi útgefnum og þinglesnum það ár lóðarspilda undir vitanum og í kring um hann.

Framanrituð landamerkjalyfing er samín að Ásláksstaðahverfi hinn 31 dag desembermánaðar 1921.

Brynjólfur Ólafsson eigandi og ábúandi á Sjónarhól
Magnús Magnússon eigandi og ábúandi á Innri Ásláksstöðum
Guðfinna Halldórsdóttir eigandi að Hallandanum (Handsalað)
Sigríður Guðmundsdóttir eigandi að Miðbæjarbúð
Davíð Stefánsson eigandi og ábúandi að Ytri-Ásláksstöðum
Bjarni Sigurðsson eigandi og ábúandi að Móakoti.

Áður þinglesið á milli hverfa.

Teitur Þorleifsson
Gísli Sigurðsson (bónði á Minna Knarrarnesi)
S. Sigurfinnsson
Magnús Jónsson
Ólafur Pétursson Knarrarnesi

Hinn 7 martsmánaðar 1922 er landamerkjalyfing þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu nr. 22.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3- þrjár – krónur

greitt

Magnús Jónsson



Nr. 23

Landamerkjabrjef fyrir Brunnastaðahverfi í Vatnsleysustrandarhreppi
dagsett þann 20. Desember árið 1921.

Pangfjörumörk fyrir Halakoti eru úr Vatnsskersbúðum norðan til, eftir laut sem liggur á milli skerja og úr þeirri laut er rás, sem rennur í sjó fram, alla leið út úr Djúpavog, er segir til um stórstraumsfjöru. Þessi mörk eru á milli Minni-Voga og Halakots: Að norðan eru fjörumörkin norðan til í Hvammslón, og úr því rennur rás í sjó fram er aðskilur Grundarfjörur og Halakots alla leið upp í garðshliðið í Hvammi. – Túnmörk fyrir Halakot eru eftir grjótgörðum og vírgirðingum sem liggja alt í kringum túnið. – Þar næst taka við Grunarfjörur, sem liggja frá Halakotsfjörum að norðan, og norður syðst í Vorhúsavör, þar eftir rás, sem rennur í sjó fram, og þaðan beina línu upp í gamla Vorhúsabrunn. Þaðan taka við Austurkotsfjörur, sem liggja norður í rás, er rennur í sjó fram syðst í tangavör, og það uppí marbakka sunnan undir vörinni. Austurkotstún er alt umgirt með grjótgörðum og vír, sem aðskilur það frá öðrum túnum. – Frá Austurkotsfjörum tekur við fjörustykki, sem Halakot á, á Bjeringstanga og takmarkast að sunnan með áðurnefndum Austurkotsfjörumörkum, en að norðan í svartan stakan klett, er stendur á sljetttri klöpp beina línu fram í syðri gjána í Svartakeri. – Þar taka við Skólafjörur, sem liggja norður, í svo nefnda Agnesarklöpp, og beina línu í sjó fram í sker, sem heitir Snasi. Skólatúnið er allt afgirt með grjótgörðum og vír, sem aðskilur það frá öðrum túnum. – Frá Skólafjörum taka við Suðurkotsfjörur og liggja alla leið norður í klöpp, fyrir norðan Brynjólfsbyrgi, sem er skamt fyrir norðan Halakotslendingu, þaðan beina leið á syðsta skerið í Brunnastaðasundi. Túnið er alt girt með grjótgörðum og vír, er aðskilur það frá öðrum túnum. – Frá Suðurkotsfjörum taka við Naustakotsfjörur, er liggja norður í hina gömlu Brunnastaða-lendingu og þar í sjó fram, eftir rás er þar rennur, en ekki í þá vör, sem nú er notuð, heldur þá, sem er næst þar fyrir norðan. Túnið er alt umgirt sem skilur það með öllu frá öðrum túnum. Frá Naustakotsfjöru taka við Traðarkotsfjörur sem liggja norður í svonefndar Stóruklappir og niður með þeim að norðan í lón, og úr því lóni rennur rás í sjó fram. Túnið er alt girt með grjótgörðum og vír, er aðskilur það frá öðrum túnum. Fyrir norðan Traðarkotsfjörur taka við neðri Brunnastaðafjörur, og liggja norður í Miðgarðslón, þar í klöpp, sem er ofan til við lónið, og beina línu í sjó fram eftir rás, sem rennur úr Miðgarðslóni. – Túnið er alt girt með grjótgörðum sem aðskilur það frá öðrum túnum. – Þar næst taka við fjörur frá efri Brunnastaðum, og liggja norður í Markhelli, og þaðan upp í Merkisgarð. Túnið er girt alt í kring frá öðrum túnum. – Þar við taka Skjaldakotsfjörur, og liggja í norður, í svonefndan Ástuklett, og upp í Gestsrjett, – þangmörkin á milli Skjaldakots og Hlöðunes. Túnið er alt girt með grjótgörðum. Engin ágreiningur á milli jarða, hvorki með tún nje fjörumörk. En landamerkji milli hverfa vísast til sýslubókanna frá 16. júní 1890; þá gjörð landamerkji milli Voga, Brunnastaða- og Hlöðuneshverfis, eftir samkomulagi þáverandi hlutaðeigenda.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Framanritað landamerkjabrjef segjum vjer rjett að vera, sem vottast með okkar undirskrift.

Ágúst Guðmundsson Halakoti.

Símon Símonarson Skólanum

Gísli Eiriksson Naustakoti

Helgi Jónsson Brunnastöðum

Gunnar Gíslason Skjaldakoti

Kristján Hannesson Grund.

Þórdýs Guðmundsdóttir Traðarkoti

Bjargmundur Hannesson Suðurkoti

Guðjón Pétursson Brunnastöðum

Hinn 7 martsmánaðar 1922 er landamerkjalyásing þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 22

Magnús Jónsson

Gjald

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Borgað

Magnús Jónsson



Nr. 24

Landamerkji Minni-Voga Austurkot og Norðurkots.

Landamerki túna, milli Suður-Voga og Norður-Voga er grjótgarður, sem liggur úr Klapparhorni á suðvesturhorni Norðurkotsins og nær út í Vogstjörn í stefnu til suðausturs, úr horni þess garðs í þúfu á norðvestur horni hólman og þaðan þvert yfir hólman í þúfu á norðausturhorni hólman, úr henni í austur í austurhorn á gömlum garði er kallast merkjagarður og skilur á milli Tjarnarkots og Háþæar og Austurkots og liggur til norðausturs. Við enda, merkigarðsins að austan tekur við grjótgarður í norðaustur, sem takmarkast heiðarland og túnið og er merkisteinn neðan í brekku þeirri er myndar Aragerði að austan við grjótgarðinn, úr þeim merkisteini vestur yfir Aragerði eru mörk milli Austurkots og Minni Voga bein lína í gegnum stóran stein austan í Arahól í merkistein upp á hólnum, sje litið eftir þessari línu ofan af hólnum, er stefnan austanhalt við „Keilir.“ Úr þessum merkisteini eru mörkin bein lína norður eftir hólnum í merkistein, sem er fyrir norðan miðjan hól. Úr þeim steini eru mörkin bein lína í gegnum stóran stein, sem er fyrir neðan Arahólsbrekku að vestanverðu vestur að merkisteini, sem er við kálgarð austan við Minni Vogahúsið, þessi garður ræður mörkum milli jarðanna til suðurs og svo í vestur að hliði, sem er við stíg, sem liggur á milli matjurtagarða í Minni Vogum. Frá hliðinu eru mörkin bein lína í suður í merkistein uppá hólnum, frá þeim merkisteini eru merkin bein lína í vestur meðfram hólnum í merkistein sem liggur norðan á hólnum. Úr þessum steini eru mörkin bein lína suður í Vogatjörn í merkistein er stendur á tjarnarbarmi, frá þeim steini eru mörkin meðfram Vogatjörn til austurs og suðurs í vesturenda merkjagarðsins. Úr þessum sama merkisteini við tjörnina eru landamerki Minni Vogatúnsins í vestur meðfram tjörninni að merkisteini, sem er vestanvert við mýrartanga sem liggur út í Vogatjörn, og er sá steinn suðurtakmörk Norðurkots og minni Vogatúnsins, úr þeim steini eru mörkin bein lína í norður, norðanhalt í Karlhól og norður að merkisteini við gamalt bæjarstæði „Mörk“ og myndar þar rjett horn í vestur í sementaðan húsgrunn og frá þeim grunni í norður að merkisteini við sjáfangarðinn. Frá þeim steini eru mörkin grjótgarður á sjáfarbakkanum norður að skurði við mýri og sá skurður liggur í austur að stíg sem liggur frá Minni Vogum niður að sjó, og austanvert við stíginn er annar skurður móti hinum sem liggur til norðausturs að grjótgarðshorni. Þessi skurður eru takmörk Minni-Vogatúnsins að norðan. Frá eystra skurðshorninu liggur grjótgarður í norður meðfram mýrinni skamt fyrir norðan „Mýrarhúsatóftir“, og beygir garðurinn þar til suðausturs og liggur alla leið að takmörkum Austurkots og Minni-Voga í Aragerði. Mýrin fyrir norðan Minni-Voga sem takmarkast af fyrnefndum skurðum meðfram sjónum innan grjót og vírgirðinga sem liggja norðan frá henni er sameign Austurkots og Minni-Voga ásamt hólmanum í Vogatjörn og tjörninni norðan þeirra lína sem skilur Suður og Norður Voga. Ennfremur fylgir Austurkoti og Minni Vogum eyðibýlið „Granaborg“ umgirt af grjótgörðum. Alt sem hjer er nefnd sameign Minni Voga og Austurkots er þannig að Minni Voga eiga 2/3 en Austurkot 1/3.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fjörumörk Minni Voga Austurkots og Norðurkots.

Fjörumörk Minni-Voga byrja við gamalt byrgi á Vatnsskeri í Djúpavogi og liggur í ós fram, suðvestur með landinu að lóni, sem liggur sunnanvert við Grænuborgartanga, er stefnir í norðvestur frá Grænuborg þar taka við fjörur Austurkots með fram Grænuborg til suðurs að ós er liggur til norðvesturs og er fyrir neðan stóru klöpp er liggur dálítið fyrir sunnan túngarð Grænuborgar, frá þeim ós eiga Minni-Vogar fjörur í suður að gömlum lendingarstað er kallast Búðarvör, þaðan á Austurkot suður að Minni Vogavör. Fjaran frá Minnivogavör að ós, sem er fyrir norðan bæjarklöppina í Norðurkoti, er sameign Minni-Voga og Austurkots í sama hlutfalli og áður nefnd sameign er. Fjörumörk Norðurkots eru frá ós þessum suður með ströndinni í horn á garði þeim, er aðskilur Suður og Norður Voga í ós fram í stefnu á ytri Njarðvík. Heiðarlandið er sameign Norður og Suður-Voga og skiftist eftir jarðarhundraðum.

Samþykktur línu þeirri er skilur Norður og Suðurvoga

Stóruvogum 28. desember 1921

Sigurjón J. Waage

Árni Theódór Pétursson

Minni-Vogum 28. des 1921

Klemens Egilsson

Hallgr. Sch. Árnason (handsalað)

Hinn 7 mart 1922 er landamerkjalyásing þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 23.

Magnús Jónsson

Gjald

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 25

Landamerkji jarðarinnar Lönd í Miðneshreppi.

Ár 1921 þriðjudaginn 27. september voru gerð landamerki fyrir jörðina Lönd í Miðneshreppi, eru þau sem hjer segir, að norðan skilur túngarður sem er beinn, tún jarðarinnar frá túni jarðarinnar Nesja fram á marbakka beint þar niður af eru fjörumörk milli jarða þessara frá milli túngarðinum að austan er stefna heiðarlands jarðarinnar uppá Háaleiti að sunnan eru mörk jarðarinnar frá jörðinni Busthús tekin frá stórstraumsfjöru norðan til í Landaós þaðan upp fjöruna að enda milli túna garðsins á marbakka er þar merktur steinn sama marki eru merktir 2 steinar er bera öðrum hærra í fjörunni í sömu línu, þá ræður milli jarða þessara túngarðurinn eins og hann nú liggur í bugðu er þar merktur steinn sama marki. Þaðan liggur heiðarland jarðarinnar uppá Háaleyti fyrir sunnan Kólku sem er gömul varða norðast í háleitinu, eins kennismark á markasteinunum er L. M. er þýðir landamerki.

Eigendur jarðarinnar eru að helmingi Daði Jónsson Bár, Elín Ólafsdóttir

Ofanskrifaðri merkjagjörð samþykkir eigendur hliðarliggjandi jarða.

Fyrir jörðina Nesjar: Guðmundur Guðmundsson

Fyrir jörðina Busthús: Vilhjálmur Ketilsson

Hinn 7 martsmánaðar 1922 er landamerkjalyting þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 24.

Magnús Jónsson

Gjald

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 26

Landamerkjabrjef svokallaðrar Hvalnestorfu,
sem eru jarðirnar Hvalnes, Nýlenda, Moshús, Nyibær, Gerðakot og Smiðshús.

Ár 1921, þriðjudaginn 27. september voru gerð landamerkji fyrir ofangreindar jarðir í sameiningu, og eru þau sem hjer segir: Að norðan frá stórstraumsfjöruborði í hæðsta stein á Baruhólma, er þar merkt á steininn þaðan í stein merktan, sem er í túngarðsenda á marbakka, er skilur tún jarðarinnar Busthúsa frá túni jarðarinnar Nýlendu; ræður túngarðurinn mörkum meðan til endist; þaðan liggja merkin beina línu uppá Háa-leyti, fyrir sunnan Kólku, samhliða heiðarmerki jarðarinnar Busthúsa. – Að sunnan eru merkin úr miðju Mjósundi, er liggur sunnan við „Illasker“ uppá klapparnef neðan við kampinn, að þar settu merki á klöppina; þaðan uppyfir marbakkann, að þar merktum stórum steini. – Er þetta bein stefna, samkvæmt því sem hjer segir, frá stórstraumsfjöruborði. – Einkennismark ofanritaðra steina er L. M., sem þýðir landamerki. Frá áðurgreindum steini ofan til á barbakka liggur land jarðanna beina línu að Gömlu-þúfu á Háaleyti, svo norður leitið þar sem það er hæðst þar til kemur að línúmerki jarðanna Busthús, eins og að ofan segir.

Eigendur jarðanna:

Fyrir Hvalsnes: Páll Magnússon

Fyrir erfingja Eiriks sál. Ketilssonar: Þorsteinn Þorstei. (eftir umboði)

Samþykkir ofanritaðri landamerkjagjörð eru:

Fyrir þrem fjórðu hlutum jarðarinnar Stafnes: Eyjólfur Eiríksson

Fyrir einum fjórða hluta sömu jarðar: Daði Jónsson

Fyrir jörðina Busthús: Vilhjálmur Ketilsson

Hinn 7 martsmánaðar 1922 er landamerkjalyásing þessi fyrirfram innfærð í landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 25.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 27

[Fuglavík og Melaberg]

1921, 27. júlí voru samkvæmt útdrætti úr Þjóðskjalasafni landsins gerð landamerki milli jarðanna Fuglavíkur og Melabergs í Miðneshreppi, eru þau nú 80 – áttatíu – faðm. í stað 40 – faðma er verið höfðu um tíma frá Kaðalhömrum til suðurs, samkvæmt skýringu eru 2 – tvær – vörður í heiðinni, fyrir ofan marbakka er bera saman samkvæmt skriflegri umsögn þjóðskjalavarðar ds. 15. desbr. 1920.

Fyrir hönd sveitarjarðarinnar Melaberg var mættur við gjörðina hreppsnefndaroddiviti hreppsins herra Sigurður Kjartansson Sandgerði, en fyrir jörðina Fuglavík voru mættir eigendur hennar Magnús J. Bergmann og Sigurður M. Bergmann.

Fyrir hönd Miðneshrepps Sig. Kjartansson

Magnús J. Bergmann

Sigurður M. Bergmann

Fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu 27. apríl 1922

Magnús Jónsson

Gjald:

3 – þrjár – kr.

Magnús Jónsson



Nr. 28

Lýsing á landamerkjum Saltvíkur

Að norðan skilur Saltvíkurland og Esjubergsland bein stefna frá Varmhólum vestanverðum þar sem þeir eru hæstir á Brautarholtsborg, en að suðaustanverðu skilur Móaland og Saltvíkurland Móalækur eftir að hann fellur í beinan skurð er gerður hefir verið í mörkum á kafla, svo sem lækurinn fellur niður í sjó, en upp í framangreinda markalínu milli Saltvíkur og Esjubergs ræður línun í beinu áframhaldi af nefndum markaskurði.

Á aðrar hliðar liggur land Saltvíkur að sjó.

Viðey 6. desbr. 1921

Eiríkur Briem

Samþykktur: Erlendur Árnason Móum eftir umboði

Hinn 1. maí 1922 fyrirfram innfært í landamerkjabok nr. 28

Magnús Jónsson

Gjald:

3 – þrjár – kr.

Magnús Jónsson



Nr. 29

Sáttafundagjörð út af landamerkjum Melabergs og Nesja í Miðneshreppi.

Á sáttafundi að Útskálum 30. maí 1922 útaf framanskráðri stefnu gengu málsaðilar að svohljóðandi

Sætt:

1. Samningur milli Guðmundar Guðmundssonar og Þorkels Þorkelssonar dags. 8. júní 1918 skal úr gildi numinn.
2. 3. gr. í afsalsbréfi Þorkels Þorkelssonar til Miðneshrepps skal og numinn úr gildi.
3. Oddviti Miðneshrepps undirgengst að ganga frá og láta þinglýsa réttindum núverandi – og framtíðar – búenda í Nesjum til beitarlands í högum Melabergs, bæði til fjöru og heiðar. (Jörðin Nesjar á hagabeit í Melabergslandi, jafnt til fjöru sem heiðar).
4. Landamerki milli Melabergs og Nesja skulu vera sem kveðið er á um í fornum máldögum, að Melabergsá skiftir löndum milli jarðanna.

Skilja svo málspartar sáttir og skrifa hér undir því til staðfestu.

Útskálum d.u.s.

Friðrik J. Rafnar

Magnús J. Bergmann

Sig. Kjartansson

Guðm. Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi Miðneshrepps 16. júní 1922 síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu Nr. 29.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þinglestur: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 30

Landamerkjalyking fyrir Flekkuvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

Flekkuvík tilheyrir land alt, girt og ógirt, á milli, Vatnsleysu að innan og Kálfatjarnar að sunnan.

1. Að innan, (austanverðu) á milli, Vatnsleysu annarsvegar og Flekkuvíkur hinsvegar, eru þessi landamerki, s.kv. merkjalýsingu fyrir Kálfatjarnarkirkju, útgefin samþykkt og þinglesin 1884, en hún var samin og samþykkt áður en Flekkuvík var seld undan Kálfatjarnarkirkjueign: „Klettur út við sjó, hjer um bil miðja vega milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu, sá er Klukka er nefndur, þaðan í Hádegishóla, þaðan í Eystri-Hafnhól, þaðan um nyrðri Flekkuvíkurselás, þaðan í Einiberjahól.“
2. Að sunnan, á milli Kálfatjarnar að sunnan og Flekkuvíkur að innan, eru þessi landamerki: Keilisnes (neskletturinn) en það er klettur sá, er lengst skagar fram og næstur er sjó, í Keilisnesi, er nokkuð stór um sig, og liggur sunnan undir honum, næstum kringlótt kyr, fult af sjón (lón); þaðan eru mörkin tekin í Hermannsvörðu, vörðubrot á hól, spölkorn uppá Keilisnesi sem ber austan til í Fagradalsfjall af Nesklettinum sjeð; þaðan beygja mörkin nokkuð inn á við –, í Arnarvörðu, þá í Flekkuvíkurselásinn vestri og í Einiberjahól.

Eins og sjá má af lýsingu þessari, þá myndar land það er Flekkuvík tilheyrir horn, í Einiberjahól – og endar þar.

Á milli Flekkuvíkur – austur – og vesturparts er túni, matjurtagörðum og fjörum skift þannig:

1. Austur-partur Flekkuvíkur á stíg eða götu niður að sjó, frá og með þeim stíg, eru túnamörk á milli austurbæjar og vesturbæar, því næst er garður, hálfhring um svonefnda Bæjarvík inn að Refshala, en það er þurrabýli í austurtúnhorni austurbæjar, sem tilheyrir Austurbæ, einnig matjurtagarðar þeir er í kringum það býli eru og einnig gerði það er garður sá myndar, sem er áframhald af túngarði þeim, sem er fyrir austur og suðaustur kanti austurbæjartúns – og enfremur gerði það og garður, sem er nokkuð fyrir norðan. Refshalabæjinn, er áður nefndur áframhaldsgarður liggur að; fyrir austur- suður- og suðvestur hliðum austurbæjartúns, er garður að heimreyðartröðum er báðum pörtum tilheyra að jöfnu; því næst eru mörkin mitt á milli garðsveggis og vesturbæjarhús í austur, þangað til að komið er í stefnu mitt á milli húsanna þá beygjast mörkin í norður, í gegn um bæjarsundið, í austurvegg á safnþróg er vesturbær á, frá þróg þeirri, sem áður er nefnd, beygjast mörkin aftur í austur eða suðaustur, með upphækkuðu þrepi, sem er norðan undir austurbæjarbæjarhúsum, að áðurnefndum sjáfarstíg. Í staðinn fyrir það, hvað austurbæjarhús standa að nokkruleyti, á vesturbæjarlóð hefur vesturbær fengið matjurtagarðspart, sem er fyrir austan áðurnefndar traðir –, garðinum er skift með grasbekk, er liggur frá



norðri til suðurs – og á vesturbærinn fyrir vestan þann bekk, að dálitlu niðurlækkuðu garðstykki í vestur horni umgetins garðs undanskildu er austurbær á.

2. Vesturpartur Flekkuvíkur, á tún að áðurlýstum túnamörkum og takmarkast tún hans, af garði að suðvestan, vestan og norðvestan að sjó, sömuleiðis er garður fyrir sjáfarhlið túnsin. Vesturbænum fylgir einnig, svonefndur „vatnagarður“ sem er afmarkaður með gördum og liggur fyrir norðvestan ^{vest} norðurbæjartún og norður að sjó.

Þang- og rekafjörur á austurbær, frá fyrstnefndum sjáfarstíg, í líkri stefnu niður til sjáfar og alla leið inn í mörk, úr Klukku í sjó fram, sömu stefnu og heiðarmörk vísa.

Vesturbær á þang- og rekafjörur, frá áðurnefndum stíg, og suður eða út að merkjasteini, sem er á bökkunum fyrir utan (vestan) „Vatnagarð“; þá austurbær frá nefndum steini, í klapparnef, sem er á milli svo nefndra „Stekkjavíka“ og loks vesturbær, frá nefndu klapparnefi og suður að mörkum þeim, er lýst hefur verið milli Kálfatjarnarhverfis og Flekkuvíkur í Keilisnesi. Utan þeirra girðingarmarka, sem lýst hefur verið, er óskift heiðarland á milli Austur- og Vesturbæar í Flekkuvík.

Gjört að Flekkuvík hinn 29. des. 1921.

Sem eigandi Flekkuvíkur-vesturparts: Steingrímur Jóhannsson

Eigandi Flekkuvíkur-austurparts: Guðmundur Jóhannesson

Eigandi Minni-Vatnsleysu: Sæmundur Jónsson

Eigandi Stóru-Vatnsleysu: Bjarni Stefánsson

Sem umráðamaður Kálfatjarnar-eignar samþykkir Stefán Sigurfinnsson (hrepstjóri)

Lesið á manntalsþingi í Vatnsleysustrandarhreppi 14. júní 1922 og síðan innfært í

Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 30.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þinglestur: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 31

Landamerkjalýsing fyrir Kálfatjarnarhverfi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Kálfatjarnar-torfunni tilheyrir alt það land er landamerkjalýsing frá 1884 tiltekur –, að undanskildu landi Flekkuvíkur er selt hefur verið undan eigninni; jarðir þær og býli, sem tilheyra eignini eru því nú: „Hlið“, „Litlibær“, „Bakki“, „Goðhóll“, „Bjarg“, „Hátún“, „Fjósakot“, „Kálfatjörn“ og Móakot.

Land Kálfatjarnartorfunnar takmarkast því [...] á milli Flekkuvíkur að innan – og svo sem landamerkjalýs[ing] frá 1884 tilekur –, að Norðurkoti að sunnan. Á milli Flekkuvíkur annarsvegar og Kálfatjarnar hinsvegar eru þessi landamerki: „Keilisnes“ (neskletturinn) en það er klettur sá sem næstur er sjó, nokkuð stór um sig og liggur sunnan undir honum næstum kringlótt kyr fullt af sjón (lón). Þaðan eru mörkin tekin í „Hermannsvörðu“ sem er vörðubrot á hól spölkorn uppá Keilisnesi, sem ber austantil í Fagradalsfjall af Nesklettinum sjeð; þaðan beygjast mörkin nokkuð inn á við og í „Arnarvörðu“, þá í „Flekkuvíkurselásinn“ vestri og í „Einiberjahól“ en þar tekur við markalína sú á milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu, sem lýst er í landamerkjalýsingu 1884.

1. Hlið, er þurrabýli, sem á lóð að Norðurkots-landi annarsvegar og Góðhóls, á tvo vegu hinsvegar, en hlið lóðarinnar er heiðargarður; öll er lóðin afgyrt með grjótgörðum. Því tilheyra þang- og rekafjörur frá Keilisnesi í Borgarkotstanga, í stóra klöpp ofarlega í fjöru með skoru eða gjá í miðju, hvar mörkin liggja í með stefnu á Keilir.
2. Litlibær, hefur útmælda erfðafestulóð með samningi útgefnum og samþykktum 1908; alla afgirta með grjótgörðum. Litlabæ tilheyra þang- og rekafjörur frá mörkum þeim er við Hlið hefur verið lýst og á Breiðufit; nálægt miðri fjöru eru þrjár standklappir, í miðklöppina eru mörkin í stefnu á Keilir upp- og fram fjöru.
3. Bakki (hinn nýji) hefur einnig útmælda erfðafestulóð afmarkaða með grjótgörðum alt í kring og liggur hún sunnan til við Litlabær-lóðina einnig hefur Bakki lóðarspildu – á leigu – sunnan við erfðafestu lóðina, alt afgirt með grjótgörðum. Bakka tilheyra þang- og rekafjörur frá mörkum þeim, sem lýst hefur verið við Litlabæ og í ós þann, sem er inn ur vík þeirri er skerst inn næst fyrir norðan Rjettartanga – í stefnu á Keilir.
4. Goðhóll, á tún að heiðargarði þeim sem er áframhald af heiðargarði Hliðs og Kálfatjarnar og alt til sjáfar og liggur tún Goðhóls því á milli Kálfatjarnartúns að norðan og austan og Norðurkotsvatnagarðs að sunnan og vestan. Goðhól tilheyra fjörur frá vesturhorni túngarðsins í Marklett en að norðan í skoru eða gjá, sem er í mjög stórri klöpp, sem er spölkorn fyrir norðan túnamörk Goðhóls og Kálfatjarnar ofarlega í fjöru. Einnig tilheyra Goðhól fjörur frá mörkum þeim er lýst hefur áður verið við Bakka og í strýtumyndaðann hól er stendur spölkorn fyrir ofan kamp; og skal Keilir bera í hann og á sú stefna að haldast í ós þann miðjan er lengst gengur inn í Rjettartanga og ræður hann mörkum.



5. Bjarg er þurrabýli og liggur lóð þess norðvestan til við Bakkatún, öll er lóðin afmörkuð með grjótgörðum. Bjargi tilheyra fjörur frá mörkum þeim sem lýst hefur verið við Goðhól og í stóra klöpp er liggur ofarlega í fjöru, úr henni gengur Læna uppundir kamp; klöppin er sprungin og liggja mörkin í sprunguna og að Keilir beri í hana og ræður sú stefna upp og fram fjöru.
6. Hátún, tún þess liggur til heiðar á tvo vegu og takmarkast tún þess af grjótgörðum er til heiðar snýr að austan og sunnan en að vestan af traðargarði er liggur heim að Kálfatjörn; úr traðargarðinum liggur vírgirðing í norður að túnamörkum Hátúns og Fjósakots og tilheyrir Hátúni og sömuleiðis er vír á milli Hátúns- og Fjósakotstúns. Hátúni tilheyra fjörur frá mörkum þeim er við Bjarg hefur verið lýst og í miðjan tanga þann er lengst gengur fram næst fyrir norðan Nausthól.
7. Fjósakot, tún þess takmarkast af áðurumgetinni vírgirðing liggur á milli þess og Hátúns og sömuleiðis á milli Kálfatjarnar að suðvestan en grjótgarði að norðan og austan er snýr að svonefndum girðingum er því tilheyra og liggja mörkin á þeim úr austur túngarðshorninu hjer um bil í norðaustur í stóra klöpp út við ytri garðinn í henni er gjá eða vatnsstæði. Fjörur þær er Fjósakoti tilheyra, eru frá mörkum þeim er fyrir Hátúni hefur áður verið lýst, og vel þrjár fjórðu $\frac{3}{4}$ af Nausthólsvík í stóra strýtumyndaða þúfu er stendur á bakkanum rjett fyrir ofan kampinn, þúfan er mjög auðkennileg og er engin þar nálægt lík henni, há og keilumynduð – og liggja mörkin í ós þann er fellur út út Nausthólsvík og ræður hann. Fjósakot á uppsátur og vergögn í Bakka-vör.
8. Kálfatjörn, heimajörðin, hún á tún alt milli heiðargarðs og að sjáfargarði; að austan eru traðir er liggja út að heiðargarði undan suðurhorni grafreitsins, tilheyra þær eins og verið hefur Kálfatjörn einni og eru í mörkum á milli Hátúns og svo mikluleyti, sem það nær með tröðunum, að vestan er garður er liggur frá heiðargarði og alla leið að sjáfargarði hann er merkjagarður milli Goðhóls og Kálfatjarnar, þó bugðóttur sje. Að norðan og norðaustan liggur garður, bugðóttur mjög, alla leið frá sjáfargarði og að Fjósakotstúni, garður sá er í mörkum milli Kálfatjarnar og Móakots. Kálfatjörn á og girðingar þær er garður sá afmarkar er gengur frá þvergarði þeim í girðingunum er afmarkar Móakotspart af girðingunum; en garður sá er áframhald eða því sem næst af norðurtúngarði Móakots og stefnir í suðaustur út að ytri garði girðinganna. Kálfatjörn tilheyrir það sem fyrir norðan þennan garð er. Kálfatjörn tilheyrir einnig einni inningarðs alt hið forna Bakkaland að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið selt á leigu og erfðafestu handa Bakka (nýja) Bjargi og Litlabæ. Kálfatjörn tilheyra fjörur allar frá mörkum þeim er lýst hefur áður verið við Fjósakot og alt í kring um Bakka alla leið að norður-túnhorni Móakots niður fjöru fyrir norðan Búðalóns-grandann – hann tilheyrir Moakoti; þegar niður í fjöruna kemur beygjast mörkin nokkuð norður á við í ós er fellur til sjáfar hann ræður mörkum. Einnig tilheyrir Kálfatjörn fjörur frá klöpp þeirri sem er upp við kamp rjett fyrir sunnan túnamörk



Móakots og Kálfatjarnar niður fjöru fyrir sunnan Búða-lónsgrandann syðri eða vestri og að Goðhóls fjörumörkum, svo sem þeim hefur hjer áður verið lýst.

9. Móakot, tún þess takmarkast að norðan af sjáfargarði og að sunnan og suðvestan eins og lýst hefur verið af bugðóttum garði milli þess og Kálfatjarnartúns, að sunnan einnig með grjótgarði (~~er liggur að svonefndum~~) milli þess og Fjósakotstúns; að norðan og norðaustan einnig með grjótgarði er liggur að svonefndum girðingum er því tilheyra. Móakot á girðingar jafnt túni sínu út að ytri garði girðinganna að og eftir mörkum þeim sem lýst hefur áður verið hjer við Fjósakot og Kálfatjörn. Fjörur þær sem tilheyra Móakoti liggja niður undan túni þess, og nokkra faðma suður fyrir túnmörkin –, Buðalónsgrandarnir báðir tilheyra því Móakoti einsog lýst hefur verið við fjörumörk Kálfatjarnar. Móakotið á uppsátur og vergögn í Bakkavör.

Gert að Kálfatjarnarhverfi hinn 30. des. 1921

Vegna Kálfatjarnar-eignar samþykkur

St. Sigurfinnsson (hreppstjóri)

Undirskriftir undir framanritaða landamerkjalyising fyrir Kálfatjarnarhverfi.

Eigandi Flekkuvíkur: Guðm. Jóhannesson

Eigandi Norðurkots: Björn Jónsson

Eigandi erfðafestulóðarinnar „Litlibær“: Helgi Sigvaldason

Eigandi erfðafestulóðarinnar „Bakki“ (hinn nýji): Bjargm. Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi í Vatnsleysustrandarhreppi 14. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Nr. 31.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þinglestr – 3 – þrjár krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 32

Landamerkjabrjef fyrir jörðina Sviðholt í Bessastaðahreppi.

Að austanverðu frá Sviðholtsbrunni beina línu, sem liggur eptir garðbroti suður í Krók, og þaðan eptir girðingu, sem liggur til suðvesturs í vestur, – eptir suðurhlið kálgarðsins beina línu vestur í Svalbarðatraðir. Þaðan beina línu í kálgarðshornið vestanvið Svalbarðatraðir, og 5 famða breiða spildu austanaf þeim kálgarði, og þaðan í norður beina línu með bæjardira vegnum að austanverðu, og þaðan í norðvestur eptir girðingu, sem liggur í garðshorn; og þaðan vestur eptir girðingu í hesthúsgaflin. Þaðan bein lína í norður í Þóroddarkotstúnhalan; enfremur eptir girðingu og garðlagi, sem liggur norður að Gerðakotstúni, og þaðan beina línu eptir girðing, sem liggur norður í túngarð.

Enfremur svonemdur Hjallalandsvöllur, sem liggur neðan frá sjó allaleið að götu sem liggur frá Þórukoti að Bjarnastöðum. Þessi völlum er umgirtur á alla vegu enfremur fylgir honum kartöflugarður.

Fjara og þangskurður 2/3 tveir þriðju móts við vestur partinn að vestan við ^{hans} (Orms) fjöru Enfremur ýtak í svonemdu Sauðagerði í Suðurhólma

Enfremur mírarstykki, sem liggur til austurs alla leið að svonemdu Þrætustykki skurður að norðan verðu og merkjavörður að sunnanverðu úr kekkjum

Enfremur annað stikki austan við túnið skurður að sunnanverðu; allt hitt er girt með vír takmörk að austan að svonemdu Þrætustykki og Eyvindarstaðalandi.

Sviðholti 15. júní 1922

Eyjólfur Gíslason Handsalað

fyrir hönd vestur partsins Ólafur Gíslason

Samþykkur fyrir Svalbarðann Þorstínn Eiríksson

Samþykkur fyrir Þórukotið Þorsteinn Magnússon

Samþ. Fyrir Brekkukot og Gerðakot Ólafur Bjarnason

Samþykkur fyrir Eyvindarstaði Stefán Jónsson

Samþykkur fyrir Bjarnastaðajörðinna oddviti Bessastaðahrepps Klemens Jónsson

Lesið á manntalsþingi Bessastaðahrepps 29. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu og Kjósarsýslu, Nr. 32.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þinglestr: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 33

Landamerki Bessastaða með Lambhúsum.

Þessi eru landamerki Bessastaða með Lambhúsum, eftir fornum skjölum og brúkun frá ómunatíð.

Bessastaðir eiga að austan, norðan og sunnan alt að sjó (Skerjafirði og Lambhúsatjörn), en milli Lambhúsa og Eyvindarstaða eru landamerki að norðan og norðaustan bein lína úr Grásteini á Brekkugranda, fyrir utan Lambhúsaveitu og í miðjan Bessahólma, sem og heyrir undir Bessastaði. Að sunnanverðu eiga Bessastaðir (Lambhús) stefnu úr Lambhúsatjörn að Grásteini, á fjurtjeðum Granda. Þríhyrnuna fyrir vestan veginn sem liggur út og suður á Grandanum, hefi jeg selt Ólafi Bjarnasyni á Gesthúsum.

Bessastöðum 20. júní 1922.

Jón H. Þorbergsson

Samþykkur: Klemens Jónsson vegna Brekkubúðar

Samþykkur: Ólafur Bjarnason

Samþykkur fyrir Eyvindarstaði Stefán Jónsson

Lesið á manntalsþingi Bessastaðahrepps 29. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 33.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þinglestr: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 34

Landamerki Landakots í Bessastaðahreppi.

Landamerki milli Landakots og Deildar eru úr steini sem merktur er með járnbolta og settur er undir útsuðurkanti Deildarkotskálgarðsins, þaðan bein stefna 60 m. til útnorðurs í stein eins merktan og hinn fyr nefnda, og ræður stefa sú er þessir tveir mynda, landamerkjum á milli Landakots og Deildar, til sjávar.

Úr fyrst nefndum steini undir Deildarkotskálgarði, bein stefna 38 m. til útsuðurs í stein sem merktur er á sama hátt og hinir fyr nefndu steinar og er hann ofan vert við Deildarbæinn, þaðan bein stefna til landsuðurs 50 m. í eins merktan stein, þá til útsuðurs að götu þeirri sem liggur af Aurvelli utan túngarðs niður að Deild, úr því ræður gatan merkjum á c. 158 m. til landsuðurs að eins merktum steini. Þaðan bein stefna til útsuðurs 56 m. og kemur þá í austurhornið á matjurtagarðinum í Grænhól, úr því ræður garðurinn merkjum fyrst til norðurs og svo til útsuðurs alls 68 m., þá liggur markalínan beint til vesturs 18 m. í eins merktan stein (og eru allir áður nefndir steinar eins merktir og fyrsti steinninn), þaðan bein stefna til útsuðurs í markavörðu sem hlaðin er úr snyddu og hún er horn-mark á milli Landakots og Deildar. Þaðan bein stefna til landsuðurs gegnt landi Bjarnastaða og Sveinskots í hornmark á milli Landakots og Eyvindarstaða, sem er varða úr torfi, úr þeirri vörðu er bein lína til norðurs í tungarðin fyrir svo nefndu Gerði í Eyvindarstaðatúni vestast, þaðan bein lína, til landnorðurs í vörðu á miðjum Aurvelli, mitt á milli túngarðanna í Landakoti og Eyvindarstöðum. Þaðan bein stefna á Skólavörðuna og Stóra skurði, úr því ræður hann merkjum á milli Landakots og Akrakots vestur í Báruhaukseyrartjörn, sem nú er 55 faðmar á breidd undan Stóraskurði, þar as á Akrakot 27 ½ faðm vestur í tjörnina, þaðan beint til landnorðurs í endan á skurði sem aðgreinir Landakotsengarnar að austan verðu frá Akrakotslandinu, aðalstefna hans er á Svínaskarð, lengd 114 m. Þaðan liggur skurðurinn 90 m. til útnorðurs að Akrakotstúngarði. Aðalstefna túngarðsins og skurðsins ræður merkjum til sjávar, á milli Landakots og Akrakots.

Landakoti 27. juni 1922.

Guðni Jónsson

Samþykkur fyrir hönd Bjarnastaðanna oddviti Bessastaðahrepps Klemens Jónsson

Samþykkur Jón Gottsveinsson Eigandi að Tröð (handsalað)

Samþykkur Runólfur E. Sverrison eigandi að ½ Akrakoti

Samþykkur Erlendur Björsson eigandi að ½ Akrakoti

Samþykkur fyrir Eyvindarstaði: Stefán Jónsson

Samþykkur fyrir Deild Guðm. Hróbjartsson

Samþykkur fyrir Sveinkot Sveinbjörn Sveinsson

Lesið á manntalsþingi í Bessastaðahreppi 29. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 34.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 35

Landamerki jarðarinnar Sviðholts III. í Bessastaðahreppi.

1. Mörk fyrir túni: Bein línaúr kálgarðshorninu við veginn í Svalbarðatröðum, niður með honum að vestan verðu í stein merktan einum kross, þaðan bein lína vestur að Þórukotstúni í eins merktan stein, þaðan bein lína norður að götunni, sem liggur frá Sviðholti niður að Þórukoti í eins merktan stein. Þaðan ræður gatan niður að svo kallaðri Fjósaflöt og þar í merktan staur og þaðan bein lína í garðlag til norðurs á milli Bjarnastaða túnanna og Sviðholts, og eftir því austur í traðir er liggja frá Sviðholt niður með skóla. Síðan ræður vegurinn takmörkum austan að túninu suður að götunni sem liggur niður að Þórukoti. Af svo nefndum Hjalla landsvelli, fylgir jörðinni spilda, mörk þannig: Bein lína úr syðri kámpinum á Sviðholts vör upp á móts við kálgarðshornið efra norðan við götu, sem liggur frá Þórukoti niður að sjó, þaðan ræður gatan mörkum upp að götu sem liggur frá Þórukoti norður að Bjarnastöðum í merktan stein neðan við götuna, við spildu sem fylgir hinum Sviðholtsjörðunum. Þaðan bein lína niður að kálgarði, sem hinar Sviðholtsjarðirnar eiga, í merktan stein. Auk þessarar spildu fylgir jörðinni þríhyrnd spilda sem skerst í odda upp á milli kálgarðs og sjávarbyrgja hinna Sviðholtsjarðanna, og heitir Skifti-tunga.
2. Mörk fyrir kálgorðum og landi undir bæjarhusum. Í kálgarðinum á Hjallalandsvelli ræður grjótgarðsbrot að norðan mörkum á milli hinna Sviðholtsjarðanna, á aðra vegu liggur land jarðarinnar að honum. Merktir staurar í kálgarðinum fram af bænum ráða mörkum í honum á milli jarðanna Sviðholts II. og I. annarsvegar og Sviðholts III. hinsvegar, þannig að hin síðast nefnda á vestan við mörkin. Mörk austan að landi undir bænum eru úr kálgarðshorni suðaustan vert við bæinn með fram bæjarhúsum í norður eftir steinaröð og girðingu í merktan staur fyrir norðan kálgarðinn, þaðan til vesturs í merktan staur við kálgarð austan við veginn, þaðan bein lína með fram kálgarðinu til suðurs í merktan staur og þaðan til vesturs í kálgarðshornið sem er áfast við veginn.
3. Mörk á mýri: Hún liggur undan túnjaðri Sviðholts I. og er hún að skilin frá landi þeirrar jarðar með grjótgarðlagi hliðs með túninu og að sunnanverðu er hlaðin þúfa við grjótgarðslagið og bein lína til austurs úr henni í hlaðna þúfu við svo nefnt þrætustykki, þaðan bein stefna til norðurs í hlaðna þúfu sem er mark á milli Sviðholts II. og þaðan beina stefnu til vesturs í hlaðna þúfu við áður nefnt grjótgarðslag.
4. Fjörur. Jörðin á einn þriðja úr fjörum alls Sviðholtsins sem liggja á milli Sviðholts varar og Bjarnastaðamarka í fjöru, og liggur partur jarðarinnar næst vör hennar. Ennfremur á jörðin $\frac{1}{4}$ - er einn fjórði – úr fjörum í Sauðagerði og þangskurð og beitutekju í Sviðholtshólma að tiltölu við hinar jarðirnar úr Sviðholtinu.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ólafur Gíslason

Samþykkur fyrir hönd Sviðholts I og II Eyjólfur Gíslason (handsalað)

Samþykkur vegna Bjarnastaða Klemens Jónsson F.h. Bessastaðahrepps.

Samþykkur fyrir Þórukotið Þorsteinn Magnússon (handsalað)

Samþykkur fyrir Haugshusum Eyjólfur Þorbjarnarson

Samþykkur fyrir Há kotið Þorsteinn Eriksón

Samþykkur sem eigandi að ¼ í jörð þessari Ólafur Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi í Bessastaðahreppi 29. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók

Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 35.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur.

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 36.

Landamerkjabrjef fyrir Saurbæ á Kjalarnesi.

Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjó, fyrir sunnan svokallaðan Markalæk, fyrir norðan Hjarðarneskot og svo þaðan beina stefnu í tvo steina báða merкта með M.K. og stendur annar þeirra á stórasandhól fyrir norðan veginn en hinn sem er stærri stendur að sunnan verðu við veginn.

Á milli nefndra steina og framannefnds steins við sjóinn, skulu eftir beinni línu vera settar tvær vörður, önnur á brúnina á Stórasandhól, en hins hjerumbil miðleiðis milli vörðu þessarar og markasteinsins við sjóinn.

Frá merkjasteinum þeim er við veginn standa, er bein stefna í Strítu á fjallsbrún og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður.

Innan þessara marka eru lönd Kirkjujarðanna.

1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarneskots, út að jarðfallinu við Selvík, beina stefnu í vörðu á Skarðshólnum.
2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Bleikdalsá frá sjó að Bleikdalsmynni, en að norðanverðu eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina beina línu í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri, og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskifta beit, en slæjur þannig að Hjarðarnes og Hjarðarneskot hafa slæjur fyrir ofan götu milli Heigils og Bolagils, en Ástún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.

Svokallað Saurbæjarsker fyrir framan Bakka á Saurbær til allra afnota.

Saurbæ 8. mæ. 1922

Eyjólfur Runólfsson (eygandi ofannemdra jarða).

firir Mela Þórður Elíss

Jón Jónsson Útkoti

fyrir Norðurkot Sigfús Jónsson

Næstliggjandi jarðir.

Fyrir Tindstöðum Daníel Magnússon og Ásmundur Ólafsson

Fyrir Miðdal Guðmundur Brynjólfsson

Fyrir Eylífsdal: Þórður Oddsson

Vegna Brautarholts Jóhann Eyjólfsson

Vegna Bakka Þorvarður Guðbrandsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 36.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. – 3 – þjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 37.

Landamerkjabrjef fyrir Hof á Kjalarnesi í Kjalarneshreppi.

Móts við Vallá. Að austan. Ur grjótvörðu á há Klifbergi niður við sjón, bein lína í Helguhól sem er einn hóll vestast á Vallargrundum. Þaðan bein stefna um Hrafnakletta sem eru tveir sjerstakir klettur framan í Esjunni, upp undan Dældunum austast, og á fjall upp.

Móts við Lykkju syðst að vestan, ræður túnskurður og girðing merkjum, upp að hornmarki á Krógstúni í suðausturhorni. Þá ræður girðing merkum móts við Krók milli túna. Þá bein lína úr mertum stólpa með torfvörðu við túngirðingu Krógs að norðanverðu við túnið, um austasta klettinn á Kvíjabóli og í klett með grjótvörðu á vestast á Húsholti. Þaðan bein lína í lækjarfarveg og upphlaðna grjótvörðu í Stríthólum, þaðan bein lína á fjall upp, og svo lant sem vötnum hallar.

Móts við Jörfa, að austan, ræður Jörfalækur merkjum uppí efsta jarðfall skamt fyrir ofan Jörfaholt vestantil, þá ræður skurður sem lyggur í austur alla leið í aurbrú þá áframhaldandi bein lína austur í torfvörðu við Klifbergslæk. Svo ræður Klifbergslækurinn niður í sjó.

Hofi 20 júní 1922

Hjalmar Þorsteinsson (eigandi Hofis og Jörfa)

Magnús Magnússon (fyrir Lykkju)

Benidikt Magnússon Eigandi Vallá

Guðbjartur Jónsson (fyrir Króki)

Vegna Brautarholts Jóhann Eyjólfsson

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 37.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 38.

Landamerkjabréf fyrir Mela, Norðurkot og Útkot á Kjalarnesi.

Milli Melahverfisins annars vegar og Hjarðarnes og Saurbæjar hinsvegar.

Beina línu skal taka frá steini með þúfu á fyrir norðan Hjarðarnes lítið eitt fyrir sunnan svo kallaðan Markalæk í tvo steina sem eru sinn hverju megin við aðalveginn á stóra sandhól, báðir merktir M.K. í beinni línu milli merkja þessara skal hlaða tvær vörður aðra á Stórasandhól og hina miðja vega á aurnum Vörður þessar skulu hlaðnar og haldið við af hlutaðeigandi jarðareigendum. Frá nefndum markasteinum við veginn er áfram haldandi stefna í strítu á fjallsbrún og svo beina stefnu frá strítu þessari eins og vötnum hallar í litlahnúk sem er fyrir vestan Dýadalshnúk og þaðan niður í Þverá, og svo eins og Þverá ræður til Kiðafellsár, þaðan ræður Kiðafellsá til sjóar.

Landið frá Þverá allt fram á Kleifar eða Klettabrún er sameignarland Melahverfisins og Tindstaða, samkvæmt sáttargjörð frá 31. maí 1763.

Gjört í júní 1922.

Þórður Elísson Melum

Sigfús Jónsson Norðurkoti

Jón Jónsson Útkoti

Ólafur Ólafsson Kiðafelli

fyrir Saurbæ Eyjólfur Runólfsson

Með skýrskotun til sáttagjörðar frá 31. maí 1763 samþykkur með það fyrir augum að spildan milli Þverár, Kleifa og Klettabrúnar upp að Saurbæjarmörkum, sje sameignarland p.t. Lykkju 22. júní 1922

Ásmundur Ólafsson

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 38.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur.

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 39.

Landamerkjabréf fyrir Útkot í Kjalarnesshreppi.

Milli Mela og Útkots bein lína úr grjótvörðu á Melaholti í torfvörðu í bæamíri (horn-mark) og þaðan bein lína í vörðu fyrir ofan jarðfall (horn-mark milli Mela Útkots og óskiftu) og bein lína úr vörðu þessari í upptöku jarðfallslækar þar sem hann kemur undan barðabrún og þaðan eftir barðabrún í vörðu á itri Útkotsgilbarmi og þaðan í grjótvörðu á Melaholti.

Gjört í júní 1922

Jón Jónsson Útkoti

Sigfús Jónsson Norðurkoti

Þórður Elísson Melum

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 39.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur.

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 40.

Landamerkjabrjef fyrir Krók í Kjalarneshreppi.

Suðaustur hornmark, á Krókstúni þar sem merkjaskurður endar milli Hofs og Lykkju. Frá þessu hornmarki móts við Lykkju, beygist merkjalínan í útnorður, eftir svo kölluðu Hágerði í hornmarg efst á Lykkjutúni, beigist þaðan til norðurs í næsta hornstólpa norðan og vestast við Krókstún, þaðan bein lína í melbarð vestantil við Hofssauðhús. Úr nemdu melbarði bein lína í grjótvorðu vestanvert við svo kallaða Stríthóla. Þaðan bein lína í fjall upp. Móts við Hof, að austan, ræður girðing merkjum milli túna frá fyrst nemdu hornmarki. Svo úr mertum stólpa í túngirðingu Króks fyrir norðan túnið með torfvorðu við, bein stefna um austasta klettinn á Kvíjabóli í klett með grjótvorðu á vestast á Sauðhúsholti. Þaðan bein lína í lækjarfarveg og grjótvorðu í svo kolluðum Stríthólum, þaðan bein lína á fjall upp. Ennfremur á Krókur ítak syðst í svo kölluðu Bakkakots-landi við Heiðvíkurlæk, 90 metra breiða spildu efst og neðst auk 110 metra fjöru fyrir þessu landi

Sömuleiðis á Krókur slæjuítak niðurundan Langaskygnishól fyrir vestan Lykkju, svo sem upp hlaðin merki segja til 6 $\frac{1}{6}$ teigs að stærð.

Svo á og Krókur grjótfjöru svo kallaða Hjallavík eða vör 30 metra á breidd eða 15 metra á breidd austurs og vesturs á báða vegu og eignarrjett yfir þessu svæði, ásamt uppsátursrjetta. Hjallavík þessi eða vör er yðst á svokölluðum Hofstanga.

Króki 20 júní 1922

Hjálmar Þorsteinsson (eigandi Hofs)

Magnús Magnússon (fyrir Lykkju)

Guðbjartur Jónsson fyrir Króki

Vegna Brautarholts Jóhann Eyjólfsson

Lesið á manntalsþingi Kjalarneshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 40.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 41.

Landamerkjabrjef fyrir Brautarholt í Kjalarneshreppi, ásamt fyrir jarðirnar
Bakkaholt, Brekku, Arnarholt, Mýrarholt og Prestshús.

Að norðanverðu er merkin frá Holtsgróf upp með Bakkaholtstúni sunnanverðu, og þaðan í neðri enda flóðskurðar og svo upp Flóðskurðinn, og þá uppí og upp með Pollalæk. Á þessu svæði frá Pollalæk að Holtsgróf við sjó, er nú lögð girðing sem er og skal vera merkjagirðing milli Bakka og ofanefndr jarða, þar til ef öðruvísi verður ákveðið, og skulu hlutaðeigandi jarðareigendur skyldir í fjelagi að halda þessari girðingu við, svo hún sje ætíð í góðu og gildu standi.

Frá Pollalæk er stefnt í urðargeira og þaðan í fjallsbrún, og svo með fjallsbrúninni á mótis við Arnarhamar, og frá Arnarhamri í skurðsenda norðanvert við Langholtsvað og þá með skurði þessum er lyggur vestanvert við Langholtin þartil beiing kemur á hann vestan vert við Likkju-torfholt, og svo þaðan beina línu um merkjabúfu í Hjassabúfu og þaðan í áframhaldandi beinni línu að upptökum Heiðvíkurlækjar og svo ræður Heiðvíkurlækur í sjó fram. Á öllu svæðinu frá því neðanvert við Arnarhamar og þar til Heiðvíkurlækur kemur í sjó er nú lögð girðing samkvæmt áðurnefndri merkjalínu. Þessi girðing er nú og skal vera ákveðin merkjagirðing þangað til ef öðruvísi verður ákveðið.

Eigendur Brautarholts og Likkju skulu annað um að þessari girðingu sje haldið við í góðu og gildu standi, og skal eigandi Brautarholts bera þann kostnað að tveim hlutum, en eigandi Likkju að einum þriðja.

Ennfremur fylgir Brautarholti Bleikdalur allur sunnan Bleikdalsár, suður austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, ennfremur Andriðsey á Hvalfyrði.

Brautarholti 31. maí 1921.

Jóhann Eyjólfsson eigandi Brautarholts og fyljandi jarða

Magnús Magnús umráðamaður í Lykkju

Samþykkur hvað jörðina Bakka snertir Þorvarður Guðbrandsson

Samþykkur vegna Saurbæjar Eyjólfur Runólfsson

Samþykkur vegna Vallár Benidikt Magnússon

Samþykk vegna Skrauthóla Oddrún Bergþórsdóttir

Samþykkur vegna króks Guðbjartur Jónsson

Samþykk vegna Sjóarhóla Elín Halldórsdóttir

Samþykkur vegna Hofs Hjálmar Þorsteinsson

Samþykkur vegna Esjubergs fyrir hönd Eiríks Briem

Eggert Briem eftir umboði

Lesið á manntalsþingi Kjalarneshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 41.

Magnús Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 42.

Landamerkjabrjef fyrir Lykkju á Kjalarnesi.

1. Móts við Brautarholt.

Syðst: Að vestan 90 metra sunnan frá upptökum Heiðvíkurlæks er torfvarða (hornmark). Að vestan frá greindri torfvörðu stefnt á Hjassapúfu úr Hjassapúfu í Markapúfu á Árnamel í skurðshorn vestanvert við Lykkjutorfholt áframmhaldandi eftir skurði er liggur ynnmeð Langholtum að vestan í gaddavírsgyrðingu móts við Langholtsvað, þaðan í lannorður í Arnarhamar og beint á fjall upp.

2. Mót við Hof.

Syðst: Að austan eftir merkjaskurði er liggur milli túna Lykkju og Hofs í hornmark yst á Krókstúni beygist til útnorðurs eftir svo kölluð Há-gerði í hornmark efst á Lykkjutúni. Beigist til norðurs í horn stólpa norðast og vestast á Krókstúni, og beinstefnu á upphlaðna torfvörðu vestantil við Hofssauðahús, úr áðurnefndar torfvörðu beinstefna á upphlaðna grjótvörðu vestanvert við svo kallaða Stríthóla, og þaðan á fjall upp.

3. Í ytaki Hofshverfisins milli Vallaár og Skrauthóla á Lykkjueingastykki beint upp af Hofseingum, (sem nú er eign Valláar og h/f Pípugerðarinnar í Reykjavík). Landamerki eftir því sem girðingar nú standa, og fjallendi þar uppaf 110 metra á breidd og beint á fjall upp, og fjöru niðrundan Hofseingum 110 metra á breidd.

Öll gadda-vírs-girðing sem er á landamerkjum milli Lykkju og Brautarholts er eign Lykkju að einum þriðja og Brautarholts að tveim þriðju, og til viðhalds eftir sömu hlutföllum.

Lykkju 15. júní 1922.

Hjálmar Þorsteinsson (eigandi Hofs.)

Magnús Magnússon (fyrir Lykkju)

Vegna Brautarholts Jóhann Eyjólfsson

fyrir Skrauthóla Oddrún Bergþórsdóttir

Benidikt Magnússon eigandi Vallá

Guðbjartur Jónsson (fyrir Króki)

Lesið á manntalsþingi Kjalarneshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 42.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Magnús Jónsson



Nr. 43.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Vallá á Kjalarnesi í Kjósarsýslu.

Að vestanverðu milli Vallár og Hofs úr grjótvörðu neðst á háklifbergi beina línu í Helguhól, sem er vestast á Vallár grundum þaðan beina línu um Hrafna kletta sem eru tveir sjerstakir klettir framan í Esjunni, austast upp undan dældunum, og þaðan bein-lína á fjall upp þar til vötnum hallar norður af.

Að austanverðu milli Vallár og engjabletts sem hlutafjlagið pípuverksmiðjan í Reykjavík á, og engja stikkjis sem Lykkju til heirir, eru þessi mörk, úr eikarstólpi niður við sjávarkaminn 116 metrar fyrir austan hliðið í suðvestur horni girðingarinnar, bein lína í torf vörðu sem er upp girðinguna, á milli ofar nefndra engja stikkja eru á milli Vallár og engja stikkissins fra Lykkju, ræður girðing sem nú er, og í torfvorðu sem er upp undan Lykkju engunum, og þaðan beina stefnu um grjótvörðu sem er þar nokkuð ofar, á fjall upp þar til vötnum hallar norður.

Enn er engja stikki sem liggur á milli Skrauthóla lands og Lykkju engja að austan úr torf vörðu á skurð bakkanum og eftir skurðinum og úr skurðs endanum beina stefnu í svarta skúta í torf vörðu sem er ofan við díjakróka (og er hornmark) og þaðan bein stefna í vestur í torfvorðu (sem er horn mark) en að vestan og neðan ræður girðing sem nú er.

Vallá 19 júní 1922

Benidikt Magnússon

Sambíkk Oddrún Bergþórsdóttir Skrauthólum

Hjálmar Þorsteinsson (eigandi Hofs)

Magnús Magnússon (fyrir Lykkju)

Vegna Brautarholts Jóhann Eyjólfsson.

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 22. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 43.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 44.

Landamerkjabréf Ingunnarstaða ásamt Hrísakoti, og Skorhaga í Kjósarhreppi.

Vegna þess að landamerki milli nefndra jarða hafa raskast (þúfa sem stendur við Brá sbr. landamerkjaskrá frá 1890 fyrirfint ekki) höfum við undirskrifaðir eigendur þeirra gjört ný merkji.

Merkjin eru þannig: Þar sem Vörðuhvamlækur kemur framan af brúninni er stefnan beint norður og suður niður að mýrinni, þaðan beint í austur 100 faðma, þá réttur vinkill niður að Brynjudalsá. Nefnd merkji eiga að vera girt með fjórsettum gaddavír.

Til staðfestu framanritaðra landamerkja ritum vér eigendur nefndra jarða nöfn okkar hér undir.

Samningur þessi er í tveim samhljóða eintökum.

Ingunnarstöðum 15 febr. 1922.

Lúther Lárusson

Þorsteinn Narfason

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 44.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 45.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Miðdal og Melbæ í Kjósarhreppi –
áður Miðdal Miðdalskot sem nú er orðin sameign og ein jörð og Melbæ.

Útmerkji jarðanna eru þessi:

Að vestan Kerlingargil og úr því bein lína í „Markalág“ við Miðdalsá, svo eptir ánni til vesturs að Markagili, svo Markagil og úr því bein lína um markastein við fjallið upp á brún, svo áfram haldandi bein lína í Fossá.

Að norðan ræður Fossá merkjum, að upptökum hennar, þaðan bein lína í Skorárupptök, þar fyrir austan eptir því sem vötnum hallar, austur Sandfell og Múla að Festarhrygg.

Að austan: Festarhryggur og úr honum bein lína eptir merkjavörðum í Innri-Sandhrygg og eptir honum í Þórnýjartind.

Að sunnan frá Þórnýjartindi eptir há-Esju eins og vötnum hallar vestur á Tindstaðahnjúk. Þaðan beint í Kerlingargil.

Innan þessara útmerkja tilheyrir Melbæ svonefnd Partsflöt áður tún frá Melbæ aðskilin frá öðru landi með markasteinum og Miðdalsá. Bringur í Suðurfjalli sem afmarkast af tveimur lækjum sem koma saman í odda að neðanverðu, upp af þeim að útmerkjum. Auk þess tilheyrir Melbæ 2 skákar og 2 blettir í Norðurfjalli afmarkaðar sumpart af giljum og sumpart af merkjavörðum.

Gjört að Miðdal 27. desbr. 1921

Guðmundur Brynjólfsson

Fyrir aðliggjandjarðir samþykkja:

Fyrir Tindstaði Daníel Magnússon

Fyrir Morastaði Einar Jónsson

Fyrir Eyri og Eyrar Utkot Pjetur Magnússon eigandi

Guðbrandur Einarsson eftir umboði

Fyrir Bæ Andrés Ólafsson eigandi.

Fyrir Eylífsdal Þórður Oddsson eigandi.

Fyrir Saurbæ Eyjólfur Runólfsson eigandi

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 45.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 46.

Landamerkjaskrá Þrándastaða í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu

Merkjin eru þannig; Milli Þrándarstaða og Skorhaga ræður Brynjudalsá, milli Ingunnarstaða og Þrándarstaða ræður Þverá að upptökum, þaðan sjónhending suður á há Kjöl, milli Þrándarstaða og Hækingsdals eru merkjin eftir há Kjöl að upptökum Hjaltadalsár, milli Þrándarstaða og Fossá eru merkjin frá upptökum Hjaltadalsár yfir Kjalhorn þaðan beina stefnu að upptökum rauðalækjar, og eftir rauðalæk til sjávar

Til staðfestu framanritaðra landamerkja rita hér undir nöfn séu ábúendur jarða þeirra, sem eiga kring um liggjandi lönd.

Þrándarstöðum 29 dag Mai m. 1922

Jón Guðmundsson

Lúther Lárusson Ingunnarstöðum

Þorsteinn Narfason Klafastöðum

Ólafur Matthíasson Fossá

Í umboði eiganda Hækingsdals Guðbrandur Einarsson

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 46.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 47.

Landamerki jarðarinnar Hurðarbaks í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu

Merkin eru:

1. Að austan við landið, úr steini, sem er austast á „Mjóabakka“ eftir skurði, sem liggur upp í „ásinn“ og úr þeim skurði bein lína í vörðu fremst á „ásendanum“ þar uppundan, og úr þeirri vörðu, eftir há „ásnum“ eftir því, sem vötnum hallar, í gil þar beint uppundan „ásnum“ og vörðu, sem þar er beint upp á fjallsbrúninni, og er varðan bygð hjá stórum steini, sem tveir stafir eru högnir á L.M., og svo þaðan bein lína í vörðu á há fjallinu beint uppundan svo kölluðum „vörðuhjalla“ og þar til vötnum hallar suðuraf, og tekur þar við Eyjaland.
2. Milli Hurðarbaks og Eyja skilur vatnahalli á há fjallinu í vörðu, sem skilur Meðalfells og Eyjaland og þaðan vestur háfjall eftir því, sem vötnum hallar vestur í Hlöðugil.
3. Efst úr Hlöðugili þar sem fjallið er lægst í stóran stein, skamt fyrir ofan veginn, mertur L.M., og úr honum, bein lína ofan í sef, svo með sefin austur í skurð, þá skurðurinn framm að dæld, sem er milli „Óskiptuengis“ og „Hjáleiguengis“, þá sú dæld norður í miðja dældina austur af „Löngutjörn“, og svo bein stefna úr miðjum austurenda „Löngutjarnar“ í vestasta pittinn, sem er milli „Hjáleiguengis“ og „Mosabreiðanna“ svo eftir dæld þar austur af í næsta pitt, og svo eftir miðri dældinni í vestur enda „Grænutjarnar“, þá miðja hennar eftir lengdinni, úr miðjum austurenda tjarnarinnar þaðan bein lína eftir merkjum í lautarenda beint þar norður af, svo miðja lautarinnar í merki norðan til í lautinni, og úr því merki bein stefna í annað merki beint þar norður af og þaðan beint norður í á.
4. Milli Reynivalla og Hurðarbaks ræður „Laxá“ merkum framm að svo nefndum merkjasteini á „Mjóabakka“
5. Það skal tekið framm að Hurðarbak á rétt til uppreksturs á Meðalfellsdal og móteku í Meðalfellslandi í Kjós til heima nota, gegn þurkuðum reiðing og heytorfs ristur, til heima nota, sem Meðalfell á í Hurðarbakslandi. Engar aðrar jarðir eiga ítök í Hurðarbaks landi.
6. Ennfremur skal tekið framm ^{að} Hurðarbak á veiðirétt í Laxá fyrir sýnu landi.

Hurðarbaki 10. Des. 1921.

Benidikt Einarsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Sveinbjörn Guðmundsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Eggert Finnsson ábúandi og eigandi Meðalfells.

Þorsteinn Eyjólfsson eigandi að Káraneskoti

Halldór Jónsson, umráðamaður kirkjujarðarinnar (prestssetursins) Reynivalla.

Jón Halldórsson, eigandi að Káranesi. (handsalað)

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi Eyjum



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi Eyjum.
Ásgeir Eyjólfsson eigandi að Þorlákstöðum.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 47.
Magnús Jónsson

Gjald:
Þingl. 3 – þrjár – krónur
Greitt
Magnús Jónsson



Nr. 48.

Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Eyri og Eyrarkot
(áður Eyri, Eyraruppkot og Eyrar-Útkot)

Útmerkji jarðanna eru þessi:

Að utanverðu (vestan), frá sjó um „Hamarendapúfu“, innanvert við „Votaberg“ bein lína í merkjavörðu á „Háfjallsbrún“, svo eptir fjallsbrúninni, og áframhaldandi bein lína að merkjavörðu við Fossá. Þaðan ræður Fossa merkjum að upptökum hennar, þaðan bein lína í Skorárupptök. Frá Skorárupptökum bein lína um merkjavörðu á „Skarðamel“ í „Galtargilsbotni“. Svo ræður Galtargil og Galtargilslækur innanvert við „Stórutungu“ til sjávar um flóð, þaðan bein stefna á sjó út, svo langt sem lóðhelgi nær, þannig að lækurinn við sjó beri í Galtargil neðst.

Innan þessara útmerkja er skipt túnnum og engjum jarðanna með þessum merkjum:

Að utanverðu við Eyrarkots (Utkots) engjar ræður „Djúpagil“ frá sjó um flóð. Að ofanverðu frá Djúpagili ofanvert við slæjuland að merkjavörðu vestanvert við Uppkots upptún. Þaðan eptir merkjavörðum, þó ekki í beinni línu, um Lambalind að Brúarauga á Eyrarkeldu. Svo ræður Eyrarkelda niður fyrir Eyrartúnhalu, svo bein lína að merkjavörðu vestanvert við Eyrarnaust.

Innanvert við Eyrartún og engjar ræður Brandslækur frá sjó upp á móts við há Torfamel, svo eptir Torfamel að „Miðhól“, þaðan bein lína um Stekkjarhól upp að fjalli. Svo fyrir ofan alt slæjuland og tún að áðurnefndri merkjavörðu vestanvert við Upptún.

Innan þessara merkja hefur hver jörðin fyrir sig fullan og óskertan afnotarétt; en utan þeirra að útmerkjum hafa báðar jarðirnar sameiginlegan afnotarétt í hlutfalli við jarðarstærð, þar með talin öll fjöruafnot. Um svonefnda Grafarmýri er það þó sérstaklega tekið fram, að þó hún sé að vísu óskipt land, hafa þó báðar jarðirnar þar jafnan rétt til slæгна. Sama gildir um Búðarhöfuð.

Gjört að Eyri 17. desember 1921.

Fyrir hönd og í umboði eiganda Eyrarkots Helgu Sigurðard.

undirskrifar Guðbrandur Einarsson

Eigandi Eyrar (þ.e. Eyrar og Eyrar-Uppkots) Pétur Magnússon

Fyrir aðliggjandi jarðir samþykkja:

Fyrir Útskálahamar: (Eftir umboði umráðamanns) Kristín Eyjólfsdóttir

Fyrir Morastaði, Einar Jónsson

Fyrir Miðdal, Guðmundur Brynjólfsson

Fyrir Þúfu og Litlabæ. Í umboði hrepps. Kjósarhrepps sem eiganda Andrés Ólafsson

Fyrir Þúfukot, Guðmundur Hansson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, nr. 48.

Magnús Jónsson

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 49.

Landamerki

fyrir jörðina Þorlaksstaði í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu

Merkin eru:

1. Að vestan verðu við landið úr steini, sem er austast á Mjóabakka, og eftir skurði, sem liggur uppundir „ásinn“ – úr þeim skurði, bein lína í vörðu fremst á ásendanum þar uppundan, og úr þeirri vörðu eftir há ásnum, eftir því sem vötnum hallar, í gil beint uppundan ásnum og í vörðu, sem þar er beint uppá fjallsbrúninni, og er sú varða byggð hjá stórum steini sem tveir stafir eru höggðir á L.M. og þaðan bein lína í vörðu, sem er á há-fjallinu, beint upp undan svokölluðum „vörðuhjalla“, og þar til vötnum hallar suður af.
2. Því næst heldur stefnan áframm austur háfjall beina línu í vörðu, sem er austast á fjallinu, og svo þaðan bein lína í svo kallaða prestsvörðu – og úr henni bein lína í markalækjarós við „Laxá.“
3. Svo ræður „Laxá“ merki milli Vindás og Þorlaksstaða, og sömuleiðis milli Reynivalla og Þorlaksstaða, að svo kölluðum Markasteini á Mjóabakka.
4. Ennfremur á jörðin veiðirétt í „Laxá“ fyrir landi sínu.

Þorlaksstöðum 13. Des. 1921.

Ásgeir Eyjólffson eigandi að jörðunni Þorlaksstöðum

Sveinbjörn Guðmundsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Magnús Ólafsson eigandi að hálfri jörðinni Eyjum

Guðni Guðnason eigandi að ½ jörðinni Eyjum

Halldór Jónsson, umráðamaður prestsetursjarðarinnar Reynivellir

Ólafur Einarsson bóndi á Vindási

Benedikt Einarsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Andrés Ólafsson umráðam. kirkjujarðarinnar Vindás.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 49.

Magnús Jónsson

Gjald: 3 – þrjár – krónur
greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 50.

Landamerkjaskrá fyrir land jarðarinnar

Meðalfell, með Meðalfellskoti og húsmannsbýlið við Meðalfells-fjánhús í Kjósarhreppi

1. Milli Meðalfells- og Eyjalanda eru þessi merki: Varða uppi á Meðalfellsfjalli og bein lína frá henni suður í gil er liggur niður eftir fjallshlíðinni vestan við „Svarhamar“ gilið er mörk meðan endist, og svo beint úr neðri enda þess niðrí vörðu eða grjóthól er stendur við Meðalfellsvatn.
2. Milli Meðalfells- og Flekkudals og Grjóteyrar-landa er þessi merki: Frá vörðu eða hól, gerðum þar sem lækur úr „Miðmundadal“ fellur í Meðalfellsvatt, bein lína upp á „Arnbjargahnúk“ eða „Miðmundahnúk.“ Þá frá vörðu, á nefndum hnúki, þar sem hæst er eða frá hallar til beggja hliða) upp hálsinn, uppá „Nónbungu“, uppá „Paradísarhnúk“ og uppá „Esju“, beint þar upp af til þess hæst er, eða að þeim stað að hallar frá til beggja hliða.
3. Milli Meðalfells- og Eileifsdals-landa eru merki: Frá uppsprettum „Dælisár“, austan við „Geldfjánhlið“ í Meðalfellsdalsbotni, beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess „Esjan“ er hæst. Þá, frá nefndum uppsprettum, er Dælisá landamörk, meðan Eileifsdalsland er að henni að vestan.
4. Milli Meðalfells- og Bæarlanda er „Dælisá“ merki.
5. Milli Meðalfells- og Laxárnes-landa er „Dælisá“ merki til þess er hún fellur í „Bugðu“. Þaðan er „Bugða“ merki að merkjum:
6. Milli Meðalfells- og Káranes og Káraneskots-landa, sem eru: Hóll eða varða gert við Bugðu við mót þrepanna og eyranna, frá því merki í stóran stein innar í þrepunum niður undir eyrunum, þá frá þeim steini beint að öðrum nokkuð stórum steini uppi í fjallinu, fyrir ofan veginn, á báða þá steina er markað L.M. Þá frá efri steininum beint uppá fjallsöxlina, þaðan upp og austur eftir fjallinu þar það er hæst, hallar frá til beggja hliða, austur í „Hlöðugil“. Og svo þaðan:
7. Milli Meðalfells- og Hurðarbakslanda: eru merkin: Úr „Hlöðugili“ austur eftir fjallinu þar sem það er hæst, að vörðunni, þar, á merkjum við Eyjaland.

Engjar á Meðalfell fyrir norðan Meðalfellsfjall norður að „Laxá“ Meðalfellskotsengjar eru frá „Skíðgarðsskurði“ norður að Laxá, milli merkjaskurðs og flóðgarðs að vestan og dýptarmiðju merkjadældar að suð-austan og austan, er liggur milli þess engis og Káraneskots og Káranes engis, frá Hurðarbakssefjum að Laxá. Meðalfellskotsengjar eru frá Meðalfellskotsengjum upp með Laxá að merkjasteinum sem eru á merkjum, þar sem mætast þær og Hurðarbaksengjar. Þau eru frá ánni suður í merkjadæld þar, þá dýptarmiðja hennar, þá úr suðurenda dældarinnar beint suður í austurenda „Grænutjarnar.“ Þá eftir miðju breiddar Grænutjarnar og úr vestur enda hennar, eftir merkjadæld með pittum í, milli Mosabreiða og Hjáleiguengis. Þá úr vestasta pittinum bein stefna á miðju austurenda



„Löngutjarnar, vestur í miðja dældina austur af Löngutjörn og svo eftir miðju dældarinn, eftir lengd, vestur að hornmerki, sem er norður af merkjadældinni, sem er merki milli Óskiftaengis og Hjáleiguengis, suður í skurðinn, sem er þaðan, merki vestur í Hurðarbakssef.

Þá eru enn merki: Milli Meðalfells- og Káraneskots og Káranes-engja, dæld og skurður sunnan frá Hurðarbakssefjum norður í Löngutjörn, og þá frá þeim skurði vestur eftir miðri breidd tjarnarinnar til enda. Þá úr miðjum vesturenda hennar beint vestur í „Bolapitt“, sem er í austurenda merkjadældarinnar sunnan við Hrosshólma og frá pittinum er breiddar miðja hennar merki milli hans og Káranesengja suður á móts við norður enda merkjadældarinnar austan við Meðalfellskots engið, og svo beint milli merkjasteina sem eru í þeim dældum báðum.

Meðalfell hefur fullkominn rjett til allra umferð og og vegagerðar til þess að geta notað engjarnar, og er því heimilt að nota til vegagerðar og viðhalds vegar eftir því sem hentast er, jörð eða grjót, þar sem það ekki spillir slægjulandi, reiðingsristu eða byggingagrjóti í löndum þeim sem að engjunum liggja.

Meðalfell á allann veiðirjett, í Meðalfellsvatni fyrir landi jarðarinnar, út að beinni línu milli landamerkjanna sem standa við vatnið austanvert og suð-vestanvert. Hólminn í vatninu er eignarland Meðalfells. Einnig allann veiðirjett í „Bugðu“ ofan frá vatni og niður að mótum hennar og Dælisár. Og frá Dælisá úti miðja Bugðu niður að landi Káraness. Ennfremur á Meðalfell allann veiðirjett út í miðja Laxá þar sem hún rennur með engjum Meðalfells og Reynivalla og Sogns engjum.

Meðalfell og Hurðarb. eiga landsnyttja skifti þessi: (til heima-nota). Meðalfell heytorfristu í Hurðarbakslandi og Hurðarbak móskurð í Meðalfellslandi. Og Hurðarbak á sauðfjar upprekstur að sumri á Meðalfellsdal fyrir heimafje móti því að Meðalfell fær þurann reiðing, til heimilisnota frá Hurðarbaki. Og Blönduholt á sauðfjár upprekstur fyrir heimafje á Meðalfellsdal á sumri og Meðalfell á hrossbeit að vetri, fyrir heimahross, í Blönduholtlandi. Reynivellir eiga 30 Kgr. smjörgjald árlega.

Húsmannsbýlið „Hjarðarholt“ við Meðalfells-fjánhús, hefur afmarkað land, heima við, með gaddavírs- og grjótgirðingu og Dælisá, og Meðalfellsdal, til slægna og beitar, milli Birtingslækjar og Dælisár framað Langasundslæk og að beinni stefnu úr Langasundsbotni á Eileifsdalsbæ að merki sem þar er við Dælisá.

Meðalfelli í Kjósarsýslu, 14. dag desembermánaðar, 1921.

Framanrituðu til staðfestu, rita hjer undir nöfn sín.

Eggert Finnsson eigandi Meðalfells.

Jón Magnússon eigandi Grjóteyrar.

Ólafur Einarsson eigandi Fld.

Þorsteinn Eyjólfsson eigandi Káraneskoti

Halldór Jónsson, umráðamaður prestsetursins Reynivellir.

Sigurjón Ingvarsson, Jakob Guðlaugsson Eigendur Sogns.

Jón Halldórsson eigandi Káranesi.

Þórður Oddsson eigandi Eileifsdals



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guðni Guðnason. Magnús Ólafsson, eigendur „Eyja“

Andrés Ólafsson eigandi „Bæjar“

ppr. hra. Copland. Ólafur Briem.

Einar J. Pálsson, eigandi Blönduholts.

Benedikt Einarsson eigandi að ½ Hurðarbaki.

Sveinbjörn Guðmundsson eigandi að ½ Hurðarbaki.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 – og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 50.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson

[Á vinstri spássíu bls. 79 er eftirfarandi ritað:]

Aths. Itökin niður fallin, þar sem þeim var ekki lýst skv. lögum nr. 113/1952. Syslum. í Gullbr.
og Kjósarsýslu 10/10 '57 Björn Sveinbjörnsson settur



Nr. 51.

Landamerki

í kringum jörðina Eyjar í Kjós.

1. Milli Meðalfells og Eyja úr vörðu við Meðalfellsvatn beint uppí gil vestanvert við Svarthamra og beina stefnu uppá há fjall í vörðu sem þar er.
2. Millum Hurðarbaks og Eyja eftir háfjalli í vörðu sem er hornmark millum Þorlákstaða og Hurðarbaks.
3. Millum Þorlaksstaða og Eyja eftir há fjallinu í vörðu sem stendur á austurenda fjallsins, úr henni í beina línu í Prestsvörðu þaðan beina línu í Merkjalækjarmynnið við Laxá.
4. Millum Vindás og Eyja ræður Laxá í Hvassneslækjarmynni.
5. Millum Möðruvalla og Eyja uppeftir Hvassneslæk að öðru lækjarmynni og þaðan í vörðu á Stóra-hnífhól þaðan uppí Eyjafellshorn, þaðan sem vötnum hallar suður á Háa-hnúk, svo eftir hæðstu brúnum fjallsins alla leið suður á Móskaðahnúk.
6. Millum Þverárkots og Eyja vestur há-Esju eftir því sem vötnum hallar vestur á móts við Markagil.
7. Millum Sands og Eyja af há Esju ofan í Markagilsbotn eftir gilinu í Sandsá svo ræður áin ofaní gljúfurmyrnið og úr gljúfurmyrnninu í upptök Djúpalækjar ræður svo lækurinn að merkjaskurði er liggur suður í Svörtukeldu beina línu í Sandsá, svo ræður áin nið[ur] á móts við Eyjahól þaðan suður í vörðu sem er engja hornmark þaðan beina línu eftir engjamerkjum niður í Meðalfellsvatn.

Eyjum í nóvember 1921.

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi.

Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi.

Samþykktur 1. töluliðs merkjum milli Eyja og Meðalfells Eggert Finnsson ábúandi og eigandi Meðalfells.

Samþykktur 7. tölulið Jón Bjarnason eigandi og ábúandi að Sandi

Samþykktur 2. tölulið Sveinbjörn Guðmundsson eigandi og ábúandi að ½ Hurðarbaki

Samþykktur 2. tölulið Benedikt Einarsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Samþykktur 3. tölulið Ásgeir Eyjólfsson eigandi að Þorlaksstöðum

Samþykktur 4. tölulið Ólafur Einarsson bóndi á Vindási

Samþykktur fimta tölulið Guðlaug Jónsdóttir eigandi að Möðruvöllum

Jón Magnússon eigandi Grjóteyrar

Ólafur Einarsson eigandi og ábúandi Flekkudal

Samþykktur 6. tölulið eigandi og ábúandi Þverárkot Oddur Einarsson

Andrés Ólafsson umboðsm. Vindás



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 – og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 51.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 52.

Skifting

á jörðinni Eyjum austur- og vesturparti.

Merkin á heimatúninu eru þannig:

Að norðanverðu við bæina aðskilur vegurinn sem liggur heim að vestri bænum, og svo suður yfir matjurta garðana, eftir þar uppsettum glöggum merkjum, og yfir túnið að sunnanverðu, í upphlaðna vörðu suður á skurðbakka. Svo eru tveir túnblettir nýútgræddir fyrir norðan hinn svo kallaða Eyjaós, stikkið sem liggur vestar fylgir vestri bænum en það sem austar liggur eystri bænum. Þar sem austurbær fjárhúsin standa sem er á hól austur með fjallinu er dálítill túnblettur sem er útgræðslu stykki frá eystri bænum. Eyjhólstúninu er skift sem hér segir: hið svo kallaða Ásatún fylgir eystri bænum og dálítið stikki sunnan og vestan í Suður-Eyjhólum, en hinn parturinn af því túni fylgir vestri bænum. Skifting á engjum er þannig: Fyrir ofan Eyjhól liggur mýrastikki milli Sandsár og Eyjhólsdýja uppað Merkjakurði, og er þessari mýri skift í fjögur stikki, á vesturbærinn neðra stikkið við Sandsá og efra stikkið við Eyjhólsdýjin en austurbærinn efra stikkið við Sandsá og neðra stikkið við Eyjhólsdýjin. Merkin yfir engjarnar sem liggja fyrir sunnan túnin eru dálítið neðar en túnmerkin og liggja þau eftir upphlöðnum vörðum alla leið suður í Sandsmerki á austurbærinn engjarnar að austan, en vesturbærinn að vestan og neðan. Annað er alt óskift á jörðinni svo sem: Mótak, torfrista og veiðiréttur.

Eyjum í nov. 1921

Magnús Ólafsson eygandi og ábúandi á hálfri jörðinni Eyjum austurparti

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi á hálfri jörðinni Eyjum vesturparti

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 52.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 53.
Landamerkjaskrá
jarðarinnar Sandur í Kjósarhreppi.

1. Milli Sands og Eyjalanda eru þessi merki:
Úr Meðalfelsvatni milli Sandsáróss og Flekkudalsóss, bein lína upp engjarnar upp fyrir efstastykki, þaðan þverlína norður í Sandsá gagnvart Eyjhól, síðan skilur áin löndin upp að Svörtukeldu. Fyrir norðan ána er bein lína úr Svörtukeldu norður í Djúpalæk gagnvart Dagfjárhúsmel, síðan er Djúpilækur í merkjum að upptökum hans, þaðan lína upp Sandseyrar í Sandsárgljúfur neðst, síðan skilur Sandsá löndin fram Eyjadal að Myrkagili, síðan Myrkagil í Esjuhorn.
2. Milli Sands og Flekkudals og Grjóteyralanda eru þessi takmörk:
Úr Meðalfelsvatni skilur Flekkudalsós löndin upp í Kelduklofa, þaðan bein lína í Barnhúsvörðu, þaðan lína í gili í Sandsfjalli upp á fjallið, suðaustur háfjallið norðan við Torfdalsbotn sem vötnum hallar í Esjuhorn.
NB: Þar sem ekki eru glögg merki frá náttúrunnar hendi, eru girðingar skurðir eða vörður á merkjunum.

Gjört í nóvember 1921

Jón Bjarnason eigandi og ábúandi að Sandi

Framanrituð landamerki samþykkja og undirrita:

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi að Eyjum.

Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi að Eyjum.

Ólafur Einarsson eigandi og ábúandi að Flekkudal

Jón Magnússon eigandi og ábúandi að Grjóteyri.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 53.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 54.

Skrá

yfir landamerki jarðanna Grjóteyri og Flekkudalur í Kjósarhreppi.

1. Landamerki milli Sands og jarða þessara eru:
Flekkudalsós, þar sem hann fellur í Meðalfellsvatn. Úr efri enda hans, beina línu í Barnhúsvörðu, þaðan beina línu, sem vörður vísa, eftir gili upp á Sandsfjallsbrún. Síðan úr gili þessu, sem vötnum hallar í Esjuhörn.
2. Milli Flekkudals og Grjóteyarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, Þverárkots og Grafar í Kjalarnesshreppi, eru landamerki: sem vötnum hallar, vestur í Paradísarhnúk.
3. Landamerki milli Flekkudals og Grjóteyarlands og Meðalfells, frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, sem vötnum hallar í Nónbungu. Úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar, í Miðmundahnúk, sem er austanvert við Miðmundadal. Þaðan úr vörðunni á Miðmundahnúk, beina línu í Meðalfellsvatn, þar sem Miðmundadalslækurinn rennur í það.

Milli Grjóteyar og Flekkudals í Kjósarhreppi eru þessi landamerki:

Alt land innan áðurgreindra takmarka er skift, að undanskildum Torfdal og Flekkudal, norður að beinni línu úr Dagmálavörðu á Sandsfjalli, að kletti sem Kálfabani kallast og er rétt norðanvert við Kálfabanafoss; þaðan beina línu í Nónklett, sem er á Nónbungu norðanverðri; og í Óskiftunni. Hún takmarkast að austan, af landamerkjum Grjóteyarlands vestan Flekkudalsár, sem eru: Bein lína úr Meðalfellsvatni um hólinn á Lambatanga, upp í Kaplaskjólspúfu. Úr henni beina línu í vestur girðingarhornið um Tutlutún, eða þann stað sem það nú er. Að vestan eru landamerki Óskiftunnar, bein lína úr vesturhorni girðingarinnar um niðurtúnið í Flekkudal, eða þeim stað sem það er nú, niður í Meðalfellsvatn, sem merki sýna í svokallað Vatnsbakkaskarð. Að ofan takmarkast Óskiftan af girðingum Tutlu og Flekkudalstúns.

Vestan Flekkudalsár á Grjóteyri ekkert annað skift land, en landræmu austan frá Flekkudalsá vestur að austur mörkum Óskiftunnar, neðantil og austurmörkum Flekkudalstúns ofantil. Á landamerkjum milli túnanna er girðing, sem Ólafur Einarsson Flekkudal á. Að ofan takmarkast land þetta, af beinni línu úr neðri enda Kerlingarhólsins í bergið austan Flekkudalsár, móti snösinni.

Austan Flekkudalsár á Flekkudalur ekkert annað skift land en Flekkudalsnesið. Mörk þess eru: Bein lína úr þúfu, sem er efst í Flekkudalsós, og sem vörður vísa, í vörðu, sem er norðvestanvert við stekkin á Grjóteyri; úr henni beina línu í vörðu, sem er astantil við bæinn á Grjóteyri. Úr þeirri vörðu eru mörkin eftir gömlum árfarvegi og öðrum merkjum niður í Meðalfellsvatn.

Afnot Flekkudalsár, eru óbreytt, frá því sem áður var. Sömuleiðis er veiðirétturinn í Meðalfellsvatni, fyrir landi Grjóteyar og Flekkudals óbreyttur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjört á Grjóteyri þann 13. des. 1921.

Framanrituð landamerki samþykkja:

Jón Magnússon eigandi Grjóteyrar.

Ólafur Einarsson eigandi Flekkudals.

Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi Eyjum

Guðni Guðnason eigandi og ábúandi Eyjum

Eggert Finnsson ábúandi og eigandi Meðalfells

Jón Bjarnason ábúandi og eigandi að Sandi.

Oddur Einarsson ábúandi og eigandi Þverárkots

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 54.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 55.
Landamerkjaskrá
fyrir jörðina Hækingsdal í Kjósarhreppi.

1. Að sunnan milli Hækingsdals og Írafells Fremra-Háls ræður Laxá merkjum.
2. Að austan, milli Hækingsdals og Stíflisdals og Selkots eru merki, frá Laxá á Hólmvaði bein lína um Klapparhól á Brattafelli í Steinkirkju og þaðan á Há-Kjöl.
3. Að norðan bein lína frá Há-Kjöl í Hjaltadalsárupptök. Þrándarstaðir á móti.
4. Að vestan milli Reynivalla og Vindáslanda og Hækingsdals, bein lína, frá upptökum Hjaltadalsár, í Skálafellsvörðu, þaðan bein lína í Skiftagil sem svo ræður merkjum að Laxá.

Hækingsdal í novembr. 1921.

Eigandi Erlendur Árnason Skólastræti 5

Eigandi Björn Ólafsson Skálabrekku

Fyrir áðurnefndar aðliggjandi jarðir samþykkja

Fyrir Írafell: Guðmundur Eyjólfsson

Fyrir Fremra Háls: Jóhanna Þorsteinsdóttir

Fyrir Stíflisdal: M. Magnússon, Helgi Jónsson

Fyrir Selkot: Jón Bjarnason

Fyrir Þrándarstaði Jón Guðmundsson

Fyrir Reynivelli Halldór Jónsson umráðam. Reynivalla

Fyrir Vindás. Andrés Ólafsson umboðsm. kirkjujarða í Kjósarhr.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 55.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 56.
Landamerkjaskrá
Kiðafells í Kjósarhreppi.

1. Milli Kiðafells og Morastaða klettabelti eitt vestan á Eyrarfjalli nefnt „Vala“ úr því bein lína í vörðubrot á melhrygg austan vert við „Laungulág“ frá því vörðubroti bein lína í skurð einn neðst a Grafarmyri niður við Kiðafellsá frá ofanefndu klettabelti (Volu) bein lína í hánorður í ána Fossá.
2. Milli Kiðafells og Melahverfis Kiðafellsá niður til sjávar.
3. Milli Kiðafells og Útskálahamars Fossá niður til sjáar.

Gjört í Júní 1922

fyrir Kiðafell Ólafur Ólafsson

fyrir Morastaði Einar Jónsson

fyrir Útskálahamar Kristín Eyjolfsdóttir

fyrir Mela Þórður Elisson

fyrir Útkoti Jón Jónsson

fyrir Norðurkot Sigfús Jónsson

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 56.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 57.

Landamerkjaskrá

fyrir jarðirnar Þúfu, Þúfukot og Litlabæ í Kjósarhreppi.

Útmerki jarðanna eru þessi:

Að austan og sunnanverðu ræður „Skorá“ merkjum frá Blöndholti á Blöndholti að upptökum hennar. Þaðan í merkjavörðu á „Skarðamel“, frá henni bein lína í „Galtargilsbotn“, svo ræður „Galtargil“ og „Galtargislækur“, innanvert við „Stórutungu“, til sjávar. Frá sjó innanvert við „Litlutungu“ ræður „Leynislækur“ að línu um „Markaðúfu“ (á Þúfuhvarfi) „Skútandastein“ og „Markastein“ að Skorá. Er það markalína milli Blöndholti, og Þúfu og Litlabæjar.

Innan þessara merkja er skipt tünnum og engjum jarðanna þannig:

Milli Þúfu og Litlabæjar eru merki eptir merkjavörðum frá útmerkjum að neðanverðu um Litlabæjarkeldu, upp Þúfuholt (eystra), Spóaholt og að Skorá, ofanvert við Spóamýri.

Milli Þúfu og Þúfukots, frá Markaðúfu á Þúfuhvarfi um „Markaskurð“ að merkjavörðu við tóptarbrot vestanvert við Þúfutún, þaðan bein lína í „Markastein“ vestanvert við Þúfutún, þaðan bein lína í „Markastein“ vestanvert við „Kálfadal“. Þaðan ~~bein~~ lína eptir merkjavörðum ofanvert við „Þúfubletti“ að Skorá. Innan þessara merkja er á Þúfulandareign, þurrabúð nefnd „Lindarbrekka“ með afgirtri lóð um 1,5 dagsláttu. Einnig tünblettur tilheyrandi Þúfukoti nefnt „Stertur“ um 2760 m³, með merkjum.

Um Þúfukotsengjar og tún. Frá áðurnefndri „Markaðúfu“ að Leynislæk, svo bein lína í merkjavörðu við útnorðurhorn engjagirðingar Þúfukots, þaðan bein lína í svonefnt „Kast“. Frá þeirri línu, lína ofanvert við Þúfukotstún, að áðurnefndri merkjalínu á milli bæjanna.

Innan þessara sérstöku merkja fyrir hverja jörð, hefur hver þeirra fullan og óskertan eignar og afnotarétt, en utan þeirra að útmerkjum hafa allar jarðirnar sameiginlegan afnotarétt, í hlutfalli við jarðarstærð, sem er Þúfa 10,4^{hndr}, Þúfukot 5,5^{hndr} og Litlibær 2,6^{hndr}. – Talið er í gömlum skjölum að Reynivallakirkja eigi 12 hrossa beit í Þúfulandi.

Gjört að Þúfu 15. október 1921

Fyrir hönd og eftir umboði Hrepps. Kjósarhrepps, sem umráðanda Þúfu og Litlabæjar, sem er eign hreppssjóðs Andrés Ólafsson

Eigandi Þúfukots Guðmundur Hanson

Fyrir aðliggjandi jarðir samþykkja:

Fyrir Bæ Andrés Ólafsson

Fyrir Eyrar-Uppkot og Útkot Fyrir hönd Helgu Sigurðardóttir

Hækingsdal Guðbrandur Einarsson

Fyrir Blöndholt. Eftir umboði eiganda Blöndholti Einars J. Pálssonar, Eggert Finnsson

Pjetur Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 57.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 58.

Landamerkjalyásing

milli jarðanna Káraness og Káranesskots í Kjósarhreppi.

Á túni:

1. Túnin: Á bakkanum við Laxá norðaustur frá Klétthólum í Káranestúni er steinn merktur L.M. frá honum er bein lína í suður að steini, sem er á norðvesturbakka brautar, er liggur um túnin, þaðan skiftir brautin túnum að steini, sem er á suðvesturbakka hennar. Báðir þessir steinar eru merktir L.M. Frá síðastnemdum steini er bein lína suðaustur yfir túnið og síðan mýrarsund, eftir skurðdragi þar til kemur að flóðgarðsenda, sem að skurðinum liggur þaðan er flóðgarðurinn landamerki svo langt, sem hann nær, frá suðurenda garðsins er bein lína að markþúfu suður með túnjaðrinum, en frá þeirri þúfu er bein lína vestur yfir túnið að annari markþúfu á vesturjaðri þess. – Á báðum þessum þúfum og einnig horninu, þar sem norðurendi flóðgarðsins kemur að skurðdraginu, eru steinar merktir L.M.

Sé gengið eftir ofannemdri landamerkjalinu frá norðurenda hennar við Laxá, er til hægri hliðar Káranes tún ásamt jöðrum þess, Fit og mýrarsundum; en til vinstri hliðar er Káraneskotstún ásamt þeim jöðrum, eyrum og mýrarsundum, er því fylgja. Austan við túnin og jaðra þeirra eru Ósinn, Káraneskotssefin, Illakelda, að túngirðingunni að sunnan.

2. Engjar: Á eystri Ósbakkanum í austur frá syðri Höfðaklettinum er markþúfa, frá henni er bein lína í suðaustur um markþúfur að flóðgarði, sem er vestan við Meðalfellsengi (Kotsengi). Bletturinn norðan og austan við þessa línu og Ósinn (Óseyrin), fylgir Káranesi, en Príhyrnan, sem takmarkast af áðurnemdri línu, Ósnum og Káraneskotssefjum (Ósbakkinn) fylgir Káraneskoti. Suður frá Óseyrinni milli Káraneskotssefjanna og Illukeldu að vestan en áðurnefnds flóðgars að austan eru „Skákarnar“. Þær eru 6 og á 3 skakir hvor jörðin. Nyrðstu skákina á Káraneskot, þá næstu Káranes, og svo altaf aðrahvora skák hvor jörðin. Landamerki milli skákanna eru lág garðlög, þar, sem þau sjást, ennfremur markþúfur á flóðgarðinum og við sefin. Vestur af skákum helgast út í miðsefin. Framhald markalínunnar milli 3. og 4. skáka er út í sefin í stefnu á suðausturhorn matjurtagarðsins í Káraneskoti. Framhald markalínunnar milli 4. og 5. skaka er út í sefin í stefnu á norðausturhorn sama garðs. Takmörk 6. (syðstu) skákarinnar eru, sem hér segir: að norðaustan garðlagsbrot, sem stefnir í norðvestur frá fyrnemdum flóðgarði; frá vesturenda þess garðbrots út í sefin í stefnu á suðausturhorn heimahlöðunnar í Káranesi, síðan vestur með sefjum að skíðgarðsskurði, því næst að vestan upp með skurðinum þar til Illakelda kemur í hann, þá eftir henni suður að girðingu, síðan að sunnan: austur með girðingunni að lágu garðlagi en það er á suðausturtakmörkunum, að flóðgarðinum. Þar fyrir austan sunnan skíðgarðsskurðar á Káraneskot. Ennfremur eiga þessar jarðir engjar norðan



- við Hurðarbakssef. Þær takmarkast að vestan, norðan og austan af Meðalfellsengjum, sbr. landamerkjabréf þessara jarða og Meðalfells. Þessar engjar skiftast þannig: Káraneskot á Vesturmosa, ummerki: að norðan og vestan Meðalfellsengjar, að sunnan Hurðarbakssefin, að austan bein lína frá markapúfu í sefjunum (norður undan landamerkjum milli Hurðarbaks og Káraneskots) norður að markasteini í Markalág. Káranes á Flóðakrokinn, ummerki: að vestan Vesturmosar, að norðan Meðalfellsengjar að Bolapitti eftir markapúfum suður í sef. Að sunnan Hurðarbakssef. Káraneskot á Austurmosa, ummerki: að austan markaskurður milli þeirra og Meðalfellsengja, að sunnan Hurðarbakssef að vestan Flóðakrókur að norðan Meðalfellsengjar austur að Löngutjörn, síðan miðja tjarnarinnar, austur á móts við markapúfu á suðurbakka tjarnarinnar. Þaðan bein lína um síðast nemda markapúfu í markapúfu suður á harimanum frá þeirri markapúfu er svo bein lína austur yfir tjarnarbletta að markapúfu við norðurenda markaskurðsins austan við mosana. Káranes á rimann og hálfan tjarnarblettinn norðan við Austurmosa austast. Ummerki: að sunnan og austan Austurmosar, að norðan og austan Meðalfellsengjar.
3. Beitiland: Úr túnmörkum þeim, sem liggja milli bæja nemdra jarða, er bein lína til vesturs í markavörðu merkta L.M. er stendur við keldu fyrir vestan túnin; úr þeirri markavörðu er bein lína í suður útniður í jarðfastann stein upp í þepunum merktan L.M. og sú lína framhaldandi að mörkum Meðalfells og Káraness. Beitilandið sunnan og austan nemdra markalínu heyrir til Káraneski að vestan og norðan markalinuna heyrir til Káranesi
- Laxveiði jarðanna er sameiginleg eins og áður.
- Mótak og torfrista sömuleiðis sameiginleg, og má hvorugur leigja né selja mó, mótak, torf né torfristu án annars leifis.

Káranesi 22 júní 1922

Jón Halldórsson eigandi og ábúandi að Káranesi

Þorsteinn Eyjólfsson eigandi og ábúandi að Káraneskoti

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 58.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 59.

Landamerkjabréf

jarðanna: Káraness og Káranesskots í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.

Landamerkin eru, sem hér segir:

1. Milli Káranesja og Hurðarbaks efst úr Hlöðugili þar sem fjallið er lægst í stóran stein, rétt fyrir ofan veginn mergtan L.M: og bein stefna úr þeim steini og ofan í sef.
2. Milli Káranesja og Meðalfells ræður (sem vötnum veitir) úr Hlöðugili vestur Meðalfellsfjall, af fjallsaxlarhorninu, niður í hnöttóttan nokkuð stóran stein mert L.M., utan í öxlinni nokkuð fyrir ofan götuna; úr þeim steini beint í annann stein mertan L.M. utan í þrepunum við eyrarnar útundir Bugðu, þar, sem eyrarnar og þrepin mætast við Bugðu.
3. Milli Káranesja og Laxárnes ræður Bugða frá efri enda til þess hún fellur í Laxá.
4. Milli Káranesja og Valdastaða og Reynivallalanda ræður Laxá, upp að stefnunni beint norður að ánni af Flóðgarðinum vestan við Meðalfellskotsengjarnar.
5. Milli Káranesja og Meðalfellskotsengja ræður skurðurinn með flóðgarðinum suður að skíðgarðsskurði. Svo eiga Káranesin engjastykki milli Meðalfellsengjanna og Hurðarbakssefjana. Austan við það eru mörk: Markaskurður og garður og dæld, sunnan frá sefjum norður í Löngutjörn (vestan við áskipta engi Meðalfells) að norðan; frá þeim skurði vestur miðja Löngutjörn. Þá úr miðjum vesturenda hennar vestur í Bolapitt í dæld suður við hrosshólma; Þá vestur þá dæld, suðvestur með Hrosshólma, og svo úr henni beint í norðurenda dældarinnar milli Meðalfellsengjanna og þessara engja (sem markapúfur sýna) og svo eftir þeim suðvestur sefin. Og hafa því Káranesin fullan rétt til umferða til að nota þettað engjastykki móti því að Meðalfellin hafi fullan rétt til umferð og vegagjörðar til að nota sínar engjar. –

Káranesin eiga hálfan veiðirétt í Bugðu og Laxá fyrir þeirra landi samkvæmt lagaákvæðum þar um.

Engar jarðir eiga ítök í landi þessara jarða og þessar jarðir engin ítök í landi annara jarða, að öðru en því, sem að framan er getið.

Framanrituðum landamerkjum til staðfestu rita hér nöfn sín.

Káranesi og Káraneskoti 6 júní 1922

Jón Halldórsson eigandi og ábúandi að Káranesi

Þorsteinn Eyulfsson eigandi og ábúandi að Káraneskoti

Eggert Finnsson, eigandi og ábúandi Meðalfells.

Steini Guðmundsson eigandi og ábúandi að ½ Valdastöðum

Sveinbjörn Guðmundsson eigandi og ábúandi að ½ Hurðarbaki

Halldóra Halldórsdóttir eigandi að ½ ábúandi ¼ Valdastöðum

p.pr. Geo Copland Ólafur Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Benedikt Einarsson eigandi að ½ Hurðarbakinu
Halldór Jónsson umráðamaður Reynivalla.

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps 23. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók
Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 59.
Magnús Jónsson

Gjald:
Þingl. 3 – þrjár – krónur
Greitt.
Magnús Jónsson



Nr. 60.

Útskrift úr Land-skiftabók Kjósarsýslu.

Nes við Seltiörn.

Land-skifta hjer hafa beiðzt:

Gunnsteinn Einarsson eigandi og ábúandi fjórðungs af Nesjörðu (Ness 2)

Kristín Ólafsdóttir, eigandi og ábúandi helftar af Nesi (Nes 1.)

Sigurður Þórólfsson, ábúandi Ráðagerðis og eigandi þess, er telst áttungur af Nesjörð.

Fyrsti skiftagerðardagur var ákveðinn 13. okt. 1920. Voru þá allir, er hlut að eiga boðaðir til fundar að Ráðagerði kl. 1 e.h. Þar komu þá:

1. Ísak Bjarnason úttektarmaður (Fífuhv.)
2. Eggert Briem (frá Viðey) settur úttektarmaður í stað Gunnsteins hreppstj. Einarssonar
3. Björn Bjarnarson (frá Grafarholti) skipaður oddamaður við skiftagerð þessa.
- 4.-6. Ofanefndir þrír gerðarbeiðendur, og
7. Vigfús Guðmundsson (frá Engey) úr Reykjavík umboðsmaður Kristínar Ólafsdóttur við sk[iptin]
8. Guðmundur Ólafsson, ábúandi Nýjabæjar og eigandi en það býli telst áttungur af Nesjörðu
9. Steindór Gunnlaugsson logfr. aðstoðarmaður í stjórnarráði Íslands og umboðsmaður þess við skiftin vegna Reykjavíkurdómkirkjujarðanna Bakka og Bygggarðs, er báðar til samans teljast eiga sjöttung í útlandi Ness óskiftu.
10. Jón Guðmundsson ábúandi Bakka.
11. Eyúlfur Kolbeins vegna móður sinnar, ábúanda Bygggarðs, prestsekkju Þóreyjar Bjarnadóttur.

Lagt var fram:

1. Brjef gjörðarbeiðenda (ósk um skiftin) dags. 5. f.m.
2. Símskeyti, er sýndu skipun skiftanefndarinnar.
3. Brjef stjórnarráðs Íslands, 8. f.m. þar sem krafist er sjöttungs útlands handa fyrnefndum dómkirkjujörðum, er skift sje milli þeirra „eftir því hlutfalli,“ sem stjórnarráðið mun láta skiftamennina vita um.“
4. Mynd (= kort) af landinu nýdregin.
5. Brjef dags. 7. marz 1906 um skifti gjörð á túnnum og sáðgörðum milli eigenda Nesjarðar (fjögra).
6. Brjef dags. 1. júlí 1913 um ljeðan blett, 340 ferfaðma úr óskiftu landi til ræktunar, Jóni Ólafssyni og konu hans í Litlabæ (Knútsborg). – Rætt var um smábletti aðra, er teknir hefðu verið til ræktunar án samninga úr óskiftu landi.



Upplýst var að Bakkakotsreit, 400 ferfaðmar, er samnefnt hús stendur á, hafi af Nesjarðareignum verið seldur úr óskiftu landi, og að kirkjujarðirnar ættu ófengið fyrir sinn hluta, um 66□ fðm.

Samkomulag varð að skifta ekki Gröndum- sand- og malarrifum við sjó sunnan og vestan að Bakkatjörn. Skyldu þeir framvegis, eins og fyr vera til sameiginna nota: sem vegir út í Suðurnes, til fjörumótekju, rekþaratekju, fiskþurkunar o.s.frv.

Engin mótmæli komu gegn því, að kirkjujarðirnar ættu sjöttung útlanda, nje gegn skiftum túna og sáðgarða, samkvæmt brjefi nr. 5. En um sjergirta sáðreiti norður við Nesvör er eigendur heimajarða í Nesi hafa notað, var nokkuð deilt. En með því þeir eigi eru „innan túngirðinga“, sem brjefið ákveður, var álit skiftamanna, að þeir yrðu að teljast til óskifts lands.

Landamerki eru talin ágreiningslaus gagnvart öðrum jörðum. Landið er umflotið sjó á alla vegu, nema að austan, en þar er forn merkjagarður fjara millum þvert yfir nesið, nefndur Valhúsagarður.

Neseigninni eru talin fylgja útskerin Kerlingarsker vestur af Suðurnesi og Löngusker á Skerjafirði.

Eyjarnar Akurey og Grótta eru fyrir nokkru orðnar sjereignir, með öllu lausar við Neseignina.

Umboðsmaður Stjórnarráðsins lagði til, að hluta kirkju(= ríkis)jarðanna úr útlandinu yrði skift milli þeirra að jöfnu en umboðsmaður ábúanda Bygggarðs bað bókað, að hann krefðist skifta á því eftir ^{hndr}-tali býlanna.

Því næst gengu allir framantjeðir fundarmenn um landið til að skoða það, en að því búnu var dagur þrotinn. Annar úttektarmanna, E.Br., gat eigi verið við næsta dag, og varð því að fresta starfinu.

21. októbr. 1920 var aftur tekið til skiftastarfa í húsi Bf. Ísl. í Rvík. Hafði E.Br. daginn áður eftirgert landmyndina, og var nú stærð hins óskifta lands nákvæmlega reiknuð út á þeirri mynd, hver tegund þess fyrir sig. Næsta dag var ~~aftur~~ allur sá útreikningur endurskoðaður, reiknað út hve mikið hverju býli bæri af hverri tegund lands, og gerðar tillögur til skifta á landmyndinni; boðaður fundur í Nesi næsta dag (23. okt.) kl. 9. f.h. Komu þar þá allir framantjeðir hlutaðaeigendur, nema E. Kolbeins, er var á ferð í Norðurlandi. Var þeim skýrt frá skiftatillögum nefndarinnar, og jafnframt sýndar þær á landmyndinni. Gerðu þeir mjög litlar athugasemdir við þær, og virtust yfirhöfuð fella sig við þær.

Því næst var tekið til að setja merki á línur þær, er landi skiftu, og var jafnframt áreiðanleiki landmyndarinnar reyndur með mælingum, og reyndist hún í aðalatriðum rjett. En dagur vanst eigi til að fullgera merkjasetninguna, en henni lauk nefndin síðari hluta næsta dags (24. okt.).

Skiftin eru gerð þannig:

1. Ákveðin vegastæði:



- a. Sjávargata frá Nestúni að Nesvör niður með austurvegg sáðgarðs þar, niður í fjöru.
 - b. Vegur (frá Framnesvegi) suður með túnum að austan, suður á Bakkagranda. Við þann veg, í landsskák Ness 2., er sumarvatnsból búfjenaðar, og fylgir veginum afmarkaður reitur kring um það (óskiftur).
 - c. Gangslóð meðfram túnjöðrum að sunnan út á Vesturgranda frá Neströð niður að tjörn (Tjarnargata).
 - d. Framhald Knútsborgarvegar (sem nú er) fram á vesturbakka.
 - e. Vegur þvert yfir landi Ness 2. frá norðurbakka á Suðurnesi að landi Ness 1. þar.
 - f. Umferðarslóð frá Bakkakoti að túnhliði á Bakka. – Eru öll þessi vegastæði dregin með rauðu á landmyndinni. Auk þess var ákveðið, að umferð skyldi vera frjáls um vesturbakkabrún (Ráðagerðisbakka) Ness 1., og norðurbakka Ness 2. í Suðurnesi að vegi e.
2. Af útlandi eignast:
- a. Nes 1. (helft Nesjarðar):
 1. Beggja megin Framnesvegar, norðan hans alt fyrir austan Bollagarðaveg, en sunnan alt milli túna og Valhúsagarðs að Nýjabæjarkrók.
 2. Fitina sunnan túna, að tjörninni frá Tjarnargötu, og bakka þar austur frá milli skákar Ness 2. (vegar b.) og Grandaendans nyrðra.
 3. Suðurhluti Suðurness.
 - b. Nes 2. (fjórðungur Nesjarðar):
 1. Skák austan túna (Einingar), milli Bakka og Ráðagerðisskákar.
 2. Fitina austan Tjarnargötu að suðurenda vegar b. við Einingarhorn, milli túns og tjarnar.
 3. Norðurhluta Suðurness.
 4. Vesturskák milli Ness 1. og Nýjabæjar.

Auk þess hafa eigendur Ness 1.+2. sáðgarðana við Nesvör, eins og verið hefir, og landræmur austan og norðan þeirra, auk vegarins a. til sameiginna nota. Umferð skal frjáls um ræmuna meðfram fjörunni. Vörin þar fram undan er til nota fyrir Nesseigendur báða
 - c. Nýibær (áttungur Nesjarðar):
 1. Skák austan túna, milli Ness 1. og Ráðagerðisskákar, 68 metra breiða, að Valhúsgarði.
 2. Blett austur frá sínu heimatúni að Sjáfargötu, norðan túngirðinga Ness 2. sunnan Nesvarargarða, en að sjó fram fyrir austan þá.
 3. Vesturskák milli Ness 2. og Ráðagerðis.
 - d. Ráðagerði (áttungur Nesjarðar):
 1. Skák austan túna (Einingar), milli Ness 2 og Nýjabæjarskáka, 68 m. breiða, að Valhúsgarði.
 2. Nyrzta hluta Ráðagerðisbakka vestan túns suður að vesturskák Nýjabæjar.



Umferð skal frjáls um fjöruna norðan og vestan Ráðagerðisbakka (allra skákanna þar).

Vitaverði í Gróttu skal frjáls umferð fyrir gangandi menn um túngötu Ráðagerðis, og til fjöru vestan túns þar.

e. Bakki (hálfur sjöttungur útlanda):

1. Sunnan Ness 2. (sjá b.1.) milli Valhússgarðs og vegar b. við Einingarhorn; þar suður í sjó. Í þessu landi er Bakkakot. Skal íbúum þess frjáls leið um túngötu Bakka, og að gera veg frá henni að Bakkakotsreit og viðhalda honum. Slit og skemdir á túngötu Bakka er af umferð Bakkakotsbúa leiðir, bæti eigandi Bakkakots (taki þátt í viðhaldi götunnar) eftir samkomulagi, ella mati dómkvaddra manna.
2. Skák í Suðurnesi milli eignarhluta Nesseigenda þar og austan vegar e., fleygmynduð, mjóst við veginn, en breiðust á austurbakkanum.

f. Bygggaður (hálfur sjöttungur útlanda):

1. Landið norðan Framnessvegar milli Bollagarðavegar (2.a.1.) og austan Sjávangötulínu í sjó fram. Frá vegarhliði er Bollagarðatúngarður í merkjum út í horn hans, en þá bein lína við sáðgarð þar vestanverðan í sjó fram. Í síðastnefndri línu, og að mestu vestan við hana, er Bollagarðabrunnur, og skal frjálst að nota hann þaðan eins og verið hefur.
2. Blettur þríhyrndur landsunnan við reit Bygggarðs í Einingu er á tvo vegu takmarkast af vegi b., er þar beygist. Suðurnes er sem eyja, tengt heimalandi með hinum óskifta vesturgranda. Allir aðrir framangreindir landshlutar liggja að meira eða minna leyti að áður skiftum túnum hvers býlis, nema 2.b.1. er lítið eitt laust frá öðru landi Ness 2. öðru varð eigi við komið; og 2.f.1. laust við tún Bygggarðs; en þó nærri því, en túnið þar heima er innilokað í önnur tún, nema sjáfarmegin.

Þar sem girðingar, eldri vegir eða sjór eigi er merki, eru allar nýjar merkjalínur dregnar með rauðu á landmyndina (kortið) og voru sett merki við enda þeirra á landinu í viðurvist hlutaðeigenda, en þeir skyldu umbæta þau og viðhalda. Nafn eignarbýlis er ritað á hvern landshluta þess á „Kortinu“.

Í fitinni 2.a.2. er brunnur Nesbúa til sameiginna nota fyrir Neseigendur báða (Nes 1.+2.).

Fjörurjettindi og skyldur (brotvarnir) eignast hver fyrir sínu landi.

3. Óskift (til sameiginna nota):

- a. Grandarnir: austurmörk í Bakkagranda er vesturmarkalína Bakkalands (heima) frá Einingarhorni suður í sjó; norðurtakmark vesturgranda: suðurtúngarður Bakka (við sjó) um fitarhornið út í tjörnina; varða á grandanum. Suðurtakmörk: varða, þaðan stefna á bæinn á Aurriðakoti (lína dregin á „kortið“), tekur lítinn mána af eystri bakkanum.



- b. Útskerin Kerlingarsker og Löngusker og Bakkatjörn. – Sje framræsla auðveldari með því að fara gegn um annars land, skal það heimilt, með sem minstum skemdum á því landi, að hjá má komast.

Hinn tjeði blettur (brjef 6.) fellur í hlut Ness 1.

Stólpa og vír úr girðingum, sem aðrir nú kunna að eiga á hinum skiftu löndum, mega þeir hirða, en girðingar úr jarðefni eignast hver á sínu landi.

Eigendur túna, sem að Framnessvegi liggja (út að Nýjabæjarhliði) mega rjetta girðingar sínar svo að í lögboðinni fjarlægð sjeu frá veginum, og eignast það er þá kann að verða innan girðingar hver fyrir sínu túni.

Bókun lokið í dag.

p.t. Reykjavík 25. okt. 1920.

Björn Bjarnarson

Eggert Briem frá Viðey

Ísak Bjarnason frá Fífuhvammi

Rjetta útskrift staðfestir:

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu

22. nóvbr. 1920.

Magnús Jónsson

Gjald:

Ritl. 2,50 – tvær krónur og fimtíu aurar

M.J.

Lesið á manntalsþingi Seltjarnarnesshrepps 30. júní 1922 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, Nr. 60.

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – krónur

Greitt.

Magnús Jónsson



Nr. 61.

[Ytra Njarðvíkurhverfi og Vatnsnes]

Eftir fyrirskipun landamerkjalaga frá 17. mars 1882 skrifast hjermeð landamerki ytra Njarðvíkurhverfis og Vatnsness, eftir því, sem þau hafa verið frá fornu fari, bæði eftir vitnisburðum elstu manna, er til þekkja og samkvæmt landamerkjabrjefi dags. 30. október 1813, sem er undirskrifað og samþykkt af öllum landeigendum ytri- og innri-Njarðvíkur og Kirkjuvogs-eigendum.

Landamerkin eru sem hjer segir:

1. Landamerki millum innra og ytra Njarðvíkurhverfis er úr miðju Merkiskeri beint í Grænás, þaðan beint í Vogshól, þaðan upp í Stapafellsgjá og þaðan í hæsta hnjúk ~~beina línu í Kirkjuvogs-Klofninga-hnjúk~~ á austurenda Stapafels.
2. Úr Stapafellshnjúk beina línu í Kirkjuvogs-Klofninga, þaðan í Prívörður, þaðan beina sjónhending í Gömlu-Púfu á Háaleyti og þaðan í Kólku, sem stendur á neðanverðu Háale[yti]
3. Frá Kólku eru landamerkin beina línu ofan í Nærstrandargróf við Keflavík.

Þessum ofanskriðuðum landamerkjum erum vjer allir, sem hjer eigum hlut að máli, samþykkir og staðfestum þau með undirskrift vorri.

Njarðvík og Vatnsnesi 20. maí 1922

Fyrir Bolafót	Þ.J. Thoroddsen
Fyrir Njarðvík I	Jónas Jónasson
Fyrir Njarðvík II	Stefán Erlendsson
Fyrir Höskuldarkot I	Magnús Ólafsson
Fyrir Höskuldarkot II	
Fyrir Þórukot	Björn Þorleifsson
Fyrir Vatnsnes	Jóhann Guðnason

Fyrir allar innri Njarðvíkur:

Helgi Ásbjörnsson Innri Njarðvík, Jón Jónsson Stapakoti, Þórður Finnbogi Guðmundsson Tjarnarkoti, Kj. Sæmundsson Stapakoti

Fyrir hönd Sigurðar Jónssonar eiganda Narfakots: Sigurgeir Guðmundsson

Fyrir alla Kirkjuvogstorfuna

Magnús Pálsson Staðarhóli, Hildur Jónsdóttir Kotvogi, Vilhjálmur Ketilsson Kirkjuvogi, Eiríkur Þorsteinsson Kirkjuvogi, Friðrik Gunnlaugsson Hólshúsum, Magnús Guðm.son Vesturhúsi, Jón Ólafsson Hólshúsum, Magnús Gunnlaugsson Garðhúsum

Fyrir hönd Eiríks og Jóns Ormssona: Ólafur Ormsson Miðbæ

Fyrir Rjettarhús: Guðmundur Sigvaldason Merkinesi

Fyrir Keflavíkurlandareign Mattías Þórðarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hinn 6. oktbr. 1922 fyrirfram innfært Nr. 61.

Magnús Jónsson

Gjald:

3 – þrjár – krónur

Borgað

Magnús Jónsson



Nr. 62.

Útskrift úr landskiftabók Kjósarsýslu

Engey.

Landskiftagjörð byrjuð h. 12. júlí 1919, enduð 19. s.m. alls unnið að henni í 3½ daga. – Útnefning oddamanns, undirritaðs B.B. er dagsett 10. júlí 1919. Samkvæmt henni ber að skifta eygni í 2/3 – 1/3 hluta bæði hagbeit, æðarvarpslandi, slægjulandi, reka og þangfjörum o.fl. svo að hvor geti hagnýtt sjer sinn eignarhluta, sem sjálfstæð eign væri. Gjörðarbeiðandi er eigandi 2/3 hlutanna, Björn Magnússon bóndi í Engey. – Skiftagjörðin er framkvæmd með hliðsjón til landskiftalaganna 10. nóvbr. 1913, þannig:

1. Vegur óskiftir til sameiginlegra afnota, og viðhalds í hlutfalli við jarðarmagn:
 - a) Vegur frá bæjarhúsum suður að vör, ca: 3 metra breiður, eins og nú liggur.
 - b) Áætlaður vegur, frá sundinu milli íbúðarhúsanna, norður úr túni, sje vitinn og brennur norður í túni austan við veg brúnina, en vegurinn 3 metra breiður milli girðinga. Skal hvor gera hann eftir jarðarhlutfalli, að 2/3 og 1/3 og sje því verki lokið innan þriggja ára. – Sá vegur (eins og hinn a) skiftir túnunum og annast hvor girðinguna fyrir sínu túni.
2. Tún. 1/3 hluti eignist tún og mýri innan þessara marka:
 - a) Norðurtún: Vegurinn b að vestan, austurhúslóðin og lína úr suðurkampshorni fjóss þess er eigandi 2/3 hl. nú á þar, stefnu í hlið á sáðgarði í „Kotinu“ allt að uppsettu marki við Kottúnsgarðinn, þaðan í hlykkjarhorn á vörslugarðinn austan túns, hinn syðri hlykkurinn, og er þar merki uppsett.
 - b) Blett sunnan við smiðjuhús á austurbæjarhlaðinu (bænhússgarðinn) sem 1/3 hl. áður hefir notað.
 - c) Blett þann í suðurtúninu, vestan vegar a og sunnan sáðgarðs vesturbæjar, að girðingunni vestri, eins og 1/3 hefir notað. Nú er nokkur hluti þessa bletts, notaður sem kartöflugarður (af 1/3 hl. eiganda).

2/3 hluti eignast allt annað land innan túngirðinga, sem nú eru, og nýræktarblett úr beitarlandi við suðvesturhorn túnsins, er eigandi 1/3 hl. hefir ræktað og notað.

Gömlu tröðina norður úr túni nota báðir uns vegurinn b er gerður fær; eftir það fellur hún í eign 1/3 hlutans, sem túnið að henni á. – Meðan tröðin er notuð annast báðir viðhald traðargarðanna eftir fyrri venju.

3. Beitarland og varp:

1/3 hl. eignast (en 2/3 hl. alt annað land):

- a) Á austureynni merki: lína dregin um austurvegg kringlóttrar borgar á suðurströndinni, stefna í vesturjaðar Brautarholtsborgar (og mót Akrafjalls og Skarðsheiðar við sjóndeildarhring), og í sjó fram til beggja enda þeirrar línu, að austan. – Úr fyrnefndu hlykkjarhorni (2.a) lína í hornstein austast í gömlu



stakkstæði vestan við austurvör „Tjarnarvör“ (þrautalending) og svo í sjó fram, að vestan; það er í líka aðalstefnu og vörslugarðurinn.

- b) Á vestureynni merki: Úr sunnanverðu hliði á vörslugarði eftir suðurbrún stígsins að vitanum vestri og við suðurvegg hans úti sjó að norðan. – Frá miðjum kampi sunnan við nefnt hlið stefnu í gráan stein og fuglabúfu við girðingu mýrarblettisins fyrnefnda (vestanvert) og svo í sjó fram að austan, þ.e. suðurhluti vestureyjarinnar.

4. Húslóðir: Heimahúslóðin verður eign 1/3 hl. austan veganna (a og b) þar á nú 2/3 hl. hlöðu og fjós er standi meðan eigi þarf að endurbyggja, ef eigandi vill og hefur hann frjálsan aðgang þar að og frá eftir þörfum meðfram húsaþorpinu, en flytji húsin á sína lóð er endurbyggja þarf.

Sjávarhús-lóðin skiftist svo, að 1/3 hl. á, áfast við tún sitt (2c) sunnan vegar, austur fyrir stakkstæði við austurgafli smíðahúss þar. – Er flatur steinn í syðri brún vegarins hornmark, og þaðan lína í austurbrún þverhnypts kletts í utanverðu Heimaskeri (sjest um fjöru) í sjó fram.

5. Lendingar: Aðallendingarstaðir eru heimavör og Tjarnarvör (þrautalending) austan við túnvörslugarð 3a; þær sjeu til sameiginlegra nota og viðhalds fyrir báða, svo og uppsátur, og aðrir lendingar við eyna.

Fjöruntot hefir hver fyrir sínu landi þannig skifta landi (túni og högum), en netalagnir í sjó eru til sameiginna nota (verður ekki skift).

Gangslóð fyrir gripi skal jafnan frjáls báðum norðan túna, austur með að högum 2/3 hlutans og vestan með að hagabletti 1/3 hlutans við túnhliðið á vesturgarðinum (3b). Austurbrúnarstefna vegarins 1b er merkjalína í sjó fram norður.

2/3 hluta eigandi á nú geymsluhús á sjávarlóð 1/3 hl. er standi með frjálsum aðgangi meðan eigi þarf að endurbyggja.

Túngirðingar eignast hver fyrir sínu túni og viðhaldi. – Grjótgarðar og önnur mannvirki einnig á hvers útskifta landi. – En vírgirðing um útfærslublett sunnan vestur túnhliðs, er nú fellur inn í hagablett 1/3 hl., má eigandi 2/3 hl. hirða sem sína eign.

Notkun í sumar sé óbreytt að öllu.

Stærðarhlutfallamælingar hafa verið viðhafðar og gæðamunur tekinn til greina, svo sem frekast hefir unnt verið.

p.t. Engey 19. júlí 1919

Björn Bjarnarson

Guðm. Ólafs

Gunnsteinn Einarsson

Rjetta útskrift staðfestir:

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 5. ág. 1919



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Magnús Jónsson

Ritlaun:

2 – tvær – krónur

Hinn 6. október 1922 fyrirfram innf. Lmbók 62

Magnús Jónsson

Gjald:

Þingl. 3 – þrjár – kr

Magnús Jónsson



Nr. 63.

Landamerkjalyising

[Eyði, Gufunes og Korpúlfsstaðir]

Við undirritaðir höfum orðið ásáttir um að landamerki milli jarðanna Eyðis og Gufunes annarsvegar og Korpúlfsstaða hinsvegar, en allar þessar jarðir liggja í Mosfellssveit í Gullbringu- og Kjósarsýslu, skuli vera þessi:

Úr svonefndri Nónvörðu, sem er viðurkennt hornmark milli þessara fjöggra jarða: Gufuness, Eyðis, Korpúlfsstaða og Keldna, bein lína í sjó fram, er skeri aðra línu dregna frá svonefndri Miðaftansþúfu 100 föðmum fyrir innan áður nefnda þúfu. Skurðarpunktur þessara lína, sje í beinni stefnu við hábrún svonefnds Hádegisáss, en Hádegisás er hæðin fyrir ofan Eiðisbæinn, og hæst á honum er áður nefnd miðaftansþúfa.

Hafi málsaðilar, eða annarhvor jarðeiganda útaf fyrir sig ekki sett góða og griphelda girðingu á áður nefndri landamerkjalinu, skulu þeir í sameiningu skyldir til, innan árs frá þessum degi að setja að minnsta kosti stóra og greinilega vörðu á áður nefndum skurðarpunkti.

Reykjavík 23. sept 1922

Fyrir hönd Gufuness og Eiðis:

Í stjórn h/f Norðri Pjetur Magnússon, H. Kristinsson, Páll Ólafsson

Fyrir Korpúlfsstaði Thor Jensen núverandi Eigandi

Hinn 2. nóvbr ¹⁹²² fyrirfram innfært í Lmb nr. 63

Magnús Jónsson

Gjald:

3 – þrjár – kr.

Borgað

Magnús Jónsson



Nr. 64.

Landamerkjaskrá fyrir svonefndri Hróðarnesstorfu

1. Túnmerki:

Stórt grindarhlið er í norðurhorni túnsins, að kalla má við marbakka. Frá því hliði liggur grjótgarður til v.s.v. meðfram móa frá Stóra-Hólmi. Svo beygist hann til suðurs og liggur að nokkru leyti með túni Stóra-Hólms og áfram með túni Ráðagerðis þar til hann beygist í s.a. áfram beina línu í kálgarðshorn hjá Lindarbæ og áfram úr því garðshorni í suðurhorn túngarðs frá Grænagerði að ofan og áfram beina línu úr þessu garðshorni í vesturhorn á túngarði frá Melshúsum að ofan. Áfram eftir honum og úr s.a. horni hans að ofan sem næst beina línu í svonefndan Snasa eða öðru nafni Grænhól

2. Fjörumerki:

Úr fyrnefndu grindarhliði liggur garðlag til austurs niður í klappir og úr þeim garðsenda beina línu í nokkuð stóran stein, merktan LM, sem er niður við svonefndan læk. Sá lækur liggur til norðurs og aðskilur fjörur frá Ráðagerði. Liggja svo Hróðarnessfjörur samhangandi alla leið inn að svonefndum Snasa eða Grænhól áður nefndum. Úr honum eftir vestri kampi stóru varar fram í sjó.

Hróðarnesi 30. júní 1922

Símon Guðmundsson

Samþykkur hvað Stór-Hólminum viðkemur Jón Bjarnason Melbæ

Að því er fjörumörkum milli Ráðagerðis og Hróðarnesd viðkemur er jeg samþykkur

Ráðagerði 30. júní 1922

Ófeigur Ófeigsson

Lesið á manntalsþingi Gerðahrepps 19/6 1923 og síðan innfært í Landamerkjabók nr. 64

Gjald 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 65.

Útskrift úr dómsmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu

Ár 1923 föstudaginn þann 1. júnímánaðar var merkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Vífilsstöðum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Magnúsi Jónssyni, en auk hans áttu sæti í dómnum, sem tilnefndir meðdómendur í rjettarhaldi 25. nóvbr. f.á. og í dag þeir Sigurgeir Gíslason verkstjóri og Jón Þórðarson kaupmaður báðir til heimilis í Hafnarfirði.

Undirskrifuðu hinir tilnefndu meðdómsmenn í rjettinum svo látandi heit, sem lagt er fram, sem nr. 3 svo hljóðandi: # # #

Var þar og þá tekið fyrir landamerkjamálið
Sigurður Magnússon f.h. Kirkjustjórnar Íslands
gegn
Ísak Bjarnasyni eiganda jarðarinnar Fífuhvamms

Í rjettinum er mættur læknir Sigurður Magnússon á Vífilsstöðum og ásamt honum málaflutningsmaður Sveinbjörn Jónsson í Reykjavík og lýsir hann því yfir, að hann hafi falið velnefndum málaflutningsmanni að flytja mál þetta fyrir hans hönd.

Ennfremur er mættur fyrnefndur Ísak Bjarnason er lýsir því yfir að hann hafi falið hrm. Pjetri Magnússyni í Reykjavík að flytja mál þetta af hans hálfu og er hann einnig mættur í rjettinn.

Var þá eftir tilmælum beggja málsaðilja bókuð svofeld

Sætt:

Landamerkjum á milli jarðanna Vífilsstaða í Garðahreppi og Fífuhvamms í Seltjarnarnesshreppi, ræður lína úr svonefndu „vaði“ á Arnarnesslæk í svonefndan „Hnoðra“, þaðan austur eftir há-Hnoðraholti“, austur að miðjum „Leirdal“ þaðan með vesturbrún „Leirdals“ beina línu suður fyrir „Leirdalsbotna“, 2 faðma upp í hæðardragið; þaðan beina línu hornrjetta á landamerkjalínu milli Vatnsenda og Vífilsstaða, sem liggur á milli svonefnds „Markasteins“ í Vatnsendahvarfi á Arnastapa

Málskostnaður, 60 krónur greiðist að helmingi af hvorum málsaðila

Var svo merkjadóminum slitið

Magnús Jónsson

Sigurgeir Gíslason

Jón Þórðarson

Sigurður Magnússon

Ísak Bjarnason

Pjetur Magnússon

Sveinbjörn Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Rjetta útskrift staðfestir:

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 13/6-23

Magnús Jónsson

Lesið á manntalsþingi Garðahrepps 29/6 1923 og Seltjarnarnesshrepps 30/6-1923 og síðan
innfært í Lmb. 65

Gjald 3,00 + 3,00 = 6,00 – sex krónur

Magnús Jónsson

Gjald:

1 – ein – króna

Greitt

M.J.



Nr. 66.
[Helgudalur]

Landamerki Helgudals eru:

1. Gagnvart Hraðastöðum:
 - a. Frá miðri ánni Reykjavísl um (stóran) „Merkjastein“ beint í vörðu uppi í fellsbrúninni.
 - b. frá þeirri brúnavörðu, beint í vörðu uppi á móbergsbungu, er ber við loft af næsta leiti fyrir ofan brúnavörðuna
 - c. þaðan beint í vörðu uppi á Stórhól.
2. Gagnvart afrjett Mosfellshrepps: Frá vörðunni uppi á Stórhól beint í vörðu á Hjálmi (bungu á suðurbrún Grímarsfells).
3. Gagnvart Þormóðsdal:
 - a. Frá vörðunni á Hjálmi beint í vörðu á útsuðurhorni Grímarsfells (er ber við loft sjeð frá austanverðum Torfdalshrygg austarlega (á stórum steini)
4. Gagnvart Reykju: Frá nefndri vörðu á Torfdalshrygg beint norður í nóngilsfoss.
5. Gagnvart Æsustöðum: Frá Nóngilsfossi ræður Nóngil niður í ána og síðan áin (Reykjavísl niður að Hraðastaðalandi (tl. 1)

Í júnímánuði 1923

Þ. Magnús Þorláksson (eftir umboði)

- | | |
|----------------------|--|
| 1. Fyrir Hraðastaði | Björn Bjarnarson eftir umboði |
| 2. Fyrir Mosfellshr. | Halldór Jónsson oddviti Mosfellshrepps |
| 3. Fyrir Þormóðsdal | Björn Bjarnarson eftir umboði |
| 4. Fyrir Reyki | Bjarni Ásgeirsson eftir umboði |
| 5. Fyrir Æsustaði | Þórður Jónsson eigandi |

Lesið á manntalsþingi Mosfellshrepps 27/6 1923 og síðan innf. í Lmb. 66

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 67

Landamerki fyrir jörðinni Bjarnastöðum á Álftanesi

Frá alfaraveginum ræður grjótgarður mörkum norðan að túninu alla leið niður að sjó gegnt Há koti, Sveinskoti og Litlabæ og í fjöru einsog garðurinn vísar. Að austan ræður miður alfara vegur frá Há kotstúni að túni Sviðholts III og Þórukots niður að götunni á milli Þórukots og Bjarnastaða. Þaðan ræður enn garðlag mörkum alla leið niður að sjó og í fjöru eins og garðurinn vísar gegnt Sviðholti II.

Í útlandi á jörðin í Breiðumýri í sameiningu við fleyri jarðir samkvæmt þinglesnum landamerkjum fyrir Sviðholti 1890, 6. júní.

Fyrir hönd hreppsnefndar Bessastaðahrepps 18. júní 1923
Klemens Jónsson

Samþykkur fyrir Sviðholt nr 3: Ólafur Gíslason
Samþykkur fyrir Sviðholt nr 1 og 2: Eyjólfur Gíslason
Samþykkur fyrir Há koti: Eyjólfur Þorbjörnsson
Samþykkur: Ólafur Bjarnason
Samþykkur: Sveinbjörn Sveinsson

Lesið á manntalsþingi Bessastaðahrepps 29/6 1923 og síðan innf. í Lmb. nr 67

Gjald: 3 – þrjár – krónur
Magnús Jónsson



Nr. 68
Landamerkjabréf
[Ytri-Njarðvík og Vatnsnes]

Undirritaðir eigendur Ytri Njarðvíkurlands og Vatnsnesslands, samþykkja með sjer, að í stað útmælingar þeirrar er eigandi Vatnsness beiddist og þeir M.J. Bergmann í Fuglavík, Þorsteinn Þorsteinsson í Keflavík og Jón Jónsson í Innri Njarðvík framkvæmdu, eftir útnefningu sýslumannsins skyldi eigandi Vatnsness hafa til fullkominnar eignar og útfærslurjettar, landspildu þá er verður Vatnsnessmegin við línu, er dragast skal frá efra vesturhorni útfærslu hans á svonefndri Eiríksbæjarlóð og þaðan beina línu í landsuðurhorn lóðar Guðjóns Jónssonar í Framnesi og þaðan beina línu í Ósnef.

Framanrituðu erum við í öllu samþykkir.

Njarðvík og Vatnsnesi 20. maí 1922

Fyrir Bolafót:	Gísli Þorsteinsson
Fyrir Njarðvík I	Jónas Jónasson
Fyrir Njarðvík II	Stefán Erlendsson
Fyrir Höskuldarkot I	Magnús Ólafsson
Fyrir Höskuldarkot II	p.p. H.P. Duus Jakob Jónsson
Fyrir Höskuldarkot III	Valdimar Björnsson
Fyrir Þórukot	Björn Þorleifsson
Fyrir Vatnsnes	Jóhann Guðnason

Hinn 28. sept. 1923 fyrirfram innfært í Lmb. nr. 68

Gjald. 3 – þrjár – krónur
Magnús Jónsson



Nr. 69

Landamerkjasamningur
[Kirkjuvogur og Merkines]

Við undirritaðir eigendur Kirkjuvogstorfunnar og við undirritaðir eigendur Merkiness gjörum með okkur svofelldan landamerkjasamning.

Landamerki á milli Kirkjuvogstorfunnar og Merkiness skulu vera þannig; lína skal tekin úr skeri því er markasker nefnist og verið hefir fjörumark á milli Kirkjuvogs og Merkiness í vörðu þá er á bakkanum stendur og kölluð er Sandvarða um, Bræður, Torfhól og Arnarbæli, frá Arnarbæli í mitt Lágafell.

Frá línu þessari á Merkines alt land til heiðar og fjöru suður að landi Kalmannstjarnar Samningi þessum til staðfestu rita allir aðiljar nofn sín undir.

Staðarhóli 31. marts 1923

Eigendur Merkiness:

Jón Jónsson, Guðm. Sigvaldason

Eigendur Kirkjuvogstorfunnar:

Magnús Pálsson, Vilhjálmur Ketilsson, Eiríkur Þorsteinsson, Magnús Guðmundsson, Hildur Jónsdóttir, Friðrik Gunnlaugsson, Magnús Gunnlaugsson

Fyrir hönd eigenda Miðbæjarjarðarinnar:

Ólafur Ormsson, Jón Ólafsson, Guðm. Sigvaldason

Hinn 29. sept. 1923 fyrirfram innf. í Lmb. nr 69

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 70
Landamerkjalyking
[Niðurkot (sundakot)]

Landamerki fyrir jörðinni Niðurkoti (Sundakoti) eru þessi:

Móti Álfsnesi og Víðirnesi ræður mörkum bein lína dregin úr „Fornugröfum“ þar sem Keldudrag rennur ofan að flæðarmálinu í stóran stein, sem stendur suðaustan við sker sem liggur rjett við land út í Leirvoginn fyrir vestan Víðirnesstúnið. Steinn þessi er hornmark milli Víðirness, Lágafells og Niðurkots.

Milli Lágafells og Sundakots ræður mörkum út Leirvoginn þar til komið er 60 faðma út fyrir stórstraumsfjöruborð bein lína dregin úr áðurnefndum hornmarkasteini í austur ~~bein lína~~ enda Geldinganes fyrir ofan stórstraums flóðfar

Staddir að Víðirnesi 10. júní 1923

Kr. Þorkelsson eigandi Víðirness og Álfsness

Bogi A.J. Þórðarson eigandi Lágafells og Niðurkots

Hinn 13. desbr. 1923 fyrirfram innfært í Lmbók Nr. 70

Gjald: 3 – þrjár – krónur



Nr. 71

Landamerki fyrir Landakotsjörð í Miðneshreppi

1. Landamerki jarðarinnar að norðan takmarkast af beinni línu, sem er dregin úr merktum steini, sem stendur á norðvesturhorni jarðarinnar, meðfram sáðgarði, sem stendur austanvert á túninu, austur í túngarðinn sem myndar austurtakmörk jarðarinnar og sem liggur suður að Torfklofa, er stendur á norðausturhorni Krókskotstúnsins. Suðurtakmark jarðarinnar myndast af beinni línu frá nefndum Torfklofa (sem er merkjalína milli Landakots og Krókskots) í merktan stein, er stendur á norðvesturhorni Krókskots jarðarinnar, úr þeim steini bein lína í merktan stein, er stendur fyrir austan Sandvík, og úr þeim steini í fyrnefndan merkjastein á norðvesturhorni jarðarinnar.
2. Landspilda Landakotsjarðarinnar í svonefndu Uppsalalandi, sem er fyrir austan veginn austur af jörðinni, takmarkast af veginum að vestan og gömlu garðlagi, sem liggur í hálfhring frá veginum hjá Veghúsum og gengur aftur í veginn nokkru norðar. Lóðarstykki það, sem bærinn Veghús stendur á, skal teljast með landareign Sandgerðisjarðarinnar.
3. Fjöruland jarðarinnar skal reiknast frá suður takmarkalínu Tjarnarkotsfjörulóðar (að norðan) meðfram sjóvarnargarði Sandgerðisjarðarinnar (að austan) það sem hann nær til suðurs og þar er merktur steinn, úr honum bein lína, er stefnir á Skarfakletta syðst á Bæjarskerseyri, þangað til sú lína nær áðurnefndri suðurtakmarkalínu Tjarnarkotsfjörulóðar að neðan.
4. Heiðarland jarðarinnar skal vera sameiginlegt, hlutfallslega við hinar jarðir Sandgerðishverfisins, eftir hundraðatali, þó skal því tekið fram, að Landakots jörðin á ekkert í svokölluðum Löndum, sem ná upp undir holtin á heiðinni að austan og upp að Krókskotstúngarði og norður fyrir Veghús og Brekkubæ að norðan. Eigendur Tjarnarkotsfjörulóðar og Bakkakots skulu fá jafnstór landstykki úr Uppsalalandi, hvort fyrir sig, einsog landstykki það, sem Landakot fær samkvæmt staflið 2. í samningi þessum. Það sem þá verður eftir af Uppsalalandi skal teljast með sameiginlegu óskiftu heiðarlandi jarðanna.

Framanrituðum landamerkjum Landakotsjarðarinnar erum vjer undirritaðir eigndur og umboðsmenn eigenda samliggjandi jarða samþykkir.

Sandgerði 24. júní 1922

Fyrir Sandgerðisjörðina og Bakkakot Loptur Loptsson.

Fyrir Landakotsjörðina Árni Magnússon

Fyrir Ingunni Sveinsdóttur Haraldur Böðvarsson samkv. umb.

Fyrir hönd dætra Einars Sveinbjörnssonar Ól. F.A. Ólafsson

Fyrir Króksjörðina f.h. Vilborgar Berentsdóttur Berent Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrir Tjarnarkotsfjörulóð f.h. Ingunnar Sveindóttur Haraldur Böðvarsson

Vitundarvottar:

Sig. Kjartansson

Axel Sveinbjörnsson

Hinn 14. júní 1924 fyrirfram innf. í Lmb. nr. 71

Gjald 3 – þrjár – krónur

Borgað

Magnús Jónsson



Nr. 72

[Þormóðsdalur]

Landamerki Þormóðsdals eru:

1. Gagnvart afrjettarlandi Mosfellshrepps:
Frá vörðu uppi á Hjálmi (hárri móbergsbungu á suðurbrún Grímarsfells) bein lína um stóra fuglaþúfu (merkjaþúfu) neðst á norðurbarmi gljúfursins (að Seljadalsá) í ána miðja (í botni Neðra-Seljadals)
2. Gagnvart Miðdal:
Seljadalsáin (frá línu 1.) niður að Óskotslandi, náttúrleg lína.
3. Gagnvart Óskoti:
 - a) Frá Miðdalslandi (línu 2) Seljadalsáin til óss við Hafravatn er svo miðast: Bláfjalla (vestur)endinn nemur við árhamarinn og Ulfarsfellsbæinn sjer á norður undan Óskotsholtinu (þar er árosinn nú)
 - b) Þaðan bein lína norður eftir Hafravatni í Príhornmark (í vatninu) milli Óskots, Ulfarsfells og Þormóðsdals, á línu sem dregin er austur yfir vatnið (merki milli Óskots og Ulfarsfells í vatninu) frá vatnsós stefnu á hlíðarhorn.
4. Gagnvart Úlfarsfelli:
Frá nefndu þríhorni (í vatninu, lína 3.b.) beint að Reykjahvolandi á Uxamýrarrófum. Á þeim hluta þessarar línu, sem yfir land liggur eru stórir steinar tveir (í línunni) er saman ber merktir L^m.
5. Gagnvart Reykjahvoli:
 - a) Frá hornmarkinu á Uxamýrarrófum beint í fuglaþufuna á Lala (sem er klettur sunnan Borgardalsmynnis).
 - b) frá nefndri Lala-þúfu, bein lína í „Grettistak“ suðaustan á Þverfelli).
6. Gagnvart Reykjum:
Frá „Grettistaki“ bein lína (um suðurenda Bja[rn]arvatns) í hornmarksvörðu (milli Reykja og Helgadals) á Torfdalshreygg austanverðum.
7. Gagnvart Helgadal:
 - a) Frá nefndri vörðu á Torfdalshrygg (á stórum flötum steini) beint í vörðu er ber við loft uppi á utsuðurhorni Grímarfells.
 - b) Þaðan beint í vörðuna uppi á Hjálmi (Tölul. 1.)

Í júnímánuði 1923

Þjörn Bjarnarson (eftir umboði, fyrir þjóðjörðina Þormóðsdal

1. Fyrir Mosfellshrepp: Halldór Jónsson, oddviti Mosfellshrepps
2. Fyrir Miðdalsl. Áin náttúrleg lína alla leið.
3. Óskot Eiríkur Einarsson fyrir hönd eiganda, móður minnar Þóru Pálsdóttur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

4. Úlfarsfell: Skúli Norðdahl (eigandi)
5. Fyrir Reykjahvol Helgi Finnbogason (eigandi)
6. Fyrir Reyki: Bjarni Ásgeirsson (eftir umboði)
7. Fyrir Helgadal: Þ. Magnús Þorláksson (eftir umboði)

Lesið á manntalsþingi Mosfellshr. 25/6-24 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbr. og Kjósarsýslu nr 72

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 73
Landamerkjabrjef

Landamerki jarðarinnar Minna-Mosfells í Mosfellssveit eru:

Milli Stóra-Mosfells og Minna-Mosfells:

Úr vörðu austast á Selásnum, úr þeirri vörðu, beint í vörðu sem stendur vestan til við Mosaklett, þaðan í vörðu á Skolladalshólum, þaðan beint austan í Disk, úr Diski í túngarðsendann, úr túngarðsendanum neðri í Markakeldu við Köldukvísl alla leið upp eftir ánni í stefnu á markavörðu á eyrunum niður við Laxnesslæk.

Milli Laxness og Minna-Mosfells:

úr markavörðu á eyrunum við Laxnesslæk upp eftir læknum beina leið stefnu um Markastein í oddanum á Þrætumóa, úr þeim steini beina línu í Hestbrekknaskygni eftir girðingu sem þar er sett.

Milli Skeggjastaða og Minna-Mosfells:

Úr Hestbrekknaskygni beina stefnu í Markastein á Skeggjastaðamóum, úr Markasteini beint í Metaklett norðan til á Háaleiti, úr þeim steini beina stefnu í þúfu niður við Leirvogsá.

Milli Þverárkots og Minna-Mosfells:

Þar liggja mörkin eftir Leirvogsá.

Gjört í Reykjavík 23. júní 1924

Guðmundur Kr. Guðmundsson eigandi Minna-Mosfells

Sigurður Guðnason Skeggjastöðum

Valgerður Gísladóttir ábúandi Stóra Mosfells

Sigríður Halldórsdóttir Laxnesi

Oddur Einarsson Þverárkoti

Lesið á manntalsþingi Mosfellshr. 25/6-24 og síðan innfært í Landamerkjabók Gullbr. x
Kjósarsyslu nr 73

Gjald: 3- þrjár – krónur

Magnús Jónsson



Nr. 74

Landamerkjalyising [Stafnes og Kirkjuvogur]

Samkvæmt hæstaréttardómi í janúar þ.á. eru landamerki á milli Stafnestorfunnar í Miðneshreppi og Kirkjuvogstorfunnar í Hafnahreppi þannig:

„Landamerki á milli Stafnesjarða í Miðnesshreppi annarsvegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hinsvegar, skulu vera þau, er hjer greinir:

Úr Gömlu þúfu á Háaleyti í „Beinhól“, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr „Beinhól“ í miðjan Djúpavogsbotn við stórstraums flóðmál; hvar varanlegt merki skal sett, auðkennt L.M. Þaðan bein lína um ósinn í vörðu þá, er stendur á suðurenda Vörðuhólma, er skal auðkend LM með varanlegur millimerki, er sett skal á Illaklif einnig auðkent L.M. – Frá Vörðuhólma sunnan um Selsker og Hestaklett á sjó út.“

Þessum landamerkjum ber að fylgja þar til öðruvísi kynni að semjast um síðar meir og setja hlutaðeigendur þegar á þessu ári merki þau, er dómurinn ákveður á kostnað beggja aðila.

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 13/6-25

Magnús Jónsson

Lesið á mannt.þ. Hafnahrepps 16/6-25 og síðan fært í Landamerkjabók Nr. 74

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 75
Landamerkjalyising

Landamerki milli Lágafells og Víðiness í Leirvognum skulu vera þessi:

Að toppurinn á Skálafelli beri yfir syðri brúarstöpul Leirvogsár, og skal sú lína halda sjer, fram að beinni línu dregnri úr stórum steini, sem liggur suðaustan við skerið, sem er fyrir vestan Víðinestúnið, og í Dýjakrókalækinn sunnan við Voginn, þar sem hann fellur í voginn (Leirvoginn) um stórstraumsflóð.

Staddir að Víðinesi 21. ágúst 1923

Kristján Þorkelsson eigandi Víðiness

Bogi A.J. Þórðarson eigandi Lágafells

Hinn 12/12-’24 fyrirfram innfært í Landamerkjabók, sem nr. 75.

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson

[Viðbót með smáu lettri neðst] Mótmælt af Þ.M. Þorlákssyni eiganda Blikastaða, viðvíkjandi því svæði er merkjalínan liggur fyrir Blikastaðalandi í Leirvogi.

Á manntalsþingi Mosf.hr. 27/6-’26



Nr. 76
Landamerkjabrjef

Milli Norður-Reykja og Hlaðgerðarkots skulu landamerki vera þessi:

1. Bein lína úr Skammadalslæknum um stóran stein, sem stendur upp á melhryggnum skamt frá læknum í vörðu vestanhalt á öxlinni.
2. Úr þeirri vörðu, bein lína í vörðu, sem stendur fyrir ofan suðvesturhornið á Norður-Reykjatúninu.
3. Úr þessari vörðu beina línu í lækinn framan við norðurkampinn í Norður-Reykjatröðina
4. Þaðan ræður lækurinn niður að stórum steini sem er neðst í gilinu milli bæjanna.
5. Úr steini þessum ræður bein lína niður í Norður-Reykjaána, eins og hún rennur nú, í stefnu neðst í Kirkjugil í Mosfelli, þar sem Merkurvallatúnið ber efst saman við Mosfellstúnið. Í línu þessari er hlaðinn torfvarða á syðri bakka Norður Reykjaár. Skulu stafirnir L.M. klappaðir í steininn suður undan skammadalslæknum, og í steininn neðst í gilinu milli bæjanna

Gjört á Varmá 25. maí 1925

Bogi A.J. Þórðarson

Samþykki fyrir hönd Norður-Reykja sem hreppsnefnd Mosfellshrepps:

Þ. Magnús Þorláksson, Halldór Jónsson oddviti, Þorbjörn Finnsson, Helgi Finnbogason

Hinn 26. maí 1925 er fyrirfram innfært í Landamerkjabók, sem nr 76

Gjald: 3 – þrjár – kron

Greitt

TJArndal



Nr. 77

Landamerki Lambhaga eru:

1. Gagnvart Kálfakoti (= Úlfarsá):
Frá stórum steini upp á nyðra Hákinna horni beint í Tvísteina (á hryggnum sunnan Leirtjarnar), og þaðan í Úlfarsá, eins og girðing liggur, stefnu beint á áveitustíflu í ánni.
(Þá er Úlfarsá þaðan stór og náttúrleg merki gagnvart Reynisvatni (lítinn spöl), Grafarholt, Keldum og Korpúlfsstöðum niður að Blikastaðalandi)
2. Gagnvart Blikastöðum:
 - a. Frá ánni (spöl fyrir ofan Stekkjarvað) bein lína einsog girðing stefnir, og upp í Merkja foss (í læk í Ásbrúninni),
 - b. frá nefndum Merkja fossi bein lína um lítinn klett í melhrygg neðan við Krossadal (eða Hrossadal), yfir það dalverpi sömu stefnu og alt að Lágafellslandi (upp á Úlfarsfelli), einsog vörður vísa.
3. Gagnvart Lágafelli
Frá hornmarki Blikastaða (2.b.) beint í stóra steininn á nyðra H Hákinna horni (töl. 1)

Í janúarmanuði 1923

Björn Bjarnason (eftir umboði fyrir þjóðjörðina Lambhaga.)

1. Fyrir Kálfakot: Margrjet Sveinsdóttir (eigandi)
2. Fyrir Blikastaði: Þ. Magnús Þorláksson (eigandi)
3. Fyrir Lágafell: (Desbr. 1925): Thor Jensen (eigandi)

Hinn 13/4-'26, fyrirfram innfært í Landamerkjabók sem nr. 77.

Gjald: 3 – þrjár krónur –
greitt

Magnús Jónsson



Nr. 78

[Norðurkot, Niðurkot og Höfðalágar]

Landamerki, fyrir Norðurkoti, Niðurkoti og Höfðalágum, eru sem hjer segir: úr Stóru-grófarhorni beina línu í vörðu á Bugamelshorni og svo sem Holtsbrún ræður í Melagilslæk og svo sem lækurinn ræður til sjáfar að undanskildum túnbletti í jörðinni Niðurkoti, sem Þórður Elísson Melum hefir til allra afnota á meðan hann býr.

Sigfús Jónsson

Þórður Elísson

Jón Jónsson

Lesið á manntalsþingi Kjalarnesshrepps 25. júní 1926 og síðan ritað í Landamerkjabók Gullbr. og Kjósarsýslu Litra nr 78

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 79

Landamerki fyrir prestsetursjörðina Reynivelli í Kjós.

1. Að vestan: Úr Árkvarnarlæk, beint ofan í skurðinn (kílinn), svo skiptir skurðurinn ofan á móts við Rúst, þá beint frá skurðinum suður í Rústina og frá Rústinni beina stefnu í Káraneskot. – Úr Árkvarnarlæk beint upp í há háls (Reynivallaháls) í Grenshæðir.
2. Að norðan: Úr há Grenshæðum í Teitsvörður, úr Teitsvörðum í gatnamótin fyrir ofan Míganda, úr þessum gatnamótum beint í Foldafoss í Hjaltadalsá, eftir Hjaltadalsá upp í Kjöl, þar sem áin hefur upptök sín. –
3. Að austan: Úr Hjaltadalsárupptökum í Kjölnum beint suður í Skálafellsvörðu, vestur Hryggi í Sauðhól vestast á Hryggjunum, þá Sandhól beint vestur í Gíslalæk og svo eftir Gíslalæk suður í Laxá.
4. Að sunnan ræður Laxá mörkum.

Reynivöllum fylgi Suðurnes allt, Norðurmýri og Sandhólmi og takmarkast þetta allt að sunnan og vestan af Laxá, en að norðan skilur skurðurinn (kílinn) frá Valdastaðalandi að austan, svo Valdastaðasef og skurður norðan við Sandhólma. Að austan liggur Sognsland. Liggja mörkin úr skurðbugnum (kíls) vestri niður undan Valdastöðum beint í dæld við efri bug Norðureyrarfljótsins (í Baulnesi vestast).

Reynivallakirkja á samkvæmt Gisla máldaga og öðrum skjölum. Laxveiði í Laxá í Kjós frá sjó upp að og í Laxfossi að þriðjungi, Kjósarsker, Kastarskurð, í Vindás landareign í Þorlaksstaðalandi, þriðji í Valdastaðalandi.

Tveggja mánaða beit öllu sauðfje um veturinn í Sandfellshlíð og skjólgjörð í Vindáslandi. – Fjörutíu sauðahöfn í Múlafjalli og skal sá telja eftir hverja hríð, er á Múla býr. – Níutíu lambarekstur í Lambatungur í Eilífsdal. – Tólf hrossa beit um vetur í Þúfulandi. Sex hrossa beit í Eyrarlandi. – Hún á Hrosshólma og hris á Maríuhjalla í Brynjudal.

Reynivöllum 21. júní 1922.

Samþykkir framan og ofanskráðu brjefi

Ólafur Matthiasson eigandi Fossár.

Eiríkur Sigurðsson eigandi Hvitaness

Andrjes Ólafsson hreppstj. Umráðam. Vindás

Sveinbjörn Guðmundsson eigandi að ½ Hurðarbaki

Halldóra Halldórsdóttir eigandi að ½ Valdastöðum

Steini Guðmundsson eigandi að ½ Valdastöðum

Jakob Guðlaugsson eigandi að hálfum Sogni

Jón Halldórsson eigandi Káranesi

Þórður Oddsson eigandi að Eilífs-dal

Ásgeir Eyjólfsson eigandi að Þorlaksstöðum

Eggert Finnsson eigandi og ábúandi Meðalfells



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurjón Ingvarsson eigandi að hálfu Sogni
Geo. Copland eigandi Neðra Háls og Laxness
Björn Ólafsson eigandi að 1/3 af Hækingsdalnum (handsalað)
Erlendur Árnason Eigandi 2/3 af Hækingsdal

Hinn 12. júlí 1927 fyrirfram innfært

Gjald: 3 – þrjár krón

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 80

Landamerkjalyking milli ytri og innri Tindsstaða í Kjalarneshreppi.

Mörkin skýrast þannig:

Vestanverðu við há Dýjadalshnúk beina línu í Nóngilslæk þar sem hann rennur ofan af Tindastaðadalsbrún og svo eftir Nóngilslæk niður fyrir tún, síðan eftir fornum lækjarfarveg ofan í Miðdalsá.

Tindastöðum 20. júní 1927.

Ásmundur Ólafsson

Daníel Magnússon

Vottar:

Þórður Guðbrandsson

Magnús Magnússon

Lesið á manntalsþingi Kjalarneshrepps 23/6-1927 – og síðan ritað í Landamerkjabók Gullbr. og Kjósarsýslu nr. 78.

Gjald: 3 – þrjár krónur
greitt



Nr. 81
Landamerkjaskjal.
[Norðurkot]

Norðurkot við Þórustaði tilheyrir land alt innan girðinga, sem nu er frá markagarði þeim, sem er á milli Kálfatjarnar og Tíðagerðis, að norðaustanverðu við hinn svonefnda „Vatnsгарð“, alt suður að vírgirðingu þeirri, sem Björn Jónsson hefur sett yfir túnið í milli Norðurkots og austurbæjarparts Þórustaða.

Úr neðri enda nefndrar vírgirðingar eru mörkin beina stefnu í útnorður niður á sjáfarbakkann, sem þar er fyrir neðan, í austurhornið á grjótgirðingu, sem þar er á bakkanum, gjörð í kringum túnblett, sem Eyjólfur á Þórustöðum hefur ræktað þar, upp úr gömlum tóftum.

Túnmörk þessi stefna beint „Geitil“ en þannig nefnist útsker eitt, sem er norðanvert við Þórustaðatanga.

Innan áðurnefndra girðinga fylgir túnið og Vatnagarðurinn nefndu býli Norðurkoti, alt frá túngarði þeim, sem hlaðinn er landsunnan megin við býlið, alla leið niður á sjávarkamp.

Samt er hjer frá undanskilið, tún það húsastæði og kálgarður, sem útmælt hefur verið býlinu „Tíðagerði“ sem liggur innan frammannefndrar girðinga, og er það að stærð hjer um bil 2400 □ faðmar, fyrir utan útfærslu þá, sem síðar var útmæld, landsunnan megin við Tíðagerðistúnið, handa því býli.

Í óskiftu heiðarlandi utan túns, hafa nefnd býli, Norðurkot og Tíðagerði, beitarrjett fyrir fjenað sinn, að tiltölu við hina ¼ hluta Þórustaða-torfunnar.

Landamerki þessi eru þannig samin af mjer undirskrifuðum, eiganda að Norðurkoti, Tíðagerði og austurbæjarparti Þórustaða

Til staðfestu er mitt undirskrifaða ^{eiginhandar} nafn.

Landakoti á Vatnsleysuströnd 30. maí, 1916.

Guðm. Guðmundsson

Ráðuneytið fellur frá sekt fyrir vanrækslu á að stimpla skjal þetta innan lögákveðins tíma
Fjármálaráðuneytið 26/8-'27

F.h.r.

Gísli Ísleifsson

Hinn 2/9-'27, fyrirfram innfært í Litra C I nr



Nr. 82

[Lykkja og Krókur]

Samkvæmt skipunarbrjefi sýslumannsins í Kjósarsýslu dags. 28. okt. sl. höfum við undirritaðir komið saman að Lykkju föstud. 5. nóv. til þess að athuga og taka út merki þau um slægjuland milli jarðanna Lykkju annarsvegar og Króks hinsvegar, sem liggur vestanvert við Lykkju. Voru og mættir báðir landráðendur þeir Magnús Magnússon Lykkju og Guðbjartur Jónsson Króki. Varð frá hálfu þeirra beggja samkomulag um ágreining þennan og ákveðasta landamerkin nú þannig:

„Að sunnan og vestan eftir því sem getur í landskifta gjörð frá 16.-20. júlí 1917. Að norðan ræður bein stefna úr Grásteini á Árnamel, um slakka fyrir norðan há Langa-Skygnishól í torfvörðu í mýrarsundi ofanverðu. Að austan bein stefna úr áðurnefndri torfvörðu um stein, sem reistur er austanvert á hól fyrir austan áðurnefndan Langa-Skygnishól og sem austurhorn girðingar þeirrar, sem gerð hefir verið kring um túnið á Litla Ási í torfvörðu þá, sem getið er um í fyrirgreindri landskiftagjörð.“

Hlutaðeigendur skuldbinda sig til að reka niður staura á báðum þessum endamörkum, strax í dag, en síðar við tækifæri að leggja girðingu eftir línunum þessum, þar sem hornstaurar sjeu merktir.

Gert í Lykkju 5. nóv. 1927

Kr. Þorkelsson

Kolb. Högnason

Ólafur Bjarnason

Samþykkir ofanrituðu:

fyrir Lykkju: Magnús Magnússon

fyrir Krók: Guðbj. Jónsson

Vitundarvottur:

Málmhildur Magnúsdóttir

Stefanía Ólafsdóttir

Hinn 29/11 1927 er skjalið fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbr. og Kjósarsýslu Litra A.
82

Gjald: 3 – þrjár – krónur

Greitt

Magnús Jónsson



Nr. 83

[Flekkudalur og Grjóteyri]

Ár 1924, mánud. 5. dag júlím. voru staddir á Grjóteyri, úttektarmenn Kjósarhrepps, þeir Pjetur Magnússon á Eyri og Sigurður Guðmundsson á Möðruvöllum ásamt Andrjesi Ólafssyni á Neðra-Hálsi, sem með brjefi sýslumanns dags. 1. s.m. hafði verið skipaður oddamaður við landskifti jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar, til þess eftir ósk Jón Magnússonar bónda á Grjóteyri, og samkv. landskiptalögum nr. 43, 10. marz 1913, að skipta áður óskiptri landspildu milli ofangreindra jarða.

Viðstaddir skiptin voru eigandi og ábúandi Flekkudals Ólafur Einarsson og fyrir hönd eiganda og ábúanda Grjóteyrar Jóns Magnússonar, Magnús Blöndal á Grjóteyri.

Landspilda þessi, sem liggur innan glöggra og ágreiningslausra merkja samkv. landamerkjabryjefi, neðanvert við tún jarðanna niður að Meðalfellsvatni er að stærð 11 ha. 96a., var skipt sem mest til helminga milli jarðanna og landstærð, með því að jarðirnar eru jafnar að landmati, þannig, að nú verða hin gildandi merki á milli jarðanna á þessu svæði þessi: Frá girðingarstólpa þar sem mætast Flekkudals og Tutlutún bein lína í merkjahnausa ofanvert við Flekkudalsmóholt, þaðan lína í merkjabúfu austanvert við Móveg og neðanvert við Kaplaskjólspúfu, þaðan 90 m. niður með veginum austanverðum. Þaðan til vesturs að merkjalínu frá vesturhorni Flekkudalstúns í Vatnsbakkaskarð 70 m. frá Meðalfellsvatni, og þaðan beint í Vatnsbakkaskarð.

Tilheyrir Grjóteyri alt sem er austan þessara merkja, en Flekkudal það sem er vestan þeirra og skulu landeigendur samkv. landskiptalögum gjöra þessi merki svo skýr að ekki verði um villst.

Til staðfestu undirskrifa.

Andrjes Ólafsson, Pjetur Magnússon, Sigurður Guðmundsson

Samþykktur

Jón Magnússon eigandi og ábúandi Grjóteyrar sömuleiðis Ólafur Einarsson Eigandi og ábúandi Flekkudals

Rjett eftirrit úttekabókar F.h. Kjósarhrepps, vottar Andrjes Ólafsson hrepstjóri.

Hinn 6/2-'28 er skjalið fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra A.
83

Gjald 3- þrjár – krónur
greitt



Nr. 84
[Grafarholt og Hólmur]

Hafnarfirði 13. des. 1927.

Hjermeð tilkynnist yður, herra hreppstjóri, f.h. sonar yðar, B.B. Birnir bónda í Grafarholti, að Atvinnu- og Samgöngumálaráðuneytið hefir 19. f.m. skrifað mjer þannig:

„Út af samningi þeim gerðum í júní þ.á. milli yðar, herra sýslumaður, og Björns Bjarnasonar eftir umboði B.B. Birnis, um breytingu á landamerkjum milli Grafarholtslands og Hólmslands, vill ráðuneytið samþykkja breytingu þessa, þannig að merkin ákveðist framvegis þannig:

Bein lína frá ánni Bugðu, öðru nafni Hólmsá upp að landi Reynisvatns í Gráskjölduhæð. – Liggur sú lína yfir veginn við ána, 125 metra fyrir austan vatnsaugað undir honum, sem vatnsrásin úr Almannadal fellur um, og 65 metrum fyrir vestan stóran stein (með vörðubroti), sem mest ber á uppá hæðinni milli Almannadals og Mjóadals.

Magnús Jónsson

Til herra hreppstjóra Björns Bjarnasonar, Grafarholti.

Hinn 6/2-'28 er skjalið fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra A. 84.



Nr. 85
[Krókskot]

Vjer undirritaðir, jeg Loftur Loftsson, og jeg Haraldur Böðvarsson fyrir hönd og í umboði konu minnar Ingunnar Sveinsdóttur í Reykjavík sem eigendur Sandgerðisjarða annarsvegar og mjer Árni Magnússon og Berent Magnússon fyrir hönd og í umboði móður okkar Vilborgar Berentsdóttir, sem eiganda Krókskotsjarðar hinsvegar, höfum í dag komið okkur saman um, að landamerki nefndrar Krókskotsjarðar í Miðneshreppi skuli vera þannig:

1. Landamerki jarðarinnar að norðan takmarkast af beinni línu (merkjalínu milli Landakots og Krókskots) sem er dregin úr merktum steini er liggur á norðvesturhorni Krókskots meðfram norðurgafli Torfkofans, sem stendur á norðausturhorni túnsins og yfir túngarðinn að veginum sem liggur fyrir austan túnið, að austan ræður vegurinn þangað til kemur að gömlu garðlagi fyrir norðaustan Veghús; að sunnan eftir nefndu garðlagi, þangað til bein lína myndast af austurtúngarðinum og í suðausturhorn hans, frá því horni meðfram suðurtúngarðinum, það sem hann nær til vesturs og niður í suðvesturhornið á matjurtagarðinum – fyrir neðan (vestan túnið); að vestan frá nefndu horni á matjurtagarðinn og meðfram honum til norðurs í norðvesturhornið á nefndum matjurtagarði; úr því horni bein lína til norðurs í áðurnefndan merktan stein á norvesturhorni jarðarinnar.
2. Fjöruerki jarðarinnar skulu vera þannig: Bein lína frá vesturtakmörkum jarðarinnar í sjó fram, er sje dregin úr norðvesturhorni íbúðarhússins í Krókskoti sjónhending á svokallaða Skarfakletta sunnarlega á Bæjarskerseyri og skal fjörulóðin vera 50 faðma breið uppúr og niðurúr, frá nefndri línu til suðurs.
3. Heiðarland á jörðin sameiginlega við aðrar jarðir Sandgerðishverfis eftir hundraðatali hlutfallslega.
4. Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða frumritum. – Heldur sinn aðili hvoru.

Til staðfestu undirritum við nöfn okkar í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta.

Sandgerði 24. júní 1922.

Fyrir Sandgerðisjörðina og Bakkakot

Loftur Loftsson

f.h. Ingunnar Sveinsdótt. Haraldur Böðvarsson skv. umboði.

Fyrir Krókskotsjörðina.

f.h. Vilborgar Berentsdóttir Árni Magnússon, Berent Magnússon

Vitundarvottar:

Björn Hallgrímsson

Sig. Kjartansson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ráðuneytið fellur frá sekt fyrir vanrækslu á að stimpla skjal þetta innan lögákveðins tíma.
Fjármálaráðuneytið, 24. Júní 1927.

F.h.r.

Gísli Ísleifsson

Hinn 15/5-´28 er skjalið fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra
A. nr. 85



Nr. 86
Landamerkjalysing
[Gufunes og Keldur]

Við undirritaðir, Knud Ziemsén borgarstjóri, í umboði bæjarstjórnar Reykjavíkur og Ólafur Jónsson á Keldum, höfum komið okkur saman um, að landamerki milli eignarjarðar Reykjavíkurbæjar, Gufunes í Mosfellshreppi og eignarjarðar Ólafs Jónssonar, Keldna í sama hreppi, skuli vera bein lína úr Nónvörðu á Ásendum, þar sem koma saman girðingar milli þessara jarða og Korpúlfsstaða og í Kattarnef við Grafarvog, þar sem það skagar lengst fram, og verður sett fast merki á Kattarnef í stefnu merkjalínunnar.

Reykjavík, 2. Júní 1928

K. Ziemsén

Ólafur Jónsson

Hinn 11/6-'28, fyrirfram innfært í Litra D^AI nr. 86.



Nr. 87

Útdráttur úr dómabók Gullbringu- og Kjósarsýslu.
[Esjuberg, Móar og Mógilsá]

Árið 1922, laugardaginn 2. september, var fyrir merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu í landamerkjamálinu:

Eiríkur Bríem vegna jarðarinnar Esjubergs
gegn
Sigríði Jónsdóttur vegna jarðarinnar Móa og
Erlends Jónssonar vegna jarðarinnar Mógilsár
uppkveðinn svofeldur dómur:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki á milli jarðanna Esjubergs í Kjalarneshreppi annarsvegar, og Mógilsár og Móa í sama hreppi hinsvegar, að því er samliggjandi land jarða þessara snertir, skulu vera þau er hjer greinir:

Á milli Esjubergs og Móa, úr Leiðhömrum, þar sem þeir eru hæstir fram við sjóinn og sjór fellur að þeim beina línu í norðvestur í Varmhóla þar sem þeir eru hæstir yfir sjávarmáli að vestanverðu, þaðan ræður bein lína í stefnu á Brautarholtsborg

Magnús Jónsson
Bogi A.J. Þórðarson
Halldór Jónsson

Rjettan útdrátt staðfestir
Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. sept. 1928
Magnús Jónsson

Gjald: 1 – ein króna
greitt
M.J.

Hinn 26/10-´28 fyrirfram innfært í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 2 Litra A nr. 87.



Nr. 88

[Mosfellsbringur og Seljabrekka]

Hálfván Helgason sóknarprestur á Mosfelli

gjörir kunnugt:

Að samkvæmt samkomulagi, sem orðið hefir í dag milli mín og ábúenda jarðanna Mosfellsbringna og Seljabrekku skulu landamerki milli téðra jarða vera þessi: Úr Blásteinsvörðu, sem hefir verið hlaðin í dag neðst í Blásteinsbringum, beina línu í Jakkavörðu, sem einnig hefir verið hlaðin í dag og þaðan beina línu í Markastein, sem er landamerkjasteinn milli Mosfellsbringna, Seljabrekku og Laxness. – Auk þess hefir verið hlaðin varða milli Jakkavörðu og Markasteins til leiðbeiningar um stefnu milli tveggja síðast taldra merkja.

Af bréfi þessu eru til þrjú samhljóða frumrit.

Til staðfestu ofanrituðu ritum vér nöfn vor.

(sign) Hálfván Helgason Mosfelli

sign Hallur Jónsson Mosfellsbringum

(sign) Guðm. Þorlaksson Seljabrekku

Viðstaddir vottar:

(sign) G. Þorkelsson

Kjartan Magnusson

Hinn 8/11-´39 fyrirfram innfært í Litra D nr. 84.



Nr. 89

[Ásgarður og Hólabrekka]

Landamerki milli jarðanna Ásgarðs og Hólabrekku á Garðskaga í Miðneshreppi eru sem hér segir:

- I. Úr hornstaur 30 f.m. fyrir sunnan Skálareykjarétt, bein lína eftir girðingu í suðausturhorn í grjótgarð sem er umhverfis Þingholtslóð.
- II. Úr hornstaur 5 fm. vestanvert við áðurn. grjótgarð en 5 fm. sunnan við hann, bein lína eftir girðingu til vesturs. Nær sú girðing (sem er milligirðing“ að túngirðingu Ásgarðs – að vestan, ofan við sjávarkamb, enda er greinilegur hornstaur á milligirðingunni

Ásgarði 1. jan. 1938

Ólafur Gunnlaugsson

Jónas Bjarnason

Hinn 9. sept. 1940 er skjalið fyrir fram innfært í Landamerkjabók A Litra A. Nr. 89 (sjá Litra 62-402 í veðm.bók).

Gjald: Þinglestur	kr. 4,20
Stimpill	kr. <u>1,40</u>
	5,60

Greitt d.u.s.

Om. flt.



Nr. 90
[Vilborgarkot]

Við undirskrifaðir Gunnar S. Sigurðsson Gunnarshólma sem leiguhafi að Vilborgarkotslandi í Mosfellss. og ég Úlfar Bergsson eigandi Vilborgarkots í Mosfellssveit gjörum svofeldar breytingar á leigusamningi er getur um í leigusamningi upphaflega við Þóru Árnadóttur útg. 26/7 1935, að landamerki verði sem hér segir úr eystra horni á girðingu sem umlíkur land frú Jakobsen og kallaður er Dalur í beina línu í miðja Sólheimatjörn

Reykjavík 11 júní 1940.

Úlfar Bergsson

Gunnar S. Sigurðsson

Hinn 30 september er skjalið fyrirfram innritið í Landamerkjabók Litra E2. nr. 439

Gjald: Þinglestur	kr. 4,20
Stimpill	kr. <u>1,40</u>
	5,60

Greitt d.u.s.

Om.



Nr. 91

[Hafurbjarnarstaðir og Kirkjuból]

Við undirritaðir, ég Vilhjálmur Chr. Hákonarson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Hafurbjarnarstaðir í Miðneshreppi í Gullbringusýslu og ég Þorvaldur H. Jónsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Kirkjuból í sama hreppi, gerum hér með milli okkar og vegna nefndra jarða, svo felt samkomulag, viðvíkjandi ágreiningi, sem risið hefir milli okkar, út af svo nefndu Lambarifi á Garðskaga o.fl.

Framangreindar jarðir skulu eiga að öllu leyti, jafnan rétt til frammanefnds Lambarifs og allra hlunninda í sambandi við það.

Ábúandi Kirkjubóls, skal hafa rétt til umferðar, eftir sjávarbökkum og fjörum fyrir landi Hafurbjarnarstaða, til ferða út á Lambarif og frá því.

Undirritaður Þorvaldur H. Jónsson, lýsi því yfir, að ekki verða gerðar af hans hálfu né vegna jarðarinnar Kirkjubóls, neinar frekari kröfur til lands eða ítaka á Garðskaga.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar í stað.

Til staðfestu eru nöfn undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

P.t. Reykjavík 21. september 1943.

Vilhjálmur Chr. Hákonarson

Þorv. Helgi Jónsson

Vitundarvottar:

Þórólfur Ólafsson

Jón Hallvarðsson

Mótttekið 12/11 1943 kl. 14 og fyrirfram innritað til þinglesturs á manntalsþingi

Miðneshrepps 1944. Litra M.2 nr. 11.

Gjöld: Þinglestur kr. 16.80, Stimpill kr. 1.40

Samtals kr. 18.20

Greitt d.u.s.

Oddgeir Magnússon ftr.



Nr. 92
[Mógilsá og Kollafjörður]
Endurrit af dómabók hæstaréttar
í málinu nr. 129/1942.
Jarðakaupasjóður ríkisins
gegn
db. Erlends Jónssonar

Ár 1944, mánudaginn 13. nóvember, var í hæstarétti í málinu nr. 129/1942:
Jarðakaupasjóður ríkisins
gegn
db. Erlends Jónssonar
uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 og krafist þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsalagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnds eftir mati hæstaréttar.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn í málinu krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sönnunarbyrði um það, að Hvítá hafi breytt farvegi sínum síðan 1889, hvílir óskoruð á áfrýjanda. Með gögnum þeim, sem fram eru komin af hans hálfu í máli þessu, eru að vísu líkur að því færðar, að breyting hafi orðið á rennsli árinna á þessum tíma, en ekki þykja fullar sönnur að því leiddar, þar sem skýrslur vitna eru andstæðar sín á milli um þetta atriði. Ber því staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en að laun skipaðs málflutningsmanns stefnda kr. 1.800.00 greiðist úr ríkissjóði.

Það verður að teljast mikinn galla á meðferð máls þess að málsflytjendur hafa sjálfir aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og sannprófa þau.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málsflutningslaun skipaðs málsflytjanda stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmans Einars Ásmundssonar, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Að dómurinn sé samhljóða dómabókinni vottar hæstaréttarritari 13. nóv. 1944.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Greitt H.F.
Hákon Guðmundsson

Hinn 30. júlí 1945 er skjalið fyrir fram innritað til þingl. Litra 62-70

Gjald:

Oddgeir Magnússon sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu

Nr. 93

minni Útdráttur

Útskrift úr dómabók Gullbringu- og Kjósarsýslu

Dómur í landsmerkjamálinu nr. 1/1941

Erlendur Jónsson, eigandi jarðarinnar Mógilsá

gegn

landbúnaðarráðherra f.h. Jarðakaupasjóðs ríkisins, eiganda Kollafjarðar.

Ár 1942, miðviku-daginn 30. sept. var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var að Brautarholti í Kjalarneshreppi af settum sýslumanni Jóh. Gunnari Ólafssyni sem formanni dómsins með meðdómsmönnum Ólafi Bjarnasyni og Jónasi Magnussyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 27. apríl 1942.

...

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norður meðfram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til upptaka og úr því stytta lína í Esjubrún.

Málskostnað greiði stefndur landbúnaðarráðherra f.h. Jarðakaupasjóðs ríkisins kr.
2.604.75

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jóh. Gunnar Ólafsson settur

Ólafur Bjarnason

Jónas Magnússon

Rétta útskrift staðfestir

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. okt. 1942.

Jóh. Gunnar Ólafsson settur L.S.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald:

Ritlaun kr. 12.00

Stimpilgj. kr. 0.70

kr. 12.70

tólf kr. og sjötíu aurar –

Greitt

J.G.Ó.

Hinn 30. júlí 1945 er skjalið fyrirfram innritað til þinglýsingar á manntalsþingi Kjalarn.hr. Litra
62-77

Gjald:

Oddgeir Magnússon ftr



Nr. 93

[Klöpp, Arnarbæli og Flankastaðir]

Ár 1957, manudaginn 29. apríl voru úttektarmenn Miðneshrepps, þeir Gunnlaugur Jósefsson og Húnbogi Þorleifsson mættir skv. beiðni sýslumanns, til þess að ganga á merki milli jarðanna: Klappar, Arnarbælis og Norður-Flankastaða að norðan og Efri- og Neðri-Flankastaða (Suður-Flankastaða) að sunnan. Ennfremur voru mættir eigendur ofangreindra jarða, þeir Einar Magnússon og Ari Einarsson vegna Klappar, Guðmundur Eyjólfsson vegna Arnarbælis og Egill Pálsson vegna Norður-Flankastaða. Jafnframt mætti Ragnar Ólafsson hrl. með ofangreindum landeigendum. Ennfremur er mætt Ingibjörg Magnúsdóttir vegna Neðri-Flankastaða og Ingibjörn Þ. Jónsson vegna Efri-Flankastaða fyrir sig og Árna Jónsson. Þá var einnig viðstaddur vegna Sandgerðisjarða, Bergur V. Sigurðsson. Til aðstoðar sem mælingamaður var Sigurgeir Guðmundsson, byggingafræðingur.

Síðan var gengið á mörkin eftir því, sem landamerkjabréf segir til um, og var samkomulag um að ákveða landamerkjalínuna sem hér segir: Landamörk á klöpp úti í fjöru og er klappað á hana M. Þaðan bein lína í grjótvörðu, sem kölluð er Efri-Ósvarða og þaðan sömu stefnu áfram beina línu upp í hreppamörk. Var byggingafræðingnum, Sigurgeir Guðmundssyni, sem fylgdist með hvernig mörkin voru ákveðin samkv. framansögðu, falið að mæla upp markalínuna, teikna hana inn á uppdrátt, og jafnframt að ganga frá greinilegum merkjum á landinu.

Ofanritað ^{samkomulag} staðfesta undirritaðir með undirskrift sinni.

Klöpp Miðneshreppi, D.u.s.

Egill Pálsson (sign)

Ari Einarsson (sign)

Guðmundur Eyjólfsson (sign)

Einar Magnússon (sign)

Ingibjörn Þ. Jónsson (sign)

Ingibjörg Magnúsdóttir (sign)

Bergur V. Sigurðsson (sign)

Ingibjörn Jónsson óskar að gera þá athugasemd, að hann telji, að Efri-Ósvarða muni hafa verið þar sem torfvarða, er núna, en innsiglingavarða hafi verið þar sem talin er Ósvarða hér að framan. Hinsvegar viðurkennir hann, að síðan árið 1916, að hann kom að Flankastöðum, hafi hann heyrt ofangreinda grjótvörðu kallaða merkjavörðu Efri-Ósvörðu, eins og hér er gert að ofan.

Sama stað og stund að ofan.

Gunnlaugur Jósefsson (sign)

Húnbogi Þorleifsson (sign)



Nr. 94

[Miðneshreppur og Gerðahreppur – hreppamörk]

Ár 1957, miðvikudaginn 18. september mættu í Sandgerði mælingamenn þeir, sem hafa haft með höndum að setja út og teikna inn á kort hreppamarkalínu milli Miðneshrepps og Gerðahrepps, þeir Sigurgeir Guðmunds. byggingafræðingur og Bragi Guðmundsson, verkfræðingur, sem hann kvaddi sér til aðstoðar, og var lagt til grundvallar bréf landshöfðingja dags. 3. des. 1886, nr. 147 í B-deild stjórnartíðinda. Mælingamennirnir fóru á staðinn eftir því sem örnefni í téðu bréfi segja til ásamt umboðsmönnum frá hlutaðeigandi hreppum, þeim Birni Finnbogasyni, oddvita, og Júlíusi Eiríkssyni fyrir oddvita Miðneshrepps. Var fyrst bent á, hvar örnefnið „Kalka“ hefði verið og kom umboðsmönnum hreppanna saman um hvar ^{sá} staður væri og síðan miðuðu mælingamenn við þann stað. Hinn enda punktinn, Skalareykjarétt, var sömuleiðis ákveðinn án ágreinings af sömu umboðsmönnum aðilja. Síðan var mæld og teiknuð inn á kort hreppamarkalína samkvæmt þessu. Í dag var gengið frá tveimur varanlegum merkjum, – rekið niður tommurör og steipt í kring – á þessum stöðum á hreppamarkalínunni: Hið efra merki er skammt sunnan við loftskæptastöðu hernámsliðsins eða 16,60 metra norðan við spennistöð í rafmagnslínu en neðra merkið er á mel norðaustan við Skiphól og jafnframt er ákveðið að ganga frá sams konar merki í Skalareykjarétt.

Þeir Ólafur Vilhjálmsson, oddviti Miðneshrepps, og Björn Finnbogason, oddviti Gerðahrepps, lýsa yfir og staðfesta með undirskrift sinni, að þeir séu sammála ofanritaðri bókun og að þeir hafi fylgst með framkvæmd verksins, sem gerð hafi verið án nokkurs ágreinings. Þess skal að lokum getið að til staðar er hér yfirlitskort, þar sem téð hreppamarkalína er teiknuð inn með rauðu og jafnframt kort milli Miðnes- og Gerðahrepps í heiðinni við rafstöðina.

Sandgerði, 18. september 1957

Björn Finnbogason

Ólafur Vilhjálmsson

Sigurg. Guðmundsson

Bragi Guðmundsson



Nr. 95
[Lambhagi og Úlfarsá]

Reykjavíkurborg, sem eigandi jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík og heilbrigðismálaráðuneytið sem eigandi jarðarinnar Úlfarsár í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, gera með sér eftirfarandi

Samkomulag:

Merki milli Lambhaga og Úlfarsár (áður Kálfakot) skulu vera: Mið Úlfarsá í stefnu áveitustíflugarðs í ánni beina línu í markstein upp á nyrðra Hákinnahorni og eru hnit markapunkta samkvæmt Reykjavíkurgerfi frá 1951 þessi:

Markapunktur í miðri Úlfarsá í stefnu á stíflu:

$X = 13.188,9 \text{ m}$ $Y = 16.438,6 \text{ m}$

Markasteinn á nyrðra Hákinnahorni

$X = 11.986,4 \text{ m}$ $Y = 18.379,1 \text{ m}$

Uppdrættir gerðir af K. Hauk Péturssyni verkfræðingi, annar í des. 1966 í mælikvarða 1:1000 af svæðinu við nyrðra Hákinnahorn og hinn í júní 1967 í mælikvarða 1:10.000 af markalínu milli nefndra jarða, skulu vera hluti af samkomulagi þessu. Samkomulag þetta er gert í tveim samhljóða eintökum, og skal það innfært í landamerkjaskrá Kjósarsýslu og Reykjavíkur og þinglýst í báðum umdæmum.

Reykjavík 12. ágúst 1969.

f.h. Reykjavíkurborgar.

Páll Línadal eu stimpill

f.h. heilbrigðismálaráðuneytisins

Baldur Möller (sign)

Jón Thors (sign) stimpill

Vottar:

Friðrik Ólafsson (sign)

W.Th. Möller (sign)

Þingl. 18/8 '69 kl. 11.

Merkt Litra L6-104